

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B79-83

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 79-83

Nr. 620-656

2005

Efnisyfirlit B 79–83 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
620	28. júní	Reglugerð um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og bein- greiðslur til bænda verðlagsárið 2005-2006	1353-1356
621	28. júní	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1357-1358
622	28. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg, Akureyri	1358
623	30. júní	Reglugerð um útgáfu Lögbirtingablaðs	1359-1360
624	30. júní	Gjaldskrá fyrir Lögbirtingablað	1360-1361
625	29. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 723/1997, um tollaf- greiðslugengi	1361
626	29. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1043/2004 um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til að sjónmæla	1362
627	30. júní	Reglugerð um ákvörðun kílómetragjalds og skyldur öku- manna	1362-1367
628	30. júní	Reglugerð um eftirlit með notkun á litadri gas- og dísilolíu .	1368
629	30. júní	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	1369
630	1. júlí	Reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik	1369-1380
631	4. júlí	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1381
632	24. júní	Auglýsing um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit	1382
633	22. júní	Hafnarreglugerð fyrir Stykkishólsmshöfn	1383-1387
634	22. júní	Hafnarreglugerð fyrir hafnir Austurbyggðar	1387-1391
635	30. júní	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarða- svæðis	1391-1400
636	21. júní	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundar- sköp Borgarbyggðar, nr. 362/2001, með síðari breytingum	1400-1403
637	20. júní	Reglugerð um verkunarstöðvar fyrir hreindýrakjöt	1404-1407
638	1. júní	Auglýsing Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa	1407-1408
639	29. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyr- armölum, Flókagata 7, Hafnarfirði	1409
640	28. júní	Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði	1409-1410
641	27. maí	Reglur um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri	1410
642	27. maí	Reglur um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akur- eyri	1410
643	30. júní	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Vatns- endi	1411
644	15. júní	Reglur um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfn- unarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003	1411-1412

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2005-2006.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 2005-2006 skal vera 111 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 2004-2005.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla. Sé ábúandi lögbýlis annar eiginandi/eigendur þess þarf samþykki beggja/allra fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli. Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýli og skal það sérstaklega skráð á nafn hans. Leiguliða er heimilt að selja sérskráð greiðslumark án samþykkis jarðareiganda. Þó skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt við ábúðarlok leiguliða á því markaðsverði sem síðast liggur fyrir samkvæmt könnun sem Bændasamtök Íslands annast. Tilkynna skal um aðilaskipti að greiðslumarki til Bændasamtaka Íslands á þar til gerðum eyðublöðum sem Bændasamtök Íslands láta í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Tilkynningu um aðilaskipti skal fylgja undirritaður samningur þar um, þar sem m.a. skulu koma fram nöfn sammingsaðila, kennitala, heimili og lögbýlisnúmer, dagsetning sammings og gildistaka, kaupverð, verð á lítra mjólkur og heildarmagn, undirskrift kaupenda og seljenda ásamt staðfestingu vitundarvotta. Einnig skal fylgja staðfesting um eignarhald að lögbýlinu. Þá skal seljandi leggja fram þinglýsingarvottorð fyrir það lögbýli sem greiðslumark er selt frá og skriflegt samþykki allra veðhafa fyrir sólunni.

Tilkynningar um aðilaskipti að greiðslumarki, fyrir verðlagsárið 2005-2006, ásamt fylgigögnum skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands í síðasta lagi fyrir 20. júní 2006 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

Bændasamtökum Íslands er heimilt að birta yfirlit yfir viðskipti með greiðslumark og verð á því. Upplýsingar sem þannig eru birtar skal ekki vera hægt að rekja til einstakra aðila.

3. gr.

Nýting greiðslumarks.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda lágmarksverð fyrir mjólk sem miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi. Fyrir aðra mjólk sem ekki stenst kröfur sem 1. flokks mjólk greiðir afurðastöð verð allt niður að leyfilegum afföllum frá verði 1. flokks mjólkur.

Greiðslutilhögun afurðastöðvar vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

- a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hafa forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
- b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra samlagssvæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
- c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild framkvæmdanefndar búvörusamninga, sbr. 3. mgr.

Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir, samkvæmt staflíðum a-c að ofan skal markaðsfærð erlendis. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur þó gefið skriflega heimild til sölu þessara vara innan lands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Öll mjólk sem seld er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli skal reiknast með í uppgjöri greiðslumarks fyrir lögbýlið.

Mjólk sem unnið er úr til sölu á sama lögbýli og framleiðsla fer fram telst til framleiðslu innan greiðslumarks. Bændasamtök Íslands safna skýrslum um framleiðsluna.

4. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark lögbýla sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár fellur niður, enda hafi Bændasamtök Íslands tilkynnt eiganda lögbýlis um rétt til sölu eða geymslu greiðslumarksins. Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu lengst til 1. september 2005 og sætir það þá ekki sömu breytingum og annað greiðslumark.

5. gr.

Beingreiðslur.

Beingreiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðenda mjólkur og greiðist mánaðarlega úr ríkissjóði til handhafa beingreiðslna, sbr. 55. gr. laga nr. 99/1993. Beingreiðslur fyrir verðlagsárið 2005/2006 skulu vera kr. 3.900.000.000, að viðbættri verðtryggingu samkvæmt vísitölu neysluverðs, og miðast við grunnvísitölu 230,0 stig þann 1. janúar 2004. Verðbætur skulu reiknaðar mánaðarlega á grundvelli vísitölu sem gildir til verðtryggingar í greiðslumánuði. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

- a) 53,5% beingreiðslna skal greiða greiðslumarkshöfum óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 90% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 2005.
- b) 31,5% beingreiðslna skal greiða greiðslumarkshöfum eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 2005.
- c) 15% beingreiðslna skal ráðstafa til greiðslumarkshafa með eftirfarandi hætti: Greiða skal 16/30 hluta fjárhæðarinnar á innvegið magn mjólkur í mánuðunum nóvember

til og með febrúar. Finna skal meðalgreiðslu fyrir hvern dag í þessum mánuðum að teknu tilliti til breytinga á lágmarksverði mjólkur og þeirri fjárhæð sem þannig er fundin skal deilt á innvegið magn mjólkur í hverjum mánuði fyrir sig. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar. Á sama hátt skal greiða 4/30 hluta fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt samkvæmt stafliðum a og b að ofan hlutfallslega út á heildarframleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr. Verði mjólkurframleiðsla minni en sem nemur heildargreiðslumarki þannig að beingreiðslur ganga ekki út samkvæmt þessari reglu, skal ónotuðum beingreiðslum jafnað út á allt innvegið mjólkurinnlegg greiðslumarkshafa.

Framleiðendur geta einungis öðlast rétt til beingreiðslna fyrir mjólk sem framleidd er á því lögbýli sem greiðslumark fylgir innan verðlagsárs.

Öll mjólk sem seld er í afurðastöð frá viðkomandi lögbýli og heimaunnin mjólk samkvæmt ákvæðum 3. gr. skal reiknast með í uppgjóri greiðslumarks fyrir lögbýlið.

6. gr.

Handhafar beingreiðslna.

Beingreiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beingreiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beingreiðslna. Jafnframt skulu handhafar beingreiðslna tilgreina sérstakan reikning í bönkum eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

7. gr.

Uppgjör beingreiðslna.

Sjái handhafi beingreiðslna fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til 90% af beingreiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Bændasamtökum Íslands, sem þá skulu haga beingreiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber handhafa beingreiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

Afurðastöð skal senda Bændasamtökum Íslands tilkynningu um stöðvun mjólkurinnleggs, ef mjólkurinnlegg framleiðanda fellur niður í heilan mánuð eða lengri tíma.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Bændasamtök Íslands reikna út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna og láta afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra. Bændasamtök Íslands afla upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hafa eftirlit með uppgjóri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum og framleiðendum er skylt að láta Bændasamtökum Íslands í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf Bændasamtakanna og þær geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýla. Framleiðendur eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Bændasamtökum Íslands innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Bændasamtök Íslands endurskoða útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynna framleiðanda niðurstöðu sína. Berist Bændasamtökum Íslands ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutadeigandi verðlagsár. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar, sbr. 10. gr.

10. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til þeirra greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Úrskurði nefndarinnar, sem liggja skal fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi frá og með 1. september 2005 og gildir fyrir verðlagsárið 2005-2006. Jafnframt er felld úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 523/2004 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 2004-2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 2005.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur B. Helgason.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn kg</i>	<i>Verðtollur %</i>	<i>Magntollur kr/kg</i>
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.07.-30.09.05	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.07.-01.08.05	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	02.08.-30.09.05	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-30.09.05	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	01.07.-17.07.05	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	18.07.-24.07.05	ótilgr.	0	123
0704.1000	Blómkál	25.07.-30.09.05	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvítkál	01.07.-17.07.05	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	18.07.-24.07.05	ótilgr.	0	40
0704.9001	Hvítkál	25.07.-30.09.05	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	12.09.-30.09.05	ótilgr.	0	100
0704.9003	Kínakál	01.07.-10.07.05	ótilgr.	0	103
0704.9003	Kínakál	11.07.-30.09.05	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	01.07.-17.07.05	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál	18.07.-24.07.05	ótilgr.	0	197
0704.9004	Spergilkál	25.07.-30.09.05	ótilgr.	0	282
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-31.07.05	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.08.-07.08.05	ótilgr.	0	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	08.08.-30.09.05	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.05	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.05	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-21.08.05	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	22.08.-28.08.05	ótilgr.	0	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	29.08.-30.09.05	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.05	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Stefánsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Mýrarveg, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingar á deiliskipulaginu felast í því að við bætist lóð norðan lóðar nr. 115 við Mýrarveg, ætluð fyrir 5 hæða fjölbýlishús sömu gerðar og hús nr. 111–115.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. júní 2005.

Ármann Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um útgáfu Lögbirtingablaðs.

1. gr.

Almennt.

Lögbirtingablað skal gefið út rafrænt og það birt á veffanginu www.logbirtingablad.is.

Réttaráhrif auglýsinga í Lögbirtingablaði skulu bundin við rafræna útgáfu á vef Lögbirtingablaðsins. Ráðherra getur, ef brýna nauðsyn ber til, ákveðið að réttaráhrifin miðist við prentaða útgáfu blaðsins.

2. gr.

Áskrift.

Rafrænn aðgangur að Lögbirtingablaði skal bundinn við áskrift, og skal áskriftargjald ákvarðað í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þó er heimilt að gefa almenningi kost á að nálgast einstök tölublöð, á PDF-sniði eða öðru sambærilegu sniði, ókeypis á netinu.

Auglýsingar í Lögbirtingablaði skulu vera aðgengilegar áskrifendum á netinu í þrjú ár frá birtingu þeirra. Tölublöð á netinu, á PDF-sniði eða öðru sambærilegu sniði, verða aðgengileg frá upphafi rafrænnar útgáfu þeirra.

Þeir sem þessa óska geta keypt Lögbirtingablað í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu gjalds vegna kostnaðar af prentun þeirra og sendingu, sbr. gjaldskrá fyrir Lögbirtingablað. Útgáfudagur hvers tölublaðs skal ávallt tilgreindur.

Áskrifendur að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skulu hafa aðgang að flokkuðum auglýsingum. Heimilt er að takmarka aðgang að leit í auglýsingum ef það er nauðsynlegt vegna sjónarmiða um persónuvernd.

3. gr.

Útgáfa.

Rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skal, eftir því sem kostur er, hagað þannig að:

- a. birtar auglýsingar séu frá réttum og þar til bærum aðilum og að þær séu einungis aðgengilegar áskrifendum,
- b. útgefnu efni verði ekki breytt,
- c. komið verði í veg fyrir óheimila úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga,
- d. upplýsingar séu varðar gegn skemmdum, þjófnaði, eldi, náttúruhamförum og þess háttar atburðum,
- e. upplýsingar séu varðar gegn rafrænum árásum,

- f. alltaf séu til áreiðanleg og örugglega varðveitt afrit af birtum upplýsingum og hugbúnaðarkerfum.

Kerfisbundnar öryggisráðstafanir skulu gerðar reglulega til að tryggja áreiðanleika birtra upplýsinga, til að koma meðal annars í veg fyrir aðgang, breytingu, samtengingu eða miðlun upplýsinga án heimildar og að tryggja að skilyrðum 1. mgr. verði að öðru leyti fullnægt eftir því sem kostur er.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, öðlast gildi 1. júlí 2005.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

Nr. 624

30. júní 2005

GJALDSKRÁ fyrir Lögbirtingablað.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 2 kr. fyrir stafabil:

Áskorun

Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti

Auglýsing/tilkynning varðandi fjármála-
starfsemi

Búfjármörk

Dómsbirting

Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala

Félagsslit

Firmaskrá

Framhald uppboðs

Fyrirkall

Greiðsluáskorun

Happdrætti

Hlutafélög

Húsbréf

Innköllun

Kaupmáli

Laus störf, stöður, embætti o.fl.

Mat á umhverfisáhrifum

Nauðasamningar

Nauðungarsala

Skiptafundur

Skiptalok

Skipulagsauglýsing

Starfsleyfi

Stefna

Svipting fjárræðis

Umferðrauglýsingar

Vátryggingafélagaskrá/

vátryggingamiðlaraskrá

Veðhafafundur

Ýmsar auglýsingar og tilkynningar

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar sem sendar eru inn í gegnum fyrirfram skilgreind auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðist sem hér segir:

Aukatilkynning hlutafélagaskrár

1.000 kr. fyrir hverja tilkynningu

Búfjármarkaskráning

500 kr. fyrir auglýsingu

Firmaskráning

1.000 kr. fyrir auglýsingu

Hlutfélagaskráning	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Innköllun dánarbús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Innköllun þrotabús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Naðungarsala	1.000 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Skiptafundur þrotabús	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok dánarbús	1.000 kr. fyrir auglýsingu
Skiptalok þrotabús	1.000 kr. fyrir auglýsingu

3. Annað:

Álag vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu er 45% sem leggst til viðbótar við mælt verð auglýsingar.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 12.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra blaða er kr. 250.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. júní 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 723/1997, um tollafgreiðslugengi.

1. gr.

1. másl. 2. gr. orðist svo:

Tollafgreiðslugengi miðast við opinbert viðmiðunargengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli, kaup- og sölugengi, sem ákveðið og skráð er af Seðlabanka Íslands hinn 28. hvers mánaðar eða næsta vinnudag þar á eftir ef ekki er opið í banka þann dag.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 13. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1043/2004 um menntun sjóntækjafraeðinga og takmarkanir á heimild þeirra til að sjónmæla.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Sjóntækjafraeðingar sem ekki uppfylla skilyrði um menntun skv. 1. gr. eða staðfestingu réttinda skv. 2. gr. mega einungis fullvinna gleraugu samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis eða sjóntækjafraeðings, sem hefur rétt til sjónmælinga skv. 1. eða 2. gr.

2. gr.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða kemur eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 31. desember 2005 getur ráðherra veitt sjóntækjafraeðingi, sem hefur rétt til sjónmælinga, en sem uppfyllir ekki skilyrði 3. mgr. 1. gr., leyfi til að mæla sjón vegna snertilinsa og ávísa á snertilinsur.

Skilyrði þess að slíkt leyfi verði veitt eru:

- a. að í námi sjóntækjafraeðings hafi verið lögð áhersla á snertilinsufræði og að fyrir liggja staðfesting þess að hann hafi starfað við snertilinsumátun í a.m.k. 2 ár, eða
- b. að fyrir liggja staðfesting þess að hann hafi starfað við snertilinsumátun í a.m.k. 10 ár.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 17/1984, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. júní 2005.

Jón Kristjánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um ákvörðun kílómetragjalds og skyldur ökumanna.

I. KAFLI

Skattskylda og skattskyldir aðilar.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, kílómetragjald, af eftirtöldum ökutækjum:

- a. Bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga.
- b. Eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
- c. Bifreiðum og eftirvögnum, sbr. a. og b. lið, sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands.

Við ákvörðun á því hvort greiða eigi kílómetragjald af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

Bifreiðar sem ætlaðar eru til fólksflutninga eru undanþegnar skattskyldu.

2. gr.

Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er hér á landi hvílir á skráðum eiganda þess á álestrardegi eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð sem ónýtt. Hafi ökutæki skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda. Ef annar aðili en skráður eigandi hefur umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu kílómetragjalds.

Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

II. KAFLI

Fjárhæð kílómetragjalds.

3. gr.

Af bifreiðum og eftirvögnum sem skráð eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd skal greiða kílómetragjald, þ.e. gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja til sérstakra nota, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., skulu greiða kílómetragjald.

Upphæð kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækisins. Gjaldþyngd ökutækisins skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 528/1998, um stærð og þyngd ökutækja.

Kílómetragjald skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald kr.
10.000–11.000	0,29	21.001–22.000	6,89
11.001–12.000	0,89	22.001–23.000	7,49
12.001–13.000	1,49	23.001–24.000	8,09
13.001–14.000	2,09	24.001–25.000	8,69
14.001–15.000	2,69	25.001–26.000	9,29
15.001–16.000	3,29	26.001–27.000	9,89
16.001–17.000	3,89	27.001–28.000	10,49
17.001–18.000	4,49	28.001–29.000	11,09
18.001–19.000	5,09	29.001–30.000	11,69
19.001–20.000	5,69	30.001–31.000	12,29
20.001–21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.

Ef taka þarf ökumæli úr til viðgerðar skal greiða daggjald sem svarar til 200 km aksturs fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Þó skal heimilt að miða gjaldið við raunverulegan akstur, verði því við komið. Heimild til aksturs án ökumælis er ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga.

4. gr.

Gjald af ökutækjum skráðum erlendis.

Af bifreiðum og eftirvögnum sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd skal greiða kílómetragjald skv. 3. gr., þ.e. gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga.

Tollstjóri skal við komu og brottför ökutækis lesa af ökumæli þess og ákvarða kílómetragjald í samræmi við ekinn kílómetrafjölda.

Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimilt að taka við greiðslukortum og erlendum gjaldreyri vegna greiðslu kílómetragjalds samkvæmt þessari grein. Ef greiðsla er innt af hendi í formi erlends gjaldreyris skal miða við sölugengi eins og Seðlabankinn auglýsir hverju sinni.

Skylda til greiðslu kílómetragjalds af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

Kílómetragjald af ökutæki sem skráð er erlendis skal greiða við brottför bifreiðar eða vagns úr landi.

III. KAFLI

Eftirgjöf kílómetragjalds.

5. gr.

Ef gjaldskyld ökutæki er flutt tímabundið úr landi, skal ekki greiða kílómetragjald vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis, enda framvísi eigandi eða umráðamaður ökutækis staðfestingu tolyfyrvalda, á skráningu kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Óheimilt er að skipa ökutæki úr landi nema greitt hafi verið álagt kílómetragjald.

IV. KAFLI

Akstursbækur, álestur, eigendaskipti o.fl.

6. gr.

Eigandi eða umráðamaður ökutækis, sem kílómetragjald er greitt af skv. 3. gr., skal á eigin kostnað láta setja ökumæli í ökutæki sitt, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 599/2005, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila kílómetragjalds.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælis-skyld bifreið eða eftirvagn sé útbúin ökumæli, enda fari ákvörðun kílómetragjalds fram á annan jafntryggan hátt.

7. gr.

Ökumaður skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður, skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skyld að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hafi talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók skv. ákvæðum 1. og 2. mgr.

Ef í ljós kemur við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki, skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.

Ef taka þarf ökumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af mælinum.

8. gr.

Eiganda eða umráðamanni ber ávallt að hafa akstursbókina í ökutækinu. Óheimilt er að breyta því, sem skráð hefur verið í akstursbók, eða fjarlægja blaðsíður úr henni.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

9. gr.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er skylt án sérstakrar tilkynningar að koma á álestrartímabili hvers gjaldtímabils með ökutæki til aðila, sem fjármálaráðherra hefur falið að annast álestur, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 599/2005, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila kílómetragjalds, til að láta lesa af ökumæli og akstursbók ökutækisins. Álestrartímabil eru frá 1. desember til 15. desember og frá 1. júní til 15. júní ár hvert.

Almennt skal ekki lesið af ökumælum utan þeirra tímabila sem um getur í 1. mgr. nema eigandi eða umráðamaður hafi vanrækt að láta lesa af ökumæli á síðasta álestrartímabili eða til standi að skrá eigendaskipti að ökutæki eða skipta um ökumæli.

Álestur utan álestrartímabils leysir eiganda eða umráðamann ekki undan skyldu til að koma með ökutæki til álestrar skv. 1. mgr.

10. gr.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki, nema lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt til þess dags sem álestur er skráður í álestrarskrá ökumæla. Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami.

11. gr.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greitt hafi verið af henni kílómetragjald sem fallið er í eindaga á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni og tilkynna lögreglu um það þegar í stað. Eiganda eða umráðamanni bifreiðar er þó ekki skylt að færa sönnur á að hafa greitt gjaldfallið kílómetragjald fyrr en eftir eindaga.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema gjaldfallið kílómetragjald hafi verið greitt og lesið hafi verið af ökumæli og kílómetragjald vegna þess álestrar greitt.

Hafi kílómetragjald ekki verið greitt á eindaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Skráning bifreiðar skal ekki fara fram nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt af henni.

Óheimilt er að afhenda skráningarmerki sem afhent hafa verið skráningaraðila til varðveislu nema gjaldfallið kílómetragjald hafi áður verið greitt.

Kílómetragjaldi fylgir lögveðsréttur í viðkomandi ökutæki.

V. KAFLI

Gjalddagar, álagning og áætlun.

12. gr.

Gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. desember til 15. desember er 1. janúar þar á eftir og gjalddagi kílómetragjalds fyrir álestrartímabilið 1. júní til 15. júní er 1. júlí þar á eftir.

Við eigendaskipti ökutækis er gjalddagi og álestrardagur sá sami, sbr. 2. mgr. 11. gr. Eindagar skattsins eru 15. febrúar og 15. ágúst.

13. gr.

Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrardags. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, ákvarða kílómetragjald vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili, skal ríkisskattstjóri áætla kílómetragjald. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili tímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir, skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

14. gr.

Komi í ljós eftir ákvörðun kílómetragjalds að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of lítið, eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að kílómetragjald hafi ekki verið réttilega ákvarðað skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. 15 daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan þess tíma endurákvörðar hann skatt á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvörðar hann skatt skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal miðast við 2.000 km akstur fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem hann hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðunina og tilkynna hana í ábyrgðarbréfi.

Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

15. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farni hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess, skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan tilskilins frests, endurákvörðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mis-

munar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvörða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

16. gr.

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 14. og 15. gr. nær til kílómetragjalds síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að kílómetragjald var vanálagt og/eða hafi hann látið í té við álagningu eða álestur fullnægjandi upplýsingar og/eða gögn sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákvörða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

VI. KAFLI

Kæruheimildir, eftirlit og refsíbyrgð.

17. gr.

Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu kílómetragjalds skv. 13. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

Endurákvörðun skv. 14. og 15. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. má skjóta til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd.

Ákvörðun tollstjóra skv. 2. mgr. 4. gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá gjalddaga. Að öðru leyti skulu ákvæði 18. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl. gilda um ákvarðanir skv. 2. mgr. 4. gr. eftir því sem við á, þ.m.t. kærur til yfirsattanefndar.

18. gr.

Vegagerðin annast eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita, afriti úr ökuritakorti og akstursbók.

19. gr.

Um dráttarvexti, refsingu o.fl. fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.

20. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um eftirlit með notkun á litaðri gas- og dísilolíu.

1. gr.

Eftirlit með skráningarskyldum ökutækjum.

Vegagerðin skal annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki. Undanþegin slíku eftirliti eru skráningarskyld ökutæki sem heimild hafa til notkunar á litaðri olíu, sbr. reglugerð nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds. Vegagerðin skal jafnframt hafa eftirlit með að skráning og búnaður skráningarskyldra ökutækja sé í samræmi við lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

2. gr.

Stöðvun á ökutækjum og sýnataka.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á ökutæki sem fellur undir 1. másl. 1. gr. andstætt ákvæðum reglugerðar nr. 602/2005, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olíugjalds, þar á meðal að skoða eldneysisgeymi og vél ökutækis.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á ökutæki sem heyrir undir 1. másl. 1. gr. Vegagerðin setur nánari reglur um framkvæmd á sýnatöku.

3. gr.

Eftirlit með gjaldskyldum aðilum.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., og öðlast gildi 1. júlí 2005.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Vala R. Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2005

30. júní 2005

1369

Nr. 629

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 621/2005 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0704.9003	Kínakál	01.07. - 10.07.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

1. júlí 2005

Nr. 630

REGLUGERÐ

um innherjaupplýsingar og markaðssvik.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um innherjaupplýsingar, aðferðir við birtingu og frestun birtingar innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun eða markaðssvik í viðskiptum með fjármálagerninga.

Reglugerð þessi gildir einnig um markaðstorg sbr. 32. gr. a laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.

2. gr.

Innherjaupplýsingar.

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, sbr. 1. másl. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti.

Litið skal svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Upplýsingarnar verða þó að vera nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

Innherjaupplýsingar sem væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, yrðu þær gerðar opinberar, eru þær upplýsingar sem líkur eru á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

3. gr.

Innherjaupplýsingar þegar um er að ræða fyrirmæli viðskiptavinar.

Með innherjaupplýsingum er einnig átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem þeir sem starfa við framkvæmd viðskipta öðlast í tengslum við fyrirmæli viðskiptavina, sem hafa ekki verið framkvæmd, og varða beint eða óbeint útgefendur verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna, eða tengdra afleiddra fjármálagerninga, ef opinberar væru, sbr. 57. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

4. gr.

Innherjaupplýsingar þegar um er að ræða hrávöruafleiður.

Þegar um er að ræða hrávöruafleiður er með innherjaupplýsingum átt við upplýsingar sem þátttakendur á afleiðumörkuðum mega gera ráð fyrir að fá í samræmi við almenna markaðsframkvæmd á viðkomandi hrávöruafleiðumarkaði, enda séu upplýsingarnar nægjanlega tilgreindar, hafa ekki verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, eina eða fleiri hrávöruafleiðu.

Með upplýsingagjöf í samræmi við almenna markaðsframkvæmd er í 1. mgr. átt við upplýsingar sem venjubundið er að þátttakendur á markaðnum séu upplýstir um eða sem gerð er krafa til að upplýst sé um í lögum, reglugerðum, markaðsreglum eða með samningum á viðeigandi hrávöruafleiðumarkaði eða undirliggjandi hrávörumarkaði.

5. gr.

Aðferðir, birting og tímafrestir upplýsingagjafar vegna innherjaupplýsinga.

Útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til opinberrar skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði ber án tafar að gera opinberar þær innherjaupplýsingar sem varða útgefandann á aðgengilegan og skýran hátt fyrir almenning.

Útgefanda ber að hafa skýr skil á milli markaðssetningar á starfsemi sinni og opinberri birtingu innherjaupplýsinga til að koma í veg fyrir misvísandi upplýsingagjöf.

Útgefanda ber að fullnægja upplýsingaskyldu sinni skv. 1. mgr. 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, án tafar, þegar kringumstæður skapast eða atburður á sér stað, jafnvel þó mál séu ekki formlega til lykta leidd. Allar marktækar breytingar á áður birtum innherjaupplýsingum, skulu tafarlaust birtar opinberlega með sama hætti og upphaflegu upplýsingarnar.

Útgefandi skal gæta þess að innherjaupplýsingar séu birtar opinberlega með samstilltum hætti öllum hópum fjárfesta, í þeim ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem viðkomandi útgefandi hefur sótt um eða samþykkt að fjármálagerningar verði teknir til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði.

Þegar innherjaupplýsingunum hefur verið miðlað með opinberum hætti í samræmi við 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, skal viðkomandi útgefandi birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni.

6. gr.

Lögmæt frestun upplýsingagjafar og trúnaður.

Lögmætir hagsmunir útgefanda af því að fresta upplýsingagjöf, sbr. 3. mgr. 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti geta m.a. falist í neðangreindum kringumstæðum:

- a) Yfirstandandi samningaviðræðum eða sambærilegum aðstæðum þar sem birting upplýsinga gæti haft áhrif á niðurstöðu eða eðlilegan gang viðræðnanna. Þetta á sérstaklega við ef fjárhagsafkoma útgefanda er í alvarlegri og yfirvofandi hættu, án þess þó að það falli undir gildandi lög um gjaldþrot. Við þessar aðstæður er heimilt að fresta birtingu upplýsinga í takmarkaðan tíma. Þessi heimild á við ef birtingin er talin kunna að tefla hagsmunum hluthafa og hugsanlegra hluthafa í tvísýnu með því að draga úr líkum þess að unnt sé að leiða til lykta tilteknar samningaviðræður sem eiga að tryggja fjárhagslega endurskipulagningu útgefandans.
- b) Ákvörðunum sem tilteknir stjórnendur útgefanda taka eða samningum sem þeir gera og krefjast, skv. skipulagi útgefandans, samþykki annarra stjórnenda hjá útgefanda til að öðlast gildi. Frestunin er háð því skilyrði að birting upplýsinganna áður en slíkt samþykki er veitt, samtímis því að tilkynnt er að samþykkis sé enn beðið, kynni að tefla því í tvísýnu að almenningur geti lagt nákvæmt mat á upplýsingarnar.

Þegar heimild til frestunar upplýsingagjafar á grundvelli 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti er nýtt skal útgefandi takmarka aðgang að innherjaupplýsingum og tryggja:

- a) Að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja að ekki sé veittur aðgangur að upplýsingunum nema um sé að ræða starfsmenn sem þurfi á þeim að halda til að geta sinnt starfi sínu hjá útgefanda.
- b) Að útgefandi geri ráðstafanir til að tryggja að aðilar, sem hafa aðgang að slíkum upplýsingum, séu upplýstir um þær laga- og eftirlitsskyldur sem þeir hafa, og þau viðurlög sem liggja við misnotkun eða miðlun slíkra upplýsinga.
- c) Að gerðar séu ráðstafanir sem veita möguleika á tafarlausrí birtingu upplýsinganna í tilvikum þar sem útgefanda er ekki unnt að tryggja trúnað um viðkomandi innherjaupplýsingar sbr. 4. mgr. 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti.

7. gr.

Markaðsmisnotkun.

Við mat á því hvort um markaðsmisnotkun skv. 1. mgr. 55. gr. laga um verðbréfavíðskipti er að ræða skulu eftirfarandi atvik m.a. teljast til markaðsmisnotkunar:

- a) Hegðun eins eða fleiri aðila sem tryggir þeim yfirburðastöðu við framboð eða eftirspurn eftir fjármálagerningi, sem með beinum eða óbeinum hætti tryggir kaup- eða söluverð eða skapar með öðrum hætti ósanngjörn viðskiptakjör.
- b) Kaup eða sala fjármálagerninga við lokun markaðar, sem er misvísandi gagnvart fjárfestum sem taka ákvarðanir á grundvelli lokaverðs.
- c) Þegar aðili notfærir sér, með tilfallandi eða reglulegum hætti, aðgang að hefðbundnum eða rafrænum miðli til að láta í ljós álit sitt á fjármálagerningi eða með óbeinum hætti

á útgefanda hans. Þetta á við ef viðkomandi hefur áður tekið stöðu í umræddum fjármálagerningi og hagnast síðan á því hvaða áhrif það álit sem látið var í ljós, hefur á verð fjármálagerningsins, án þess að hafa samtímis greint opinberlega frá hagsmunaréekstrum með viðeigandi og skilvirkum hætti.

8. gr.

Misnotkun í formi rangra eða misvísandi upplýsinga eða sem tryggir óeðlilegt verð.

Við mat á því hvort um markaðsmisnotkun er að ræða skv. a-lið 1. tölul. 1. mgr. 55. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, skal meðal annars litið til eftirfarandi atriða:

- a) Hversu stórt hlutfall umrædd tilboð eða víðskipti eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði, einkum þegar þau leiða til marktækrar breytingar á verði viðkomandi fjármálagerninga.
- b) Að hve miklu leyti tilboð eða víðskipti aðila sem á víðskipti vegna stöðutöku í fjármálagerningi hafa í för með sér marktækar breytingar á verði viðkomandi fjármálagernings eða undirliggjandi verðbréfa sem tekin hafa verið til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði.
- c) Hvort víðskipti hafa í för með sér breytingar á raunverulegum eignarrétti viðkomandi fjármálagernings sem tekinn hefur verið til skráningar á skipulegan verðbréfamarkað.
- d) Að hve miklu leyti tilboð eða víðskipti fela í sér miklar skammtímabreytingar á stöðu viðkomandi fjármálagerninga og teljist stór hluti daglegrar meðalveltu með þá á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði. Þá er einnig litið til þess hvort umrædd víðskipti geti tengst marktækum breytingum á verði fjármálagernings sem tekinn hefur verið til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði.
- e) Að hve miklu leyti tilboð eða víðskipti eru framkvæmd á skömmum tíma við framkvæmd víðskipta og leiða að lokum til umskipta í verðlagningu.
- f) Að hve miklu leyti tilboð sem gerð hafa verið breyta upplýsingum um hagstæðasta kaup- eða sölutilboð viðkomandi fjármálagernings sem tekinn hefur verið til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði. Einnig er litið til þess hvort upplýsingar í pöntunarbók, sem markaðsaðilar hafa aðgang að, séu dregnar til baka áður en tilboð eru afgreidd.
- g) Að hve miklu leyti tilboð eða víðskipti eru framkvæmd á eða nálægt þeim tíma sem verðútreikningar eru framkvæmdir, s.s. vegna markaðsverðmætis eða verðmyndunar og hafa í för með sér verðbreytingar sem geta haft áhrif á slíka útreikninga eða verðmat.

9. gr.

Misnotkun sem felur í sér tilbúning eða annað form blekkingar eða sýndarmennsku.

Við mat á því hvort um markaðsmisnotkun er að ræða sem felur í sér tilbúning eða annað form blekkingar eða sýndarmennsku sbr. 2. tölul. 1. mgr. 55. gr. laga um verðbréfavíðskipti, skal meðal annars litið til eftirfarandi atriða:

- a) Hvort sömu aðilar og hafa lagt fram tilboð eða átt víðskipti, eða aðilar þeim tengdir, hafi áður eða í kjölfar víðskiptanna miðlað röngum eða misvísandi upplýsingum.
- b) Hvort hinir sömu aðilar og hafa lagt fram tilboð eða átt víðskipti, eða aðilar þeim tengdir, hafi áður eða í kjölfar víðskiptanna, sett saman eða miðlað niðurstöðum greiningar eða fjárfestingaráðgjafar sem eru rangar eða hlutdrægar eða augljóst er að sýnilegir hagsmunir hafa haft áhrif á.

10. gr.

Þættir sem taka skal tillit til við mat á viðurkenndri markaðsframkvæmd.

Við mat á því hvort um viðurkennda markaðsframkvæmd er að ræða, sbr. 9. tölul. 2.

gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, skal Fjármálaeftirlitið meðal annars líta til eftirfarandi atriða:

- a) Hversu gagnsæ viðkomandi markaðsframkvæmd er fyrir verðbréfamarkaðinn í heild sinni.
- b) Hversu nauðsynlegt sé að vernda starfsemi markaðsafla og eðlilegt samspil framboðs og eftirspurnar.
- c) Hversu mikil áhrif viðkomandi markaðsframkvæmd hefur á seljanleika verðbréfa og skilvirkni á verðbréfamarkaði.
- d) Að hve miklu leyti viðkomandi markaðsframkvæmd samræmist viðskiptavenjum er tíðkast á viðkomandi verðbréfamarkaði ásamt því að gera markaðsaðilum kleift að bregðast á viðeigandi hátt og tímanlega við þeim nýju markaðsaðstæðum sem sú framkvæmd skapar.
- e) Þeirrar áhættu sem fylgir viðkomandi framkvæmd fyrir traust tengdra verðbréfamarkaða, með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem þeir eru skipulegir eða ekki, að því er varðar viðkomandi fjármálagerninga innan alls Evrópska efnahagssvæðisins.
- f) Niðurstaðna rannsókna Fjármálaeftirlitsins eða annarra lögbærra yfirvalda eftir atvikum, á viðkomandi markaðsframkvæmd, einkum hvort hún brjóti í bága við lög eða reglur sem ætlað er að koma í veg fyrir markaðssvik, eða siðareglur, hvort sem þær gilda á viðkomandi verðbréfamarkaði eða á verðbréfamörkuðum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem tengjast honum með beinum eða óbeinum hætti.
- g) Hvernig viðkomandi verðbréfamarkaður er byggður upp þ.m.t. hvort hann er skipulegur eða ekki, tegundir fjármálagerninga sem víðskipti eru stunduð með og hverjir eru þátttakendur á verðbréfamarkaði, þ.m.t. að hve miklu leyti smásölufjárfestar taka þátt á verðbréfamarkaðinum.

Ný eða nýtilkomin markaðsframkvæmd skal ekki talin óviðunandi af hálfu Fjármálaeftirlitsins einungis vegna þess að það hefur ekki áður samþykkt hana.

Fjármálaeftirlitið skal endurskoða reglulega markaðsframkvæmd sem það hefur viðurkennt, einkum með tilliti til breytinga sem orðið hafa á markaðsumhverfi, t.d. breytinga á víðskiptareglum eða skipulagi verðbréfamarkaðarins.

11. gr.

Samráð við viðurkenningu markaðsframkvæmdar:

Fjármálaeftirlitið skal eftir atvikum hafa samráð við hagsmunaaðila, s.s. fulltrúa útgefenda, fjármálafyrirtæki og fjárfesta, áður en ákvörðun er tekin um að viðurkenna markaðsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið skal einnig eftir atvikum hafa samráð við lögbær yfirvöld annarra ríkja, einkum þar sem er um sambærilega markaði að ræða hvað varðar skipulag, umfang og tegund víðskipta.

12. gr.

Birting ákvörðana.

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega ákvörðun sína skv. 10. gr. Skal þar tilgreint hvaða hegðun á verðbréfamarkaði teljist til viðurkenndrar markaðsframkvæmdar. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal einnig send nefnd Evrópskra verðbréfaeftirlita (e. Committee of European Securities Regulators).

Birta skal þær forsendur sem liggja til grundvallar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að viðurkenna markaðsframkvæmd, einkum þegar ákvörðunin er ekki í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta samráði við hagsmunaaðila, sbr. 11. gr. ef rannsókn máls er þegar hafin og allt þar til slíkri rannsókn er lokið og hugsanleg viðurlög hafa verið ákveðin.

Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að víkja frá ákvörðun sem fæst úr samráðsferli skv. 11. gr., um hvað teljist viðurkennd markaðsframkvæmd, nema að undangengnu sambærilegu samráðsferli.

13. gr.

Tilkynningar um grunsamleg viðskipti.

Við mat fjármálaefyrirtækja og starfsmanna þeirra á því hvort tilkynna skuli Fjármálaeftirlitinu, skv. 3. mgr. 55. gr. eða 2. mgr. 61. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, um grunsemdir um innherjasvik eða markaðsmisnotkun verður að skoða hvert tilvik fyrir sig með hliðsjón af þeim þáttum sem teljast til innherjasvika og markaðsmisnotkunar samkvæmt reglugerð þessari og lögum um verðbréfavíðskipti.

14. gr.

Efni tilkynningar.

Aðilar sem tilkynna Fjármálaeftirlitinu um grun um innherjasvik eða markaðsmisnotkun skv. 3. mgr. 55. gr. eða 2. mgr. 61. gr. laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, skulu senda Fjármálaeftirlitinu eftirfarandi upplýsingar:

- a) Lýsingu á viðskiptum, þ.m.t. hvers konar fyrirmæli er um að ræða, gerð tilboða, t.d. skilyrt tilboð, markaðspöntun eða annars konar fyrirmæli, og tegund þess markaðar sem viðskipti eiga sér stað á.
- b) Ástæður gruns um að viðskipti geti talist til markaðssvika.
- c) Auðkenni á aðila sem viðskipti fara fram fyrir og öðrum aðilum sem eiga hlut að viðkomandi viðskiptum.
- d) Hvaða stöðu sá aðili sem tilkynnt er um hefur t.d. hvort viðskiptin eru fyrir hans eigin reikning eða fyrir hönd þriðja aðila.
- e) Allar upplýsingar sem kunna að þeirra mati að skipta máli við athugun á viðskiptunum.

Ef ofangreindar upplýsingar liggja ekki fyrir þegar tilkynningin er send, skulu a.m.k. koma fram ástæður þess að tilkynnanda grunar að viðskiptin geti talist til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Aðrar upplýsingar skal senda Fjármálaeftirlitinu um leið og þær liggja fyrir.

15. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlandan rétt ákvæði eftirtalinna tilskipana og reglugerðar: Tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/6/EB um innherjavíðskipti og markaðsmisnotkun (markaðssvik), tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/124/EB um skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun, tilskipunar nr. 2003/125/EB um framsetningu og birtingu greininga og hvernig ráðleggingum um fjárfestingu í verðbréfum skuli hagað, ásamt ákvæðum um hvenær skylt sé að upplýsa um hagsmuni og hagsmunaaðila, tilskipunar nr. 2004/72/EB um viðurkennda markaðsframkvæmd, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við hrávörufleiður, samningu innherjalista, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti, reglugerðar nr. 2273/2003/EB um undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 73. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

VIÐAUKI

Viðskipti með eigin bréf í endurkaupaáætlunum og verðjöfnun fjármálagerninga.

I. KAFLI

Viðfangsefni.

1. gr.

Í þessum viðauka eru sett fram þau skilyrði sem endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga þurfa að uppfylla til þess að falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. tölul. 2. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 56. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka, auk þeirra sem mælt er fyrir um í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003, sem hér segir:

1. Verðbréfafyrirtæki: Fjármálafyrirtæki með heimild til verðbréfavíðskipta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
2. Lánastofnun: Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.
3. Endurkaupaáætlun: Viðskipti með eigin hlutabréf í samræmi við VIII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög.
4. Tímasett endurkaupaáætlun: Endurkaupaáætlun þar sem dagsetningar og magn verðbréfa, sem áætlað er að viðskipti muni eiga sér stað með á tímabili áætlunarinnar, er gefið upp þegar endurkaupaáætlunin er birt opinberlega.
5. Viðunandi, opinber birting: Birting í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003.
6. Viðkomandi verðbréf: Framseljanleg verðbréf eins og nánar er skilgreint í a. lið 2. tölul. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003.
7. Verðjöfnun: Öll kaup eða kaupsboð verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar á tilteknum verðbréfum, eða hvers konar viðskipti með jafngilda gerninga í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut þeirra verðbréfa sem um er að ræða. Markmiðið með verðjöfnun er að styðja við markaðsverð tiltekinn verðbréfa í fyrirframákveðinn tíma, vegna söluþrýstings á þau verðbréf.
8. Jafngildir gerningar: Eftirfarandi fjármálagerningar þ.m.t. þeir sem ekki hafa verið teknir til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði, eða sem ekki hefur verið lögð fram beiðni um að taka til skráningar á slíkan markað, að því tilskildu að tilmæli Fjármálaeftirlitsins um gagnsæi, að því er varðar viðskipti með slíka fjármálagerninga, hafi verið uppfyllt:

- a) Samningar eða réttur til að skrá sig fyrir, kaupa eða selja viðkomandi verðbréf.
 - b) Afleiddir fjármálagerningar varðandi viðkomandi verðbréf.
 - c) Verðbréf sem breytanlegum eða skiptanlegum skuldaskjölum er breytt í eða skipt út fyrir, þegar viðkomandi verðbréf eru breytanleg eða skiptanleg skuldaskjöl.
 - d) Skjöl sem útgefandi eða ábyrgðaraðili viðkomandi verðbréfa gefur út eða ábyrgist, þar sem líklegt er að markaðsverð þeirra hafi áhrif á verð viðkomandi verðbréfa eða öfugt.
 - e) Hlutir í verðbréfum, þegar viðkomandi verðbréf eru ígildi hlutabréfa, svo og öll önnur verðbréf með sömu eiginleika.
9. Sala á verulegum eignarhlut: Frumútboð eða útboð verðbréfa á eftirmarkaði, sem er auglýst opinberlega og er aðgreint frá öðrum daglegum viðskiptum, bæði að því er varðar verðmæti verðbréfanna sem boðin eru út og þá aðferð sem viðhöfð er við sölu verðbréfanna.
 10. Tilboðsgjafi: Fyrrum handhafar eða útgefendur viðkomandi verðbréfa.
 11. Úthlutun: Ferlið sem unnið er eftir við ákvörðun á fjölda viðkomandi verðbréfa til handa fjárfestum sem hafa áður skráð sig fyrir verðbréfunum eða óskað eftir þeim.
 12. Stuðningur við verðjöfnun: Beiting umframsöluheimildar eða umframsölukaupréttar verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar, í tengslum við sölu á verulegum eignarhlut viðkomandi verðbréfa til að auðvelda verðjöfnun.
 13. Umframsöluheimildir: Ákvæði í sölutryggingarsamningi eða samningi við umsjónaraðila sem heimilar að samþykktar séu skráningar eða kauptilboð á meira magni af viðkomandi verðbréfum en boðið var upp á í upphafi.
 14. Umframeftirspurnaréttur: Réttur sem tilboðsgjafi veitir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnunum sem eiga hlut að útbóði til þess að það mæti umframeftirspurn. Slíkum fyrirtækjum eða stofnunum er heimilt að kaupa, samkvæmt samningsskilmálum, tiltekið magn af þeim verðbréfum sem um er að ræða á útbóðsverði í ákveðinn tíma eftir að viðkomandi verðbréf hafa verið boðin út.

II. KAFLI

Endurkaupaáætlanir.

3. gr.

Markmið endurkaupaáætlana.

Til þess að undanþágan, sem kveðið er á um í 1. tölul. 2. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 56. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, nái til endurkaupaáætlunar verður hún að vera í samræmi við ákvæði 4., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar og verður slík endurkaupaáætlun að vera gerð í þeim tilgangi einum að minnka hlutafé útgefandans (virði eða fjölda hlutabréfa) eða til þess að standa við skuldbindingar sem leiða af eftirfarandi:

- a) Skuldatengdum fjármálagerningum sem eru skiptanlegir í hlutabréf.
- b) Áætlunum um forkaupsrétt starfsmanna á hlutabréfum eða aðrar úthlutanir hlutabréfa til handa starfsmönnum útgefandans eða hlutdeildarfélags.

4. gr.

Skilyrði varðandi endurkaupaáætlanir og birtingu.

Endurkaupaáætlun verður að vera í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í VIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Áður en viðskipti hefjast, skal birta almenningi ítarlega lýsingu á áætluninni, sem samþykkt hefur verið í samræmi við VIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Í þessari lýsingu skulu koma fram markmið áætlunarinnar eins og um getur í 3. gr.,

hámarksendurgjald, hámarksfjöldi þeirra hlutabréfa sem kaupa á og tímabilið sem heimildin fyrir áætlunina gildir.

Breytingar á áætluninni, sem fylgja í kjölfarið, skulu vera með fyrirvara um viðunandi, opinbera birtingu í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útgefandinn skal hafa kerfi sem uppfyllir kvaðir um að tilkynna lögbæru yfirvaldi um viðskipti á þeim skipulega verðbréfamarkaði er hlutabréfin hafa verið skráð. Með þessu kerfi skal skrá hverja færslu sem tengist endurkaupaáætlunum, þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í VII. kafla laga nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Útgefanda ber að birta opinberlega lýsingu á öllum færslum eins og getið er í 3. mgr. eigi síðar en við lok sjöunda viðskiptadags eftir að slík viðskipti fara fram.

5. gr.

Skilyrði fyrir viðskiptum.

Að því er varðar verð er útgefanda ekki heimilt, þegar hann stundar viðskipti í endurkaupaáætlun, að kaupa hlutabréf á herra verði en sem nemur hæsta verði síðustu, óháðu viðskipta og hæsta fyrirbyggjandi óháða boði í þeim viðskiptakerfum sem kaupin fara fram.

Ef kaupin fara ekki fram á skipulegum verðbréfamarkaði, skal verð síðustu, óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða boðs, sem miðað er við, vera gengið á skipulegum verðbréfamarkaði þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem kaupin fara fram.

Ef kaup útgefanda á eigin hlutabréfum eru gerð með afleiddum fjármálagerningum skal uppgjörsverð slíkra afleiddra fjármálagerninga ekki vera herra en verð síðustu óháðu viðskipta og hæsta fyrirbyggjandi óháða boðs.

Það magn sem útgefanda er heimilt að kaupa á einum degi skal ekki vera meira en sem nemur 25% af meðaltali daglegra viðskipta með viðkomandi hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem kaupin fara fram.

Meðaltal daglegra viðskipta skal byggjast á meðaltali daglegra viðskipta í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega og haldast það sama út það tímabil sem heimildin fyrir áætlunina gildir.

Ef magnið er ekki tilgreint í áætlun ber að byggja meðaltal daglegra viðskipta á meðaltali daglegra viðskipta síðustu 20 viðskiptadaga á undan kaupdegi.

Að því er varðar 2. mgr. er útgefanda heimilt, þegar lítil velta er með bréfin á viðkomandi markaði, að hækka 25% mörkin, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) Útgefandi tilkynnir lögbæru yfirvaldi viðkomandi markaðar fyrir fram um áætlanir sínar um að víkja frá 25% mörkunum.
- b) Útgefandi birtir opinberlega á viðunandi hátt að hann kunni að víkja frá 25% mörkunum.
- c) Útgefandi fer ekki yfir 50% af meðaltali daglegra viðskipta.

6. gr.

Takmarkanir.

Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 1. tölul. 2. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 56. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, skal útgefandi ekki stunda eftirfarandi viðskipti á meðan hann tekur þátt í endurkaupaáætlun:

- a) Sölu eigin hluta á meðan á áætluninni stendur.
- b) Viðskipti á tímabili sem telst lokað tímabil samkvæmt lögum þess ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu er viðskiptin fara fram.
- c) Viðskipti þar sem útgefandi hefur ákveðið að fresta birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 3. mgr. 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003.

Ákvæði a-liðar 1. mgr. gilda ekki ef útgefandi er verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem hefur gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þeirra (Kínamúrum), sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir að Kínamúrar séu á milli þeirra eininga sem bera ábyrgð á meðhöndlun innherjaupplýsinga, sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint, og þeirra sem bera ábyrgð á öllum ákvörðunum, sem tengjast viðskiptum með eigin hlutabréf, þ.m.t. viðskipti með eigin hluti fyrir hönd viðskiptavina, þegar viðskipti með eigin hlutabréf byggjast á slíkum ákvörðunum.

Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. gilda ekki ef útgefandi er verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem hefur gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra með skýrum aðskilnaði einstakra starfssviða þeirra (Kínamúrum) sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Hér er átt við aðskilnað milli þeirra eininga sem bera ábyrgð á meðhöndlun innherjaupplýsinga sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint, þ.m.t. viðskiptaákvörðanir í endurkaupaáætlunum, og þeirra sem bera ábyrgð á viðskiptum með eigin hluti fyrir hönd viðskiptavina þegar þeir stunda viðskipti með eigin hluti fyrir hönd þessara viðskiptavina.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef;

- a) útgefandi hefur gert tímasetta endurkaupaáætlun, eða
- b) endurkaupaáætlun er stjórnað af verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun sem tekur viðskiptaákvörðanir í tengslum við hlutfé útgefandans, óháð útgefandanum og án áhrifa frá honum að því er varðar tímasetningu kaupanna.

III. KAFLI

Verðjöfnun fjármálagerninga.

7. gr.

Skilyrði varðandi verðjöfnun.

Til þess að falla undir undanþáguna, sem kveðið er á um í 1. tölul. 2. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 56. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, skal verðjöfnun fjármálagerninga fara fram í samræmi við 8., 9. og 10. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Tímatengd skilyrði varðandi verðjöfnun.

Verðjöfnun skal einungis fara fram í takmarkaðan tíma.

Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf, sem eru jafngild hlutabréfum, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., þegar um er að ræða frumútboð sem er auglýst opinberlega, hefjast á þeim degi sem viðskipti með viðkomandi verðbréf hefjast á skipulegum verðbréfamarkaði og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum síðar.

Þegar frumútboð, sem er auglýst opinberlega, fer fram í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem leyfir viðskipti áður en viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem endanlegt verð viðkomandi verðbréfa er birt opinberlega á viðunandi hátt og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum síðar, að því tilskildu að slík viðskipti fari fram í samræmi við reglur um skipulegan verðbréfamarkað, séu þær til þar sem viðkomandi verðbréf verða skráð, þ.m.t. allar reglur um opinbera birtingu og skýrslugjöf um viðskiptin.

Að því er varðar hlutabréf og önnur verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., þegar um er að ræða útboð á eftirmarkaði, hefjast á þeim degi sem endanlegt verð viðkomandi verðbréfa er birt opinberlega og ljúka eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta.

Að því er varðar skuldabréf og annars konar tryggð skuldaskjöl sem ekki eru breytanleg eða skiptanleg í hlutabréf eða önnur verðbréf, jafngild hlutabréfum, skal tímabilið, sem

um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem útbodsskilmálar viðkomandi verðbréfa eru birtir opinberlega þ.m.t. frávik frá settu viðmiði, ef um það er að ræða og ljúka annaðhvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir þann dag sem útgefandi gerninganna fær í hendur greiðslu fyrir útgáfuna eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta að viðkomandi verðbréfum, hvort sem verður fyrir.

Að því er varðar tryggð skuldaskjöl, sem eru breytanleg eða skiptanleg í hlutabréf eða önnur verðbréf, jafngild hlutabréfum, skal tímabilið, sem um getur í 1. mgr., hefjast á þeim degi sem skilmálar lokaútbods viðkomandi verðbréfa eru birtir opinberlega og ljúka annaðhvort eigi síðar en 30 almanaksdögum eftir þann dag, sem útgefandi gerninganna fær í hendur greiðslu fyrir útgáfuna, eða eigi síðar en 60 almanaksdögum eftir dagsetningu úthlutunar áskrifta að viðkomandi verðbréfum, hvort sem verður fyrir.

9. gr.

Skilyrði um upplýsinga- og skýrslugjöf um verðjöfnun.

Útgefendur, tilboðsgjafar, þeir sem framkvæma verðjöfnun eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd, skulu birta opinberlega eftirfarandi upplýsingar á viðunandi hátt áður en útbodstímabil viðkomandi verðbréfa byrjar:

- Að verðjöfnun kunni að fara fram, að ekki sé öruggt að hún fari fram og að hún kunni að verða stöðvuð á einhverjum tímamarki.
- Að verðjöfnunarviðskiptum sé ætlað að styðja við markaðsverð viðkomandi verðbréfa.
- Á hvaða tímabili verðjöfnun kunni að eiga sér stað.
- Hver hafi umsjón með verðjöfnun, nema það sé ekki ljóst við birtingu og verður þá að birta það opinberlega áður en verðjöfnun hefst.
- Hvort upplýsingar um umframsöluheimild eða umframsölukauprétt liggi fyrir og hámarksumfang slíkra heimilda, tímabil hámarkskaupréttarins og skilyrði fyrir því að nýta sér umframsöluheimild eða umframsölukauprétt.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um útbod sem fara fram á grundvelli IV. kafla laga um verðbréfavíðskipti frá og með 1. janúar 2006.

Útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar sem taka að sér verðjöfnun skulu eigi síðar en við lok sjöundu daglegu markaðslootu eftir að slík viðskipti fara fram tilkynna Fjármálaeftirlitinu um verðjöfnunarviðskipti.

Útgefendur, tilboðsgjafar og þeir sem framkvæma verðjöfnun eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd skulu eigi síðar en einni viku eftir að verðjöfnunartímabili lauk birta opinberlega eftirfarandi upplýsingar á viðunandi hátt:

- Hvort verðjöfnun hafi farið fram.
- Hvenær verðjöfnun hófst.
- Hvenær verðjöfnun átti sér síðast stað.
- Á hvaða verðbili verðjöfnun hafi verið hvern þann dag sem verðjöfnunarviðskipti fóru fram.

Útgefendur, tilboðsgjafar og þeir sem framkvæma verðjöfnun eða aðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd skulu skrá öll verðjöfnunarfyrirmæli eða -viðskipti, þ.m.t. fyrirmæli og viðskipti með fjármálagerninga sem ekki hafa verið skráðir á skipulegan verðbréfamarkað ásamt a.m.k. þeim upplýsingunum sem tilgreindar eru í VII. kafla laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Þegar fleiri en eitt verðbréfafyrirtæki taka að sér verðjöfnun, hvort heldur er fyrir hönd útgefenda eða tilboðsgjafa, skal einn þessara aðila vera tengiliður sem Fjármálaeftirlitið getur snúið sér til.

10. gr.

Sérstök verðskilyrði.

Þegar um er að ræða útboð hlutabréfa eða annarra verðbréfa, sem eru jafngild hlutabréfum, má verðjöfnun viðkomandi verðbréfa aldrei vera framkvæmd á verði sem er hærra en útboðsverðið.

Þegar um er að ræða útboð á baktryggðum skuldaskjölum, sem eru breytanleg eða skiptanleg fyrir gerninga eins og getið er í 1. mgr., skal verðjöfnun ekki undir neinum kringumstæðum vera framkvæmd á hærra verði en markaðsverð þessara gerninga þegar lokaskilmálar hins nýja útboðs eru birtir.

11. gr.

Skilyrði fyrir stuðningi við verðjöfnun.

Til þess að falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. tölul. 2. mgr. 53. gr. og 2. mgr. 56. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003 skal stuðningur við verðjöfnun vera í samræmi við 9. gr. viðaukans og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Einungis er heimilt að leyfa umframsölu á viðkomandi verðbréfum á skráningartímabiliinu og á útboðsverði.
- b) Staða sem upp kemur vegna umframsöluheimildar verðbréfafyrirtækis, sem umframsölu- eða kaupréttur nær ekki til, má ekki vera hærri en sem nemur 5% af upprunalegu útboði.
- c) Réttihafar umframsölu- eða kaupréttar geta einungis nýtt sér slíkan rétt þegar leyfð hefur verið umframsala á viðkomandi verðbréfum.
- d) Umframsölu- eða kaupréttur getur ekki verið hærri en sem nemur 15% af upprunalegu útboði.
- e) Tímabilið sem nýta má umframsölu- eða kauprétt skal vera það sama og verðjöfnunar-tímabilið samkvæmt 8. gr. viðaukans.
- f) Tilkynna skal opinberlega um umframsölu- eða kauprétt, tafarlaust, ásamt öllum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hvenær hann verður nýttur og um fjölda viðkomandi verðbréfa og hvers eðlis þau eru.

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 2005

4. júlí 2005

1381

Nr. 631

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. júní 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgsreit vegna Hvítanesreits og Suðurgötu 107.

Hvítanesreitir.

Breytingarnar felast m.a. í að lóðirnar 12, 14, 16 og 18 við Kirkjubraut og lóðin nr. 3 við Sunnubraut og hluti af götunni Akurgerði verða sameinaðar í eina lóð, nr. 12 – 18 við Kirkjubraut og nýrri skilgreiningu á byggingareit. Við breytinguna verður Akurgerði lokað varanlega við Kirkjubraut. Breytingin felur í sér heimild til að reisa fjögurra hæða verslunar- og íbúðarhús ásamt geymslu- og bílakjallara, í stað stakra 2½ hæða húsa, á lóðum Kirkjubrautar 14-18. Nýtingarhlutfall lóðarinnar breytist úr 0,8 – 1,15 í 1,8. Lóðirnar nr. 22 við Kirkjubraut og Sunnubraut 7 verða íbúðarlóðir. Kirkjubraut er breytt úr vistgötu í tvístefnugötu.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Suðurgata 107.

Breytingin felst í að lengja byggingarreit á lóð nr. 107 við Suðurgötu úr 12 metrum í 17 metra og að svalir, þakkantur og útitröppur nái út fyrir byggingarreit. Íbúðum í húsinu verði fjölgað úr tveimur í þrjár, þar af verða tvær undir 80 m² og að heimilt verði að setja bílastæði við suðausturenda lóðar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 4. júlí 2005.

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs,

Skúli Lýðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.

Deildartunguhver.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag Deildartunguhvers, Borgarfjarðarsveit. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir þjónustuhúsi, torgi ásamt upplýsingaskiltum, safnþró, útsýnispalli og bílastæðum við Deildartunguhver.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvanneyri, svæði A, Sóltúnshverfi.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hvanneyrar, svæði A, Sóltúnshverfi, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í að stærð og staðsetning byggingarreita breytist.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykholt.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag í Reykholti, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir 11 íbúðarhúsalóðum og viðbyggingum við eldri byggingar á staðnum, m.a. kirkju, skóláhús og hótél. Auk þess eru skilgreind undirgöng að yfirbyggingu fornminja.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar, 24. júní 2005.

Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólshöfn.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnarsvæði Stykkishólmsbæjar er tvískipt. Eldri höfnin er milli Súgandiseyjar og Grunnasunds, en varnargarður austan við bryggjurnar loka sundinu milli eyjar og lands. Í Skipavík er hinn hluti hafnarinnar, milli Landeyjar og Grunnasunds.

Stykkishólshöfn takmarkast af línu sem hugsast dregin úr Baulutanga í Hvítabjarnarey, þaðan í Þorishólma, þaðan í Böllusker og þaðan í Þormóðsey í land við Ögur. Ytri höfnin nær um alla strandlengju Stykkishólmsbæjar. Innri höfnin takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Svartatanga í austurhorn Súgandiseyjar, þaðan í norðurhorn Landeyjar og úr vesturhorni Landeyjar í Búðanes.

Að öðru leyti afmarkast höfnin af strandlengjunni frá Vogsbotni að vesturmörkum Ögurs.

Landsvæði hafnarinnar skiptast í hafnarbakka, bryggjur, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði, götur, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Stykkishólmsbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn hafnarmála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skipa fimm fulltrúar og fimm til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og stýrir formaðurinn fundum hafnarstjórnar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skulu hafnarstjóri og hafnarvörður sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leigu á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi fyrir starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelða eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn. Bæjarstjóri gegnir störfum hafnarstjóra sé ekki til þess ráðinn sérstakur starfsmaður. Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar í

umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hafnarstjóri er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu, hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann vísað málum til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn og út úr hafnarsvæði Stykkishólshafnar.

Sérhvertt skip, sem ætlar til Stykkishólshafnar og skal hlíta eða óskar eftir hafnsögu skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 3 sjómílum undan Stykkishólshöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra er heimilt að veita skipstjóra skips sem skylt er að lúti hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá hafnsögu. Skilyrði undanþágu er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar síðastliðin 3 ár og komið næstliðið ár a.m.k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þær siglingar. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náð talstöðvar samband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Höfnin veitir, eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er

sléppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan í Stykkishólmi hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarverði skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður í eigu annarra en hafnarinnar er í leyfisleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olú, lýsi, olúsora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olú til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafnir til varnar mengun. Afgreiðsluaðili skal vera viðstaddur þegar olfu er dælt í eða úr skipi. Hann beri ábyrgð á að ítrasta hreinlætis sé gætt á hafnarsvæðinu og sjái um hreinsun ef þurfa þykir. Farist það fyrir skal hafnarvörður sjá um að hreinsun fari fram, en afgreiðsluaðili olfunnar greiði allan kostnað sem af því leiðir.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lúandi.

Hafnarstjóra er heimilt að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Vesturlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum Stykkishólshafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn nr. 165/1986.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir hafnir Austurbyggðar.

1. gr.

Stærð og takmörk hafnarinnar.

Hafnir Austurbyggðar eru:

Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn.

Takmörk á sjó eru:

Fáskrúðsfjarðarhöfn nær yfir Fáskrúðsfjörð innan línu sem hugsast dregin úr Mjóeyrar-odda norðan fjarðar í svonefnda Melrakkaeyri (Merki) sunnan fjarðar.

Stöðvarfjarðarhöfn nær yfir Stöðvarfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Kapalhaus norðan fjarðar og í Skútuklökk vestan fjarðar.

Takmörk á landi eru:

Fáskrúðsfjarðarhöfn:

Á strandlengjunni frá Melrakkaeyri að sunnan að Búðalæk innst í firðinum norðanmegin ræður stórstraumsfjöruborð. Frá Búðalæk ræður suðurbrún Búðavegar þar til Búðavegur, Hafnargata og Hamarsgata mætast, eftir það ræður suðurbrún Hafnargötu út að innri Hólknalæk, en frá Hólknalæk út á Mjóeyri ræður síðan stórstraumsfjöruborð.

Stöðvarfjarðarhöfn:

Frá Kapalhaus að línu, sem hugsast dregin mitt á milli íbúðarhússins Fjarðarbrautar 50 (Sætúns) og olíustöðvar ESSO að austan og frá Skútuklökk að Sellæk að vestan. Á þessari strandlengju ræður stórstraumsfjöruborð. Innan Stöðvarfjarðarkauptúns tilheyrir hafnarsvæðinu allt land frá línu vestan við íbúðarhúsið Fjarðarbraut 50 að austan til Sellæks að vestan og fylgir götunni Fjarðarbraut að norðan að gatnamótum hennar og Sævarenda, þaðan að suðurhlíð lóðamarka rafstöðvar Rarik við Sævarenda 1, síðan lína sem hugsast dregin með suðurhlíð þeirrar lóðar til vesturs að Sellæk. Á því svæði ræður stórstraumsfjöruborð einnig.

Landsvæði hafna Austurbyggðar skiptast í:

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

Austurbyggð, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Austurbyggðar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.

Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktu hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

Um aðra starfsmenn hafnarinnar.

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

Sérhvert skip, sem ætlar til Fáskrúðsfjarðarhafnar og óskar eftir hafnsögu, skal gera boð um það til starfsmanns hafnarinnar með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Fáskrúðsfjarðarhöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Sérhvert skip, sem ætlar til Stöðvarfjarðarhafnar og óskar eftir hafnsögu, skal gera boð um það til starfsmanns hafnarinnar með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Stöðvarfjarðarhöfn, ef skipstjóri æskir þess.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Höfnin sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

7. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði.

Lögreglan á Fáskrúðsfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónaúðsynlegan akstur hvers konar ökutækja og ónaúðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

8. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitni hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafnarinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúknings á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

9. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

10. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

11. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

12. gr.

Um skaðabótaskyldu.

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja

dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Austurlands. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

Kæruheimild.

Notendum hafna Austurbyggðar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnáslulaga.

14. gr.

Brot.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Fáskrúðsfjarðarhöfn, nr. 300/1972, með síðari breytingum og hafnarreglugerð fyrir Stöðvarfjarðarhöfn, nr. 207/1987, með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 6.990
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 8.250

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun. Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið. Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein. Ef fyrirtæki, sem sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunareftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar. Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	
Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks	
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	
Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs. Auk auglýsingakostnaðar ef við á	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eitur-

beiðnir og þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærra er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 117/2003 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit Vestfjarðasvæðis með breytingum nr. 1019/2003.

Bolungarvík, 30. júní 2005.

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða,
Anton Helgason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A
með gjaldskrá heilbrigðis og mengunareftirlits Vestfjarða.

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
900006	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,5		14.854
900003	Aðrar skólpheinsistöðvar	1		17.475
602430	Akstur flutningabíla	1		27.960
12401	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1		36.698
12402	Alifuglarækt > 40.000 stæði	2		73.395
970002	Almenningssalerni	0,25		4.369
632301	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5		30.581
523100	Apótek	0,5		16.601
523101	Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Vestfjörðum	0,25		6.116
268291	Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	0,5		12.233
851150	Áfengismeðferð	0,25		6.553
522500	Áfengisverslun	0,5		10.485
900009	Áhaldahús sveitarfélags	0,5		14.854
930203	Baðhús	0,5		11.359
158102	Bakarí, lítið	1		34.950
158103	Bakarí, miðlungs	11		50.190

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
158104	Bakarí, stórt	2	1	106.110
505001	Bensínstöðvar án matvæla	1		24.465
505002	Bensínstöðvar með matvöru	1		55.920
505003	Bensínstöðvar með veitingasölu	1	1	78.150
505000	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1		20.970
602101	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25		4.369
602201	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25		4.369
502004	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5		16.601
502005	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5		18.349
502006	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5		20.096
502001	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5		11.359
502002	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5		13.106
502003	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5		14.854
502008	Bifreiðaréttingar	0,25		5.679
502007	Bifreiðasprautun	0,5		18.349
503001	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5		16.601
503002	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5		27.086
503003	Bílapartasölur	0,5		19.223
159600	Bjórgerð	1		48.930
285201	Blikksmiði	0,25		5.243
11220	Blómarekt	0,5		19.223
524880	Blómaverslun	0,5		11.359
5020010	Bón- og bílaþvottur, handvirk	0,5		8.738
502009	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5		18.349
553018	Brauðstofur	1		38.445
158101	Brauðverksmiðjur	1	2	68.925
372002	Brennur, endurvinnsla úrgangs	0,5		9.437
524612	Byggingavöruverslanir, litlar	0,25		13.543
524611	Byggingavöruverslanir, stórar	0,5		41.066
552302	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5		10.485
552301	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	0,5		13.980
853211	Dagmómmur með > 6 börn	0,25		5.679
923401	Dansskólar	0,25		5.679
851111	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	0,5		19.223
851112	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	1		48.930
851113	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	1	1	65.918
851141	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	0,5		14.854
851142	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1		40.193
851143	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	1	55.433
852006	Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar	0,5		15.728
852004	Dýragæsla	0,25		7.864
852001	Dýralæknastofur án röntgen	0,25		5.243
852002	Dýralæknastofur með röntgen	0,5		11.359
852005	Dýrasnyrtistofur	0,25		7.864
852003	Dýraspítalar	0,5		15.728
930102	Efnalaugar	0,5		13.106
851130	Endurhæfing	0,5		12.233
372001	Endurvinnsla úrgangs	0,25		9.611
752301	Fangelsi, lítið	0,5		13.980
752302	Fangelsi, miðlungs	1		41.940
752303	Fangelsi, stórt	1		48.930
552101	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	0,25		5.243
552102	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	0,25		5.243
853262	Félagsaðstaða fyrir fulloröna, með fullbúnu eldhúsi	1	1	48.443
853261	Félagsaðstaða fyrir fulloröna, með móttökueldhúsi	1		33.203
853240	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5		14.854
522304	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1		22.718
522305	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1		26.213

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
522306	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	1	39.705
522301	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1		27.960
522302	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	1	43.200
522303	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	1	1	46.695
511720	Fiskmarkaðir	1		24.465
152072	Fiskmjölsvinnsla	3		110.093
154201	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	1		38.445
632302	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,25		3.058
632301	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5		12.233
851491	Fótaaðgerðarstofur	0,5		11.359
748102	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5		13.980
266100	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,25		5.679
156102	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	2	58.440
261100	Framleiðsla á glerplötum	0,25		5.679
241100	Framleiðsla á iðnaðargasi	2		45.435
153103	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	1	1	39.705
202000	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	0,25		3.058
154101	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi < 10 tonn á dag	1		31.455
154102	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi > 10 tonn á dag	2		62.910
252200	Framleiðsla á umbúðaplasti	0,25		5.243
158501	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1		17.475
159100	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1		48.930
157120	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	0,25		5.243
261300	Framleiðsla glerfláta	0,25		4.806
159801	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið	1		41.940
159802	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	1	57.180
159803	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	2	1	137.565
154200	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	1		31.455
157110	Framleiðsla húsdyrafóðurs	0,25		5.243
158800	Framleiðsla mjólkurdufts	1	1	57.180
266300	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,25		7.427
212200	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	0,25		5.679
802101	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám, án mötuneytis	0,5		19.223
802103	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám, með fullbúnu eldhúsi	1		57.668
802102	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám, með móttökueldhúsi	1		48.930
802201	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám, án mötuneytis	0,5		19.223
802203	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám, með fullbúnu eldhúsi	1	1	65.918
802202	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám, með móttökueldhúsi	1		48.930
802204	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	1	3	87.660
803001	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	0,5		19.223
803003	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	1	1	65.918
803002	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	1		48.930
201001	Fúavörn á viði	0,25		6.553
631204	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,25		1.748
242001	Garðauðun	0,5		15.728
631207	Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými (STP)	1		6.990
631206	Gasbirgðastöðvar með > 100 m ³ geymslurými (STP)	1		6.990
900005	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5		14.854
900004	Gámastöð	0,5		14.854
801001	Grunnskólar án mötuneytis	0,5		11.359
801003	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	1	1	65.918
801002	Grunnskólar með móttökueldhúsi	1		48.930
251301	Gúmmivinnsla	0,25		5.679
524910	Gæludýraverslun	0,25		4.369
853223	Gæsluvellir	0,5		16.601
853223	Gæsluvellir og opin leiksvæði	1		33.203

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
152050	Harðfiskverkun	0,25		6.553
930200	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5		13.106
930201	Hárgreiðslustofur	0,5		11.359
514420	Heildverslun með hreingerningarefni	1		82.133
513101	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1		27.960
513102	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1		34.950
513103	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	1	53.685
515501	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	0,5		34.076
514500	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	1		82.133
514501	Heildverslun með snyrtivöru	1		82.133
513600	Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	1		38.445
513901	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	1		27.960
513902	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1		34.950
513903	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	1	50.190
851211	Heilsugæslustöðvar	0,25		6.553
853110	Heimili fyrir börn og unglínga	0,25		5.679
152041	Heitloftsþurrkun fiskafurða	1		22.718
926201	Hestahald	0,25		5.679
926201	Hestaleigur og reiðskólar	0,25		4.806
551101	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	1		45.435
551102	Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	1		61.163
551103	Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	1	1	85.140
551201	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)	0,25		5.679
551202	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)	0,5		13.980
551203	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	0,5		15.728
245101	Hreinlætisvöruverksmiðjur	0,5		27.086
152051	Hrógnavinnsla, lítil	0,25		6.029
14201	Hundahótel	0,25		4.806
851494	Húðflúrstofur	1		26.213
851495	Húðgötun	1		26.213
925301	Húsdýragarðar	0,25		5.679
361201	Húsgagnaiðnaður með lökkun	0,5		12.233
155200	Ísgerð	2	4	137.850
926104	Íþróttahús, lítil	0,5		13.106
926105	Íþróttahús, miðlungs	0,5		16.601
926106	Íþróttahús, stór	0,5		20.096
926107	Íþróttavellir	0,25		5.679
372004	Jarðboranir	1		18.873
524613	Járnvöruverslanir	0,5		27.086
154203	Kaldhreinsun lýsis	1		31.455
12590	Kanínurækt	0,25		4.806
153101	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	1	1	39.705
153102	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	2	1	71.160
153100	Kartöfluvinnsla — þökkun	0,25		5.243
14202	Kattahótel	0,25		4.806
158201	Kexverksmiðjur	2	1	99.120
913111	Kirkjur	0,25		5.679
913112	Kirkjur með safnaðarheimili m/ móttökueldhúsi	0,5		14.854
913112	Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhúsi	0,5		11.359
913110	Kirkjur/þænahús. Lítil notkun > 6 x á ári	0		0
851492	Kírópraktor	0,25		5.679
151307	Kjötpökkunarstöð	2	4	116.880
151304	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	1	2	58.440
151305	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	4	144.840
151306	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	8	244.245
151301	Kjötvinnsla, lítil	1	2	44.460
151302	Kjötvinnsla, miðlungs	2	4	116.880

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnaffjöldi	Gjald kr.
151303	Kjötvinnsla, stór	3	8	202.305
554002	Krár, kaffihús án matsölu (lítil starfsemi > 50 gestir	0,5		12.233
554001	Krár, kaffihús með matsölu	1		33.203
158701	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1		24.465
158702	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	1	43.200
158703	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	1	53.685
50221	Kræklingaeldi	0,25		9.611
921301	Kvikmyndahús	0,5		16.601
631205	Kæli- og frystigeymslur	0,25		3.058
292301	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,25		10.048
158202	Kökugerð, lítil	1		20.970
158203	Kökugerð, miðlungs	1	1	37.958
158204	Kökugerð, stór	1	1	41.453
152080	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttu lítil	1	1	39.705
152081	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttu, miðlungs	1	2	58.440
152082	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttu, stór	1	3	73.680
50220	Land- og kvíaelði	0,5		17.475
153303	Lauksteikingarverksmiðjur	1		31.455
191001	Leðurvinnsla	0,25		4.806
923101	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25		5.679
923103	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1		40.193
923102	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5		16.601
853222	Leikskólar með fullbúið eldhús	1		43.688
853221	Leikskólar með móttökueldhúsi	1		34.950
262101	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m ³	0,25		6.116
173001	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1		22.718
930401	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5		11.359
930404	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	1	30.968
930402	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1		26.213
930405	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	1	34.463
930403	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1		27.960
930406	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	1	36.210
930301	Líkbrennslur	0,25		5.679
748103	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5		12.233
12520	Loðdýrabú	1		34.950
244200	Lyfjagerð	0,25		13.543
851222	Læknahús með aðgerðarstofum	0,25		5.679
851221	Læknastofur	0,25		5.679
142100	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25		7.427
526200	Markaðir	1		52.425
526201	Markaðir	1		52.425
553011	Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	1		33.203
553012	Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir)	1	1	57.180
553013	Matsölustaðir, stórir (> 100 gestir)	1	1	64.170
553017	Matsöluvagnar	1		29.708
521124	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1		27.960
521125	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	1	50.190
521126	Matvöruverslun án vinnslu, stór	1	1	64.170
521121	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	1	44.948
521122	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum)	1	2	74.168
521123	Matvöruverslun með vinnslu, stór	1	3	96.398
275001	Málmsteypa < 20 tonn á dag	0,5		20.970
524620	Málningar- og veggfóðurverslun	0,5		27.086
243001	Málningarverksmiðjur	1		92.618
524621	Málningavöruverslanir	0,25		13.543
285100	Meðferð og húðun málna	0,5		14.854
156101	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	0,25		1.748

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
202002	Meindýravarnir	0,5		15.728
155101	Mjólkurbú	1	4	85.425
155100	Mjólkurbú og ostagerð	3	6	232.988
152071	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	1		29.708
515703	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5		12.233
515702	Móttaka brotamálms	2		101.355
154202	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	1		31.455
555101	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1		34.950
555102	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1		41.940
555103	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	1	1	60.675
555104	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1		24.465
555105	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1		33.203
555106	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (>100 gestir)	1		40.193
145000	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	1		29.708
143000	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	0,25		7.427
515701	Niðurrif bifreiða	1		27.960
930409	Nuddstofur	0,25		5.679
222210	Öffset- og hæðarprentun	1		29.708
268291	Ólífumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1		55.920
155102	Ostagerð	2	2	121.350
212101	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	0,25		5.679
252101	Plastiðnaður	0,5		13.106
222294	Prentiðnaður með framköllun	0,5		17.475
222291	Prentiðnaður, lítill	0,5		13.980
222292	Prentiðnaður, miðlungs	0,5		17.475
222293	Prentiðnaður, stór	1		50.678
222400	Prentsmíð	0,5		14.854
222100	Prentun dagblaða	1		55.920
314001	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	0,25		6.990
316201	Rafvélarverkstæði	0,25		5.679
851430	Rannsóknarstofur í læknisfræði	0,25		5.679
5020011	Ryðvarnarverkstæði	0,5		27.960
851431	Röntgenstofur	0,5		11.359
555201	Sala á tilbúnum mat, lítill	1		27.960
555202	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	1	43.200
555203	Sala á tilbúnum mat, stór	1	1	57.180
524994	Sala eiturefna	1		68.153
153302	Salatgerð	1	2	51.450
152020	Saltfiskverkun	0,5		11.359
144000	Saltvinnsla	1		29.708
554003	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25		5.679
554005	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	1		40.193
554004	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5		16.601
222220	Sáldprentun	1		29.708
50212	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5		15.728
50211	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	1		34.950
50213	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25		7.864
372003	Seyrugryfjur, endurvinnsla	0,5		9.437
851120	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	0,5		19.223
851411	Sjúkraþjálfun	0,25		5.679
553021	Skemmtistaðir án matsölu	0,5		11.359
553020	Skemmtistaðir með matsölu	1		31.455
926108	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25		7.427
927201	Skotvellir	0,25		5.679
900002	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	1		17.475
900001	Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe	2		34.950
287401	Skrúfuframleiðsla	0,25		5.243

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
261200	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25		1.748
553014	Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	1	1	39.705
553015	Skyndibitastaðir, miðlungs (allt að 51-100 gestir)	1	1	53.685
553016	Skyndibitastaðir, stórir (>100 gestir)	1	1	57.180
151101	Sláturhús < 50 t/dag	1		45.435
151102	Sláturhús > 50 t/dag	2		90.870
522401	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1		22.718
522402	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	1	43.200
522403	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	1	46.695
524993	Smásala efna í flokkum X, A og B	0,5		27.086
525000	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5		27.086
154300	Smjörflkisgerð	1	1	39.705
5020012	Smurstöðvar	0,5		13.106
930202	Snyrtistofur	0,25		5.679
245201	Snyrtivöruframleiðsla	0,25		13.543
523301	Snyrtivöruverslun	0,25		8.301
900008	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	6		167.760
900007	Sorpflutningar og sorphirða	0,25		8.301
930407	Sólbaðstofur án heitra potta	0,25		5.679
930408	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	1	32.715
401002	Spennaviðgerðir	1		31.455
401001	Spennistöðvar	0,25		9.611
551402	Starfsmannabúðir 17-50 manns, tímabundin starfsemi			0
551401	Starfsmannabúðir < 16 manns			0
551404	Starfsmannabúðir 101-500 manns, tímabundin starfsemi			0
551405	Starfsmannabúðir 500-1000 manns, tímabundin starfsemi			0
551403	Starfsmannabúðir, 51-100 manns, tímabundin starfsemi			0
351101	Stálsmiði og stálskipagerð	0,5		27.960
142101	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	0,25		6.990
267000	Steinmiði	0,25		4.806
521112	Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu	1	2	121.350
521111	Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvælavinnslu	1	3	136.590
153301	Sultu- og ávaxtagroutargerð	1	2	51.450
926101	Sundstaðir, litlir	1	2	42.713
926102	Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum)	2	4	92.415
926103	Sundstaðir, stórir	3	5	140.858
158401	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	1	57.180
12301	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1		41.940
12302	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1		55.920
20101	Sögunarmyllur	0,25		1.748
521131	Söluturnar án óvarinna matvæla	1		15.728
521132	Söluturnar með óvarin matvæla, litlir	1		20.970
521133	Söluturnar með óvarin matvæla, miðlungs	1	0	34.950
521134	Söluturnar með óvarin matvæla, stórir	1	1	50.190
851311	Tannlæknastofur	0,25		5.679
851320	Tannsmíðar	0,5		8.738
158600	Te- og kaffiframleiðsla	1		19.223
552201	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5		10.485
552202	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5		12.233
552203	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	0,5		13.980
804220	Tónlistarskólar	0,25		6.116
203092	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5		12.233
203091	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5		13.980
171001	Ullarþvottastöðvar	1		33.203
511710	Umboðsverslun með fisk	1		24.465
524992	Varahlutaverslanir, ekki bíla	0,5		27.086
410006	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	4	4	116.880
410005	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	12	12	350.640

Isat	Heiti atvinnugreinar	Tíðni	Sýnafjöldi	Gjald kr.
410007	Vatnsveitur, einka	1		20.970
171002	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	0,25		6.553
524991	Véla- og tækjasölur	0,5		27.086
291100	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5		11.359
5020013	Viðgerðaraðstaða	0,5		10.485
5020013	Viðgerðaraðstaða eigin véla	0,5		11.534
351102	Viðhald og niðurrif skipa	1		27.960
152061	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	0,5		13.980
152062	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1		34.950
152063	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1		55.920
252102	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,25		5.679
851144	Vistheimili	0,5		13.106
287301	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	0,25		5.243
632101	Vöruflutningamiðstöðvar	1		41.940
631201	Vörugeymslur, litlar	1		24.465
631202	Vörugeymslur, miðlungs	1		34.950
631203	Vörugeymslur, stórar	1		41.940
851493	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25		5.679
930101	Þvottahús	0,25		5.679
930100	Þvottahús og efnalaugar	0,5		13.106
752501	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25		5.679
804100	Ökuskólar, flugsjólar o.fl.	0,25		6.116
804290	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25		6.116
152090	Önnur ótalin fiskvinnsla	0,5		10.485
522700	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	1	43.200

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Borgarbyggðar, nr. 362/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 45. gr. samþykktarinnar fellur 2. málsl. brott.

2. gr.

57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

57. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.

A. Bæjarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir.

1. *Bæjarráð.* Þrjú bæjarfulltrúar og þrjú til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð sem aðalmenn. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð fyrst á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna einn bæjarfulltrúa sem áheyrnarfulltrúa hver og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt.
2. *Kjörstjórn.* Þrjú fulltrúar og jafnmargir til vara. Kjörstjórn er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til fjögurra ára. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

3. *Undirkjörstjórnir*. Þrjár undirkjörstjórnir, ein fyrir hverja kjördeild:
 - Lyngbrekkukjördeild fyrir svæðið vestan Langár.
 - Borgarneskjördeild fyrir svæðið milli Langár og Gljúfurár.
 - Þinghamarskjördeild fyrir svæðið ofan Gljúfurár.
 Í hverja undirkjörstjórn skal kjósa þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Undirkjörstjórnir eru kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar til fjögurra ára. Undirkjörstjórnir fara með kosningar samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
4. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt lögum samtakanna. Fulltrúar bæjarins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
5. *Umhverfis- og skipulagsnefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum nr. 73/1997 og reglugerðum nr. 400/1998 og nr. 441/1998. Nefndin fer með umhverfismál, náttúruverndarmál samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 og umferðarmál samkvæmt lögum nr. 50/1987. Nefndin fer einnig með veitumál samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
6. *Félagsmálanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og málefni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998. Félagsmálanefnd hefur eftirlit með daggæslu í heimahúsum, umsjón með framkvæmd laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með húsnæðismál, sbr. lög um húsnæðismál nr. 44/1998, svo og húsaleigumál, sbr. húsaleigulög nr. 36/1994. Félagsmálanefnd tilnefnir þrjá fulltrúa í barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
7. *Menningarmálanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með stjórn Listasafns Borgarness og stjórn Menningarsjóðs Borgarbyggðar. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
8. *Fræðslunefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 (undanskilið er skólahverfi Varmalandsskóla), tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og samkvæmt ákvæðum samstarfssamninga sem um rekstur tónlistarskóla gilda hverju sinni og framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 og samstarfssamninga um rekstur framhaldsskóla sem gilda hverju sinni. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
9. *Skólanefnd* (Grunnskólinn Varmalandi). Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara. Skólanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Skólanefndin fer með málefni Varmalandsskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og erindisbréfi og málefni Þinghamars samkvæmt samþykktum þess, auk fjármálalegrar ábyrgðar gagnvart bæjarstjórn.

10. *Tómstundanefnd.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum og lögum um æskulýðsmál nr. 24/1970. Tómsundanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
 11. *Landbúnaðarnefnd.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Landbúnaðarnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Landbúnaðarnefnd fer með landbúnaðarmálefni, sbr. lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.
 12. *Afréttarnefndir.* Kosnir eru þrjár fulltrúar og jafnmargir varafulltrúar í fimm afréttarnefndir, eina fyrir hvert eftirtalinn svæða:
 - a. fyrrum Borgarhrepp,
 - b. fyrrum Hraunhrepp,
 - c. fyrrum Álftaneshrepp,
 - d. Stafholtstungur og Norðurárdal vestan Norðurár og
 - e. Stafholtstungur, Þverárhlið og Norðurárdal sunnan Norðurár.Afréttarnefndir eru kosnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar. Afréttarnefndir fara með afréttar- og fjallskilamál undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Formenn afréttarnefnda fara með atkvæðisrétt í veiðifélögum fyrir afréttarlandi.
 13. *Starfskjaranefnd.* Tveir bæjarfulltrúar og tveir til vara. Annar fulltrúinn skal jafnframt vera fulltrúi í bæjarráði. Nefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar. Starfskjaranefnd fer með verkefni samkvæmt samkomulagi launaneftdar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Borgarbyggðar.
 14. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Tveir skoðunarmenn og jafnmargir til vara samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar.
- B. Stjórnir og samstarfsráð.** Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd, innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.
1. *Héraðsnefnd Mýrasýslu.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum nefndarinnar. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert, vegna næstkomandi aðalfundar.
 2. *Almannavarnanefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.* Einn fulltrúi og annar til vara. Fulltrúi bæjarins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.
 3. *Stjórn Dvalarheimilis aldraðra.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum fyrir Dvalarheimilið. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 4. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt lögum sambandsins. Fulltrúar bæjarins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
 5. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Einn fulltrúi og annar til vara samkvæmt lögum um Brunabótafélag Íslands. Fulltrúi bæjarins er kosinn á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hans hið sama og bæjarstjórnar.

6. *Fulltrúaráð Sparisjóðs Mýrasýslu*. Átján fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt lögum um fjármálastofnanir og samþykktum sjóðsins. Fulltrúar bæjarins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
7. *Stjórn Safnahúss Borgarfjarðar*. Bæjarstjórn tilnefnir fulltrúa samkvæmt samþykktum þess.
8. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt samningi um skólann og ákvæðum laga um framhaldsskóla nr. 80/1996. Fulltrúar sveitarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
9. *Hagasjóður*. Þrír fulltrúar úr fyrrum Hraunhreppi í stjórn Hagasjóðs. Stjórnin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Stjórn fer með verkefni samkvæmt skipulagsskrá fyrir Hagasjóð nr. 593/1994.
10. *Húsnefnd Lyngbrekku*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Húsnefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins Lyngbrekku samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Lyngbrekku.
11. *Húsnefnd Valfells*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Húsnefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnefnd fer með rekstur félagsheimilisins Valfells samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir Valfell.
12. *Húsnefnd samkomuhússins við Þverárrétt*. Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara. Húsnefndin skal kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnefnd fer með rekstur samkomuhússins samkvæmt lögum um félagsheimili og samþykktum fyrir samkomuhúsið við Þverárrétt.

3. gr.

1. másl. 1. mgr. 65. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana bæjarfélagsins fyrir komandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn.

4. gr.

Í stað orðanna „innan eins mánaðar“ í 68. gr. samþykktarinnar kemur: innan tveggja mánaða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 2005.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

G. Dýrleif Kristjánsdóttir.

REGLUGERÐ

um verkunarstöðvar fyrir hreindýrakjöt.

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur.

Megintilgangur reglugerðar þessarar er að tryggja að hreindýraafurðir séu öruggar til neyslu. Reglugerð þessi skilgreinir þær kröfur sem gerðar eru til verkunarstöðva sem ætlaðar eru til verkunar og vinnslu á hreindýrakjöti.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Löggiltar verkunarstöðvar.

Allar hreindýraafurðir sem dreifa á og selja á almennum markaði skulu verkaðar, unnar og geymdar í löggiltum verkunarstöðvum með viðurkenndum kæli- og kjöfrystigeymslum.

3. gr.

Löggilding.

Hver sá sem hyggst útbúa húsnæði í framangreindum tilgangi skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum, ásamt nákvæmri skriflegri lýsingu á aðstöðunni. Landbúnaðarráðuneytið löggildir aðstöðuna að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

4. gr.

Árleg skoðun.

Héraðsdýralæknar skulu árlega skoða húsnæði og búnað vinnslusala í löggiltum verkunarstöðvum fyrir hreindýrakjöt og skila skýrslu til yfirdýralæknis og umsækjanda/umráðamanns. Í skýrslunni skal koma fram lýsing á viðkomandi aðstöðu, hvaða athugasemdir eru gerðar og kröfur um úrbætur og þeir frestir sem rekstraraðili hefur til að framkvæma úrbætur.

III. KAFLI

Verkunarstöðvar og meðferð hreindýrakjöts.

5. gr.

Starfsleyfi.

Rekstraraðili verkunarstöðvar skal hafa gilt skriflegt leyfi frá embætti yfirdýralæknis fyrir starfseminni. Honum ber að starfrækja innra eftirlit í verkunarstöð.

6. gr.

Kröfur varðandi afurðir.

Ferskt hreindýrakjöt sem boðið er til sölu á almennum markaði í heilum skrokkum, hálfum skrokkum eða í fjórðungum, skal uppfylla eftirfarandi kröfur, sama á við um úrbeinaða hluta skrokka:

1. Vera af dýrum sem eru löglega skotin og fyllsta hreinlætis verið gætt við innanúr-töku og meðferð og hafa fengið viðunandi kælingu. Hafi rekstraraðili grun um að skrokkur uppfylli ekki lágmarkskröfur skal setja hann til hliðar og tryggja að hann mengi ekki aðra skrokka.
2. Vera af dýrum sem veruð eru í löggiltri aðstöðu.

3. Koma frá verkunarstöðvum sem hafa starfsleyfi frá embætti yfirdýralæknis til verkunar á hreindýrakjöti.
4. Hafa verið meðhöndlað við fullnægjandi hreinlætisaðstæður í verkunarstöðvum.
5. Hafa verið heilbrigðisskoðað af kjötskoðunarlækni í verkunarstöð.
6. Hafa heilbrigðismerki.
7. Hafa verið undir opinberu eftirliti í flutningum og geymslu að kjötskoðun lokinni.
8. Hreinlæti við vinnslu, þökkun og flutning skal fylgja sömu kröfum og gildir um annað ferskt kjöt.

IV. KAFLI

Aðstaða og útbúnaður í verkunarstöðvum.

7. gr.

Almennt.

Aðstaða í löggiltum verkunarstöðvum skal að lágmarki uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Gólf í vinnslusölum á að vera úr slitsterku efni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa og lagt þannig að vatn renni greiðlega að niðurföllum sem skulu vera með vatnslásum og ristum.
2. Frárennsli skulu uppfylla kröfur skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
3. Í vinnslusal skal vera nægur fjöldi viðeigandi hreinlætistækja með heitu vatni til handþvotta og þvotta og sótthreinsunar á handverkfærum eins nálægt vinnustöðvum og unnt er.
4. Handlaugar skulu hafa kalt og heitt vatn eða hæfilega heitt blandað vatn og frárennsli skulu vera lokuð. Við handlaugar skal vera fljótandi sápa og sótthreinsiefni, einnota handþurrkur og ílát fyrir notaðar þurrkur eða annað sambærilegt.
5. Loftræsting skal vera fullnægjandi þannig að ekki setjist þéttivatn á loft, vegg og innréttingar.
6. Lýsing skal vera fullnægjandi og má ekki hafa áhrif á liti.
7. Búnaður til þess að sótthreinsa verkfæri með a.m.k. 82°C heitu vatni skal vera á staðnum.
8. Tæki og búnað, svo sem upphengi, skurðarborð, ílát, hnífar, sagir og annað sem nota þarf.
9. Nægjanlegt magn af heitu vatni af neysluvatnsgæðum, sbr. reglugerð um neysluvatn.

8. gr.

Kælar og frystar.

Kæla fyrir ferskt kjöt skal vera auðvelt að þrifa og nægjanlega stórir, þannig að það kjöt sem þar á að geyma rúmist vel. Hitastig í kælum skal vera 0-4°C. Þar skal ávallt vera til staðar hitamælir.

Frysta og geymslur fyrir frosið kjöt skal vera auðvelt að þrifa og nægjanlega stór, þannig að það kjöt sem þar á að geyma rúmist vel. Frystar og geymslur fyrir frosið kjöt skulu geta haldið hitastigi við -18°C eða lægra.

V. KAFLI

Heilbrigðisskoðun.

9. gr.

Eftirlit kjötskoðunarlækna.

Kjötskoðunarlæknar hjá embætti yfirdýralæknis skulu hafa eftirlit með verkunarstöðvum fyrir hreindýrakjöt.

Búnaður og aðstaða í verkunarstöðvum skulu vera þannig að unnt sé að framkvæma heilbrigðisskoðun á viðunandi hátt.

Kjötskoðunarlæknir ber ábyrgð á heilbrigðismerkingu afurða og skal fylgjast með því að misnotkun heilbrigðisstimpla, innsigliðsmiða, merkimiða og umbúða með heilbrigðismerki, eigi sér ekki stað.

Kjötskoðunarlæknir skal jafnframt skrá þær upplýsingar um hreindýr, sem tryggja rekjanleika dýrsins og senda þær upplýsingar til yfirdýralæknis að kjötskoðun lokinni. Rekjanleikanúmer dýrsins er veiðileyfisnúmer veiðimanns.

Þóknun fyrir heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna skal vera samkvæmt gjaldskrá embættisins yfirdýralæknis.

10. gr.

Heilbrigðismerki.

Kjöt sem flutt er úr verkunarstöð í heilum skrokkum eða skrokkhlutum skal stimplað skv. ákvæðum XI. kafla, tölul. 48, staflíð b í viðauka I með reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða.

Úrbeinað, pakkað kjöt og aðrar pakkaðar sláturafurðir skal verkunarstöð merkja með heilbrigðismerki pökkunarstöðvar, ásamt rekjanleikanúmeri dýrsins. Merkið skal setja á miða sem festur er á umbúðir eða prentað á þær þannig að það eyðileggist þegar umbúðir eru rofnar.

VI. KAFLI

Hreinlæti í verkunarstöðvum og aðstaða starfsfólks.

11. gr.

Starfsmannaaðstaða.

Aðstaða starfsfólks skal uppfylla kröfur sem eftirlitsaðilar gera. Að lágmarki skal starfsfólk hafa aðgang að búningsherbergi, kaffistofu og vel búnum snyrtingum.

12. gr.

Þrif.

Verkunarstöðvar skulu hafa sérstakan búnað og aðstöðu með heitu og köldu háprýstu vatni, góðu frárennsli og góðri lýsingu til þess að þrifa og sótthreinsa vinnslusvæði.

Gæta skal fyllsta hreinlætis við vinnslu og meðhöndlun afurða. Þetta á jafnt við um persónulegt hreinlæti og þrif á búnaði og húsnæði. Starfsfólk sem vinnur við slátrun, vinnslu á afurðum eða pökkun á vöru skal klæðast ljósum hlífðarfatnaði, sem leyfishafi leggur til. Til hlífðarfatnaðar teljast hárnét, fótabúnaður, buxur og sloppur eða skyrti. Annan hlífðarbúnað skal nota eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Skipta á um fatnað þegar það er nauðsynlegt til að fyllsta hreinlæti sé gætt. Starfsfólk skal reglulega þvo og sótthreinsa hendur og alltaf áður en vinna hefst í upphafi dags, eftir hlé og eftir salernisferðir. Hendur skal ávallt þvo og sótthreinsa umsvifalaust, hafi þær mengast af óhreinindum eða sýktum afurðum.

Allan búnað verkunarstöðva skal þrifa og sótthreinsa reglulega meðan á vinnslu stendur, þegar vinnslu lýkur og áður en vinnsla hefst, hafi búnaðurinn mengast í millitíðinni.

Þegar þrifum og sótthreinsun er lokið skal skola alla fleti vandlega með vatni af neysluvatnsgæðum.

Einungis má nota ræsti- og sótthreinsiefni sem viðurkennd hafa verið af Umhverfisstofnun.

VII. KAFLI

Flutningur á afurðum og ýmis ákvæði.

13. gr.

Flutningsaðili.

Allt hreindýrakjöt sem flutt er úr vinnslustöð að heilbrigðisskoðun lokinni og á að dreifa eða selja á almennan markað skal flytja með viðurkenndum flutningsaðila, sem starfrækir innra eftirlit, í þar til gerðu farartæki með kæli eða frysti.

14. gr.

Meindýr og úrgangur.

Í vinnslustöðvum skal nota viðeigandi búnað til varnar meindýrum s.s. skordýrum, rottum og músum. Allan úrgang skal flytja í viðurkennda móttökustöð fyrir sorp.

15. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og 20. gr. laga nr. 93/1995.

Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING**Persónuverndar um flutning persónuupplýsinga til annarra landa.**

1. gr.

*Flutningur persónuupplýsinga úr landi.**Fullnægjandi vernd.*

Lög eftirtalinna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Sviss
- b. Kanada
- c. Argentína
- d. Guernsey
- e. Mön

2. gr.

Hið sama og greinir í 1. gr. á við:

1. Ef um flutning persónuupplýsinga fer samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út; sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000.
Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7.
Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000.
2. Ef um er að ræða miðlun persónuupplýsinga um flugfarþega og áhafnir flugvéla úr bókunarkerfum íslenskra flugfélaga til Tolla- og landamæraeftirlits Bandaríkjanna (U.S. Customs and Border Protection) í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar EB nr. 2004/535/EB frá 14. maí 2004 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í færslum í bókunarkerfum flugfélaga um einstaka flugfarþega sem miðlað er til bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins.
3. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála fyrir leyfi til flutningsins, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlendi ábyrgðaraðili hafi áður gert við hinn erlenda viðtökuaðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34.
Ákvörðun nr. 4/02. (EES-viðbætur nr. 18/5, 4.4.2002). Gildistaka: 2.2.2002.
4. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlendi ábyrgðaraðili hafi áður gert við vinnsluaðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.
Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52.
Ákvörðun nr. 87/02. (EES-viðbætur 49/41, 3.10.2002). Gildistaka: 26.6.2002.

3. gr.

Gildistaka o.fl.

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 435/2003, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 974/2003.

Persónuvernd, 1. júní 2005.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum, Flókagata 7, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum, Flókagata 7, Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir bílskúr á lóð nr. 7 við Flókagötu verður stækkaður og færður til. Einnig verður gólfplata bílskúrs lækkuð. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 29. júní 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi Valla 2. áfanga á skólalóð við Dreka­velli 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga á skólalóð við Dreka­velli 9 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðir leikskóla og grunnskóla er sameinaðar í eina lóð, Dreka­velli 9. Byggingarreitur grunnskóla og íþróttahúss eru sameinaðir. Samhliða eru gerðar smávægilegar breytingar á umferðartæknilegri útfærslu götunnar og bílastæðum við Dreka­velli. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Íshellu 1-5a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Íshellu 1-5a í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að nýting lóðar á Íshellu 1 verði breytt úr iðnaðarlóð í þjónustulóð auk stækkunar og framlengingu á vegi við Íshellu. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi vegna Hringhellu 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 17. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Hringhellu 8 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að nýting lóðar nr. 8 við Hringhellu breytist úr þjónustulóð í iðnaðarlóð og byggingarreitur er stækkaður úr 253,5 m² í 435 m². Farið var með breytinguna samkv. 1.

mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 28. júní 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

9. mgr. 18. gr. orðast svo: Próftökugjald kr. 6.000 er innheimt vegna sjúkra- og endurtökuprófa í janúar og maí/júní. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálfkrátningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 27. maí 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Hermann Óskarsson,
ritari háskólaráðs.

REGLUR

um breytingu á prófareglum fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

5. gr., d-liður, orðast svo: Próftökugjald kr. 6.000 er innheimt vegna sjúkra- og endurtökuprófa í janúar og maí/júní. Eftir þriðju tilraun ber stúdent að greiða hálfkrátningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 27. maí 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Hermann Óskarsson,
ritari háskólaráðs.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Vatnsendi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. júní 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að tveggja ha landbúnaðarsvæði neðan Skorradalsvegur nr. 508 og 13 ha svæðis til útivistar norðan vegar er breytt í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Skorradalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. júní 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003.

1. gr.

a-liður 1. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Með greiðslu upphæðar, sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.

2. gr.

b-liður 1. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Með greiðslu upphæðar sem nemur eðlilegum kostnaði við framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vegna aðkeyptrar vinnu við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í a-lið bætast orðin „í fjögur ár eftir sameiningu“ á eftir orðinu „framkvæmdastjóra“.
- b. Í c-lið koma orðin „í allt að fimm ár frá sameiningu“ í stað orðanna „fyrstu fjögur árin eftir sameiningu“.

4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þær þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. júní 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKTIR

fyrir Veiðifélag Hornafjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hornafjarðar. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns félagsins.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að á eða stöðuvatni sem liggur að Hornafjarðarósi, en þær eru: Hafnarnes 1, Hafnarnes 2, Horn 1, Horn 2, Dynjandi, Þinganes, Grænahraun, Sauðanes, Hagi, Dilksnes, Hjarðarnes, Ártún, Hólar, Dýhóll, Seljavellir, Akurnes, Árnanes 1, Árnanes 2, Árnanes 3, Árnanes 4, Borgir, Meðalfell 1, Meðalfell 2, Fornustekkar, Austurhóll, Brekkubær, Grund, Bjarnanes 1, Bjarnanes 2, Miðsker, Ás, Stapi, Stapi, Stóralág, Lindarbakki, Krossbær, Setberg 1, Setberg 2, Setberg 3, Hoffell 1, Hoffell 2, Miðfell, Svínafell, Flatey 1, Flatey 2, Holtasel, Tjörn, Kyljarholt, Hólabrekka, Holtahólar, Stóraból, Stóraból, Einholt, Borg, Nípugarðar, Bakki, Hólmur, Hólmur, Brunnhóll, Árbær, Lambleksstaðir, Viðborðssel, Viðborðssel, Viðborð, Rauðaberg 1, Rauðaberg 2 og Hlíðarberg.

Atkvæðisrétt hafa eingöngu jarðir, sem metnar voru til verðs í fasteignamati sem var í gildi við gildistöku laxveiðilaganna 25. júní 1970.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

Innan félagsins starfa tvær deildir sem fara með veiðimál hver á sínu veiðisvæði. Deildirnar eru:

- Laxárdeild Veiðifélags Hornafjarðar.
- Hoffellsárdeild Veiðifélags Hornafjarðar.

Deildirnar hafa sjálfstæða stjórn en lúta samþykktum Veiðifélags Hornafjarðar.

Deildirnar annast nauðsynlega ræktun og viðhalda góðri fiskgengd, svo og útleigu á veiði á sínu veiðisvæði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur

út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ekki síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veðifélag Gufuár.

Jörð	Einingar
Beigaldi	18
Birkiból	32
Brennistaðir	34
Eskiholt I	32
Eskiholt II	32
Gufuá	64
Holt	1
Krummshólar	225
Laxholt	94
Litla Fjall	3
Staðarhús	24
Valbjarnarvellir I	48
Valbjarnarvellir II	47
Ölvaldsstaðir I	34
Ölvaldsstaðir III	62
Ölvaldsstaðir IV	250
<i>Samtals einingar</i>	<i>1000</i>

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veðifélags Gufuár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

Nr. 647

22. júní 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

Á eftir grein 01.104 reglugerðarinnar kemur ný grein, 01.105, sem verður þannig orðuð:

01.105 Námuökutæki.

- (1) Ökutæki sem er vörubifreið eða eftirvagn sem getur verið hannað stærra en hámarks-gildi í reglugerð þessari segja til um og ætlað er til efnisflutninga utan vega og innan afmarkaðra vinnusvæða.

2. gr.

Grein 01.206 reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Á eftir grein 03.70 reglugerðarinnar kemur ný grein, 03.105, sem verður þannig orðuð:

03.105 Námuökutæki.

- (1) Við viðurkenningu til skráningar á námuökutæki skal ekki gera kröfur um staðfestingu eða vottorð skv. liðum 03.04 (4)a og 03.05 (3)a. Þó skal framvísa upplýsingum um merkingu tákna í verksmíðjunúmeri eftir því sem við á. Kröfu um búnað skal uppfylla samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

4. gr.

Grein 03.206 reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERD

um rétt lögmannna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu hér á landi.

1. gr.

Með lögmanni er í reglugerð þessari átt við þann sem er ríkisborgari í öðru EES-ríki og rétt hefur til að starfa undir einhverju eftirtalinna starfsheita:

í Austurríki	Rechtsanwalt
í Belgíu	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
í Danmörku	Advokat
í Eistlandi	Vandeadvokaat
í Finnlandi	Asianajaja/Advocat
í Frakklandi	Avocat
í Grikklandi	Dikhgoroq (Dikigoros)
í Hollandi	Advocaat
á Írlandi	Barrister/Solicitor
á Ítalíu	Avvocato
á Kýpur	Δικηγόρος
í Lettlandi	Zverinats advokats
í Liechtenstein	Rechtsanwalt
í Litháen	Advokatas
í Luxembourg	Avocat
á Möltu	Avukat/Prokuratur Legali
í Noregi	Advokat
í Portúgal	Advogado

í Póllandi	Adwokat/Radca prawny
í Slóveníu	Odvetnik/Odvetnica
í Slóvakíu	Advokát/Komerčný právnik
á Spáni	Abogado/Advocat/Avogado/Abokatu
í Stóra-Bretlandi	Advocate/Barrister/Solicitor
í Sviss	Avocat/Advokat, Rechtsanwalt, Anwalt, Fürsprecher, Fürsprech/Avvocato
í Svíþjóð	Advokat
í Tékklandi	Adokát
í Ungverjalandi	Ügyvéd
í Þýskalandi	Rechtsanwalt

Með heimalandi er í reglugerð þessari átt við það EES-ríki þar sem lögmaðurinn hefur rétt til að starfa sem sérfræðingur undir einhverju þeirra starfsheita sem talin eru upp í 1. mgr.

2. gr.

Lögmaður sem hyggst starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari skal tilkynna það dómsmálaráðuneytinu.

Tilkynningunni skulu fylgja gögn er sanna að hann hafi í heimalandi sínu rétt til að starfa undir einhverju af þeim starfsheitum sem greinir í 1. mgr. 1. gr. Einnig skal lögmaður sýna fram á að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, annaðhvort tryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi í heimalandi sínu sem veitir a.m.k. samsvarandi tryggingarvernd og sú ábyrgðartrygging sem íslenskum lögmonnum ber að hafa skv. reglugerð um starfsábyrgðartryggingar lögmanna. Lögmanni er ekki heimilt að veita þjónustu hér á landi fyrir en hann hefur lagt fram tilskilin gögn.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnir Lögmannafélagi Íslands um þær tilkynningar sem berast skv. 1. mgr.

3. gr.

Lögmaður skal við störf sín hér á landi tilgreina á greinilegan hátt starfsheiti sitt í heimalandi sínu á opinberu tungumáli heimalandsins. Hann skal einnig tilgreina í hvaða fagfélagi hann er félagi í heimalandi sínu eða þann dómstól sem hann hefur rétt til að mæta fyrir samkvæmt lögum heimalands síns.

4. gr.

Lögmaður sem veitir þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari getur gætt hagsmuna málsaðila fyrir dómstóli hér á landi sem svarar til dómstóls þess sem hann hefur réttindi fyrir í heimalandi sínu enda starfi hann í þinghöldum með lögmanni sem hefur öðlast lögmansréttindi hér á landi og er þá ábyrgur gagnvart dómstólnum.

5. gr.

Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með þeim lögmonnum sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Ber þeim að starfa í samræmi við siðareglur íslenskra lögmanna og lög um lögmenn að undanskildum skilyrðum um starfsstöð og aðild að Lögmannafélagi Íslands.

Um niðurfellingu heimildar EES-lögmans til að veita þjónustu hér á landi gilda ákvæði 13.-17. gr. laga um lögmenn eftir því sem við á.

6. gr.

Úrskurðarnefnd lögmanna leysir úr ágreiningsmálum er varða störf lögmanna sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari.

Lögmannafélag Íslands skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu um ákvarðanir úrskurðarnefndar félagsins í kjölfar kvartana um störf lögmanna sem starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Ráðuneytið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimalandi lögmansins um slíkar ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 93/2004, til innleiðingar á tilskipun nr. 77/249/EB, sem vísað er til í 2. tl. VII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 625/1995 um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu á Íslandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 2005.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2005/2006.

1. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir:

Tegund	Lestir
Þorskur	198.000
Karfi	57.000
Ýsa	105.000
Ufsi	80.000
Grálúða	15.000
Steinbítur	13.000
Skráplúra	3.500
Skarkolí	5.000
Sandkólí	4.000
Keila	3.500
Langa	5.000
Þykkvalúra	1.800
Skötuselur	2.500
Langlúra	2.400
Íslensk sumargotssíld	110.000
Úthafs rækja	10.000
Humar	1.800
Rækja, Arnarfjörður	300

Ákvörðun um leyfilegan heildarafla fyrir rækju verður endurskoðuð að lokinni úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjustofnunum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júní 2005.

Árni M. Mathiesen.

Pórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis I, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst í því að byggingarreitir á lóðunum nr. 2 - 18 við Skálatún lengjast til austurs og vesturs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 22. júní 2005.

Ármann Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðarstöðvarverði mjólkur, auk þess er:

- gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	kr.	1.400
- gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	kr.	1.850
- gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	kr.	4.200
- gjald fyrir sæði úr holdanautum	kr.	1.200
- heimsóknargjald vegna sæðinga	kr.	800

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á

starfssvæði B.V. kr. 2.800 pr.klst.

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur

á starfssvæði B.V. kr. 6.000 pr.klst.

Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði B.V. kr. 0

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxta sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

1. júlí 2005

Nr. 652

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993, um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. g bætist við ný grein, 1. gr. h, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Ákvæði XI. kafla framangreindrar EB-gerðar, sem snertir framkvæmd 53. og 54. gr. EES-samningsins, fela í sér ýmsar breytingar á eldri reglugerðum sem eru hluti samningsins (XIV. viðauka og bókun 21). Reglugerðirnar eru: 17/62, sbr. 3. tölul. bókunar 21, 141/62, sbr. 6. tölul. bókunar 21, 19/65, 1017/68, sbr. 7. tölul. bókunar 21, 2821/71, 2988/74, sbr. 10. tölul. bókunar 21, 4056/86, 3975/87, 3976/87, 1534/91 og 479/92.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1/2003****frá 16. desember 2002****um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans****(Texti sem varðar EES)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Beita skal 81. og 82. gr. sáttmálans á skilvirkan og samræmdan hátt í Bandalaginu til að unnt sé að koma á kerfi sem tryggir að samkeppni á sameiginlega markaðnum raskist ekki. Í reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962, fyrstu reglugerðinni um framkvæmd 81. og 82. gr. ⁽⁴⁾ sáttmálans ⁽⁴⁾, var stefna Bandalagsins í samkeppnismálum mótuð og hefur hún stuðlað að því að samkeppni hefur breiðst út innan Bandalagsins. Í ljósi reynslunnar er þó rétt að í stað þeirrar reglugerðar komi lög-gjöf sem er ætlað að taka á þeim verkefnum sem fylgja samþættum markaði og stækkun Banda-lagsins í framtíðinni.
- 2) Einkum er nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag á beitingu undanþágunnar frá banni við samkeppnishamlandi samningum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 83. gr. sáttmálans verður í þessu tilliti að hafa annars vegar hliðsjón af þörfinni á að tryggja skilvirkt eftirlit og hins vegar að einfalda stjórnáætlun eins og kostur er.
- 3) Miðlæga kerfið, sem var komið á fót með reglugerð nr. 17, getur ekki lengur tryggt að þessi tvö markmið haldist í jafnvægi. Það hamlar því að dómstólar og yfirvöld samkeppnismála í aðildarríkjunum geti beitt samkeppnisreglum Bandalagsins og einnig kemur tilkynningakerfi þess í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti nýtt fjármagn og mannafla til að koma í veg fyrir alvar-legustu brotin. Enn fremur hefur það í för með sér verulegan kostnað fyrir fyrirtækin.
- 4) Af þessum sökum er rétt að í stað núverandi kerfis komi undanþágukerfi, sem gildir án frekari lögfestingar, þar sem samkeppnisyrifvöld og dómstólar í aðildarríkjunum hafa vald til að beita, auk 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans sem gilda án frekari lögfestingar á grundvelli dómaframkvæmdar Dómstóls Evrópubandalaganna, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 284.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 72 E, 21.3.2002, bls. 305.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 155, 29.5.2001, bls. 73.

⁽⁴⁾ Fyrirsögn reglugerðar nr. 17 hefur verið breytt með tilliti til endurtölusettingar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdamsáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 85. og 86. gr. sáttmálans.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB 13, 21.2.1962, bls. 204/62. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1216/1999 (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 5).

- 5) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnisreglna Bandalagsins og virða á sama tíma grundvallarréttinn til málsvarnar eru í þessari reglugerð settar reglur um sönnunarbyrði skv. 81. og 82. gr. sáttmálans. Það er aðilans eða yfirvaldsins, sem telur að ákvæði 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans hafi verið brotin, að færa sönnur á það samkvæmt gildandi lagareglum. Það er fyrirtækisins eða samtaka fyrirtækjanna, sem taka til málsvarnar vegna fullyrðingar um brot, að sýna fram á það samkvæmt gildandi lagareglum að skilyrðum fyrir slíkri málsvörn hafi verið fullnægt. Þessi reglugerð hefur hvorki áhrif á innlendar reglur um vægi sannana né þá skyldu samkeppnis-yfirvalda og dómstóla í aðildarríkjunum að upplýsa málsatvik, að því tilskildu að þessar reglur og skyldur samrýmist almennum meginreglum réttarreglna Bandalagsins.
- 6) Til að tryggja skilvirka beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins er rétt að samkeppnisyfírvöld í aðildarríkjunum komi enn frekar inn í beitingu þeirra. Í þessu skyni er rétt að þau fái vald til þess að beita lögum Bandalagsins.
- 7) Innlendir dómstólar hafa veigamiklu hlutverki að gegna við beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins. Þeir vernda borgaraleg réttindi samkvæmt lögum Bandalagsins í deilumálum milli einstaklinga, t.d. dæma batur til handa þeim sem brotið er á. Innlendir dómstólar koma hér til viðbótar við störf samkeppnisyfírvalda í aðildarríkjunum. Því ætti þeim að vera heimilt að beita 81. og 82. gr. sáttmálans að fullu.
- 8) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samkeppnislaga Bandalagsins og eðlilega framkvæmd á því samstarfsfyrirkomulagi, sem lýst er í þessari reglugerð, er nauðsynlegt að skylda samkeppnisyfírvöld og dómstóla í aðildarríkjunum til að beita einnig 81. og 82. gr. sáttmálans þegar þau beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samningum og venjum sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Til að skapa samningum, ákvörðunum samtaka fyrirtækja og samstilltum aðgerðum sambærileg skilyrði á innri markaðnum er enn fremur nauðsynlegt að ákvarða, skv. e-lið 2. mgr. 83. gr. sáttmálans, hvornig tengslum milli landslaga og samkeppnislaga Bandalagsins skuli háttáð. Nauðsynlegt er, í þessu skyni, að kveða á um að beiting innlendra samkeppnislaga gagnvart samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum, í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, megi ekki leiða til þess að bann sé lagt við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum ef slíkt hið sama er ekki bannað samkvæmt samkeppnislögum Bandalagsins. Hugtökin samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir eru sjálfstæð hugtök í samkeppnislögum Bandalagsins sem fjalla um samræmingu á atferli fyrirtækja á markaðnum samkvæmt túlkun dómstóla Bandalagsins. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir aðildarríkin geti samþykkt og beitt á eigin yfirráðasvæði strangari landslögum sem banna eða leggja viðurlög við einhliða framferði fyrirtækja. Í strangari landslögum af þessu tagi geta verið ákvæði sem leggja bann eða viðurlög við misnotkun á fyrirtækjum sem eru efnahagslega háð öðrum. Þessi reglugerð á heldur ekki við um landslög þar sem einstaklingar eru látnir sæta refsivíðurlögum, nema að því marki sem framkvæmd samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum byggist á slíkum viðurlögum.
- 9) Markmiðið með 81. og 82. gr. sáttmálans er að vernda samkeppni á markaðnum. Þessi reglugerð, sem var samþykkt til framkvæmdar á þessum ákvæðum sáttmálans, kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti á eigin yfirráðasvæði innlendra löggjöf sem verndar aðra lögmæta hagsmuni, að því tilskildu að löggjöfin samrýmist almennum meginreglum og öðrum réttarreglum Bandalagsins. Samkeppnisyfírvöldum og dómstólum í aðildarríkjunum er heimilt að beita slíkri löggjöf á eigin yfirráðasvæði, að því tilskildu að innlend löggjöf af þessu tagi hafi í meginatriðum annað markmið en það að vernda samkeppni á markaðnum. Þar af leiðandi er aðildarríkjunum heimilt, samkvæmt þessari reglugerð, að láta innlenda löggjöf, sem bannar eða setur viðurlög við óheiðarlegum viðskiptaháttum, hvort heldur er einhliða eða með samningum, koma til framkvæmda á yfirráðasvæði sínu. Slík löggjöf hefur tiltekið markmið, óháð því hver raunveruleg eða ætluð áhrif óheiðarlegra viðskiptahátta verða á samkeppni á markaðnum. Þetta á einkum við þegar um er að ræða löggjöf sem bannar fyrirtækjum að setja viðskiptaaðilum sínum skilyrði eða fá þá, eða gera tilraun til að fá þá, til að samþykkja skilyrði sem teljast óréttmæt, ekki í samræmi við aðstæður eða án mótframlags.

- 10) Með reglugerðum á borð við 19/65/EBE⁽¹⁾, (EBE) nr. 2821/71⁽²⁾, (EBE) nr. 3976/87⁽³⁾, (EBE) nr. 1534/91⁽⁴⁾ eða (EBE) nr. 479/92⁽⁵⁾ er framkvæmdastjórninni fengið vald til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans að því er varðar tiltekna flokka samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða. Á þeim sviðum, sem eru skilgreind í þessum reglugerðum, hefur framkvæmdastjórnin samþykkt og er heimilt að samþykkja áfram svokallaðar hópundanþágu-reglugerðir þar sem hún lýsir því yfir að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans eigi ekki við um flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða. Ef samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem þessar reglugerðir eiga við um, hafa engu að síður áhrif sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr. sáttmálans skulu framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirlid í aðildarríkjunum hafa vald til að fella ávinning af hópundanþágureglugerðinni niður í einstökum tilvikum.
- 11) Til að tryggja að ákvæðum sáttmálans sé beitt getur framkvæmdastjórnin fjallað um ákvarðanir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja í því skyni að stöðva brot á 81. og 82. gr. sáttmálans. Ef framkvæmdastjórnin hefur af því lögmæta hagsmuni er henni enn fremur heimilt að samþykkja ákvarðanir þar sem úrskurðað er að brot hafi áður átt sér stað jafnvel þótt hafi engar sektir í för með sér. Í þessari reglugerð skal að auki skýrt kveðið á um vald það sem dómstóllinn hefur fengið framkvæmdastjórninni til að samþykkja ákvarðanir um tímabundnar ráðstafanir.
- 12) Í þessari reglugerð skal kveðið skýrt á um vald framkvæmdastjórnarinnar til að beita, í hlutfalli við framið brot, úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi sem nauðsynleg teljast til að stöðva brotið. Ekki skal beita úrræðum til breytingar á skipulagi nema fyrir hendi sé annað jafnfrangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða ef það úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutadæigjandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Breytingar á skipulagi fyrirtækis, eins og það var áður en brotið var framið, teljast því aðeins vera í réttu hlutfalli við brotið að veruleg hætta sé á að skipulag fyrirtækisins leiði af sér langvarandi eða endurtekin brot.
- 13) Ef fyrirtæki taka á sig skuldbindingar, á meðan málsmeðferð stendur yfir sem leitt getur til þess að samningar eða aðgerðir verði bannaðar, í þeim tilgangi að bregðast við efasemdum framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja ákvarðanir þess efnis að þær skuldbindingar séu bindandi fyrir fyrirtækin. Í ákvörðun um skuldbindingu skal koma fram að ekki sé lengur talinn grundvöllur til aðgerða af hálfu framkvæmdastjórnarinnar nema fyrir liggja niðurstaða um að brot hafi verið framið eða það standi enn yfir. Ákvarðanir um skuldbindingar eru með fyrirvara um vald samkeppnisyfirlalda og dómstóla í aðildarríkjunum til að komast að niðurstöðu og úrskurða í málinu. Ákvarðanir um skuldbindingar eiga ekki við þegar framkvæmdastjórnin hyggst beita sektum.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusettingar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.) (Stjtið. EB 36, 6.3.1965, bls. 533). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 (Stjtið. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusettingar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans.) (Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3976/87 frá 14. desember 1987 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða á sviði flutninga í lofti (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusettingar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. sáttmálans) (Stjtið. EB L 374, 31.12.1987, bls. 9). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1534/91 frá 31. maí 1991 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusettingar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. sáttmálans) (Stjtið. EB L 143, 7.6.1991, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áetlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Fyrirsögnum reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusettingar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 3. mgr. 85. gr. sáttmálans) (Stjtið. EB L 55, 29.2.1992, bls. 3). Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 14) Enn fremur gæti, í undantekningartilvikum, verið heppilegt að framkvæmdastjórnin samþykki ef almannahagsmunir í Bandalaginu krefjast þess, yfirlýsingu með skýringum, þar sem fram kemur að bannið í 81. eða 82. gr. sáttmálans eigi ekki við, í því skyni að skýra lagagrundvöllinn og tryggja samræmda beitingu réttarreglnanna alls staðar í Bandalaginu, einkum með tilliti til nýrra samninga eða aðgerða sem ekki hefur verið tekin afstaða til með dómaframkvæmd og stjórnsluvenju.
- 15) Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skulu saman mynda net opinberra yfirvalda sem hafa náð samstarf um að beita samkeppnisreglum Bandalagsins. Í því skyni er nauðsynlegt að ákveða tilhögun á miðlun upplýsinga og samráði. Framkvæmdastjórnin mun mæla fyrir um og endurskoða aðrar aðferðir í samstarfi innan netsins í náinni samvinnu við aðildarríkin.
- 16) Þrátt fyrir að fyrir liggja innlend ákvæði um hið gagnstæða er aðilum að netinu heimilt að skiptast á upplýsingum, jafnvel trúnaðarupplýsingum, og nota þær sem sönnunargögn. Heimilt er að nota þessar upplýsingar við beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans, svo og við samhliða beitingu innlendra samkeppnislaga, að því tilskildu að síðarnefnda beitingin varði sama mál og leiði ekki til annarrar niðurstöðu. Ef yfirvaldið, sem fær upplýsingar, notar upplýsingar sem skipst er á til að beita fyrirtæki viðurlögum skulu ekki vera aðrar takmarkanir á notkun þeirra upplýsinga en að þær skuli einungis notaðar í sama tilgangi og lá að baki söfnun þeirra þar eð viðurlög á fyrirtæki eru sömu tegundar í öllum kerfum. Lita má svo á að réttur fyrirtækja til málsvarnar í hinum ýmsu kerfum sé nægilega líkur. Á hinn bóginn má vera að viðurlög á einstaklinga séu mjög mismunandi í hinum ýmsu kerfum. Sé þetta raunin er nauðsynlegt að tryggja að einungis sé heimilt að nota upplýsingarnar ef þeim hefur verið safnað á þann hátt að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og gert er ráð fyrir í innlendum lögum landsins sem fær upplýsingar.
- 17) Ef unnt á að vera að beita samkeppnisreglum með samræmdum hætti og gæta þess jafnframt að framkvæmd innan netsins sé eins góð og kostur er er nauðsynlegt að setja þá reglu að samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum missi sjálfkrafa umbod sitt ef framkvæmdastjórnin hefur eigin málsmeðferð. Ef samkeppnisyfirvöld í aðildarríki vinna þegar að máli en framkvæmdastjórnin vill hefja málsmeðferð skal hún gera það eins fljótt og auðið er. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi innlent yfirvald áður en hún hefur málsmeðferð.
- 18) Til að tryggja að það yfirvald innan netsins, sem málið stendur næst, fjalli um það skal setja almennt ákvæði þar sem samkeppnisyfirvöldum er heimilað að fresta eða loka máli á þeirri forsendu að annað yfirvald fjalli eða hafi þegar fjallað um það, en markmiðið er að aðeins eitt yfirvald fjalli um hvert mál. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti vísað frá kærni á grundvelli þess að hún eigi þar ekki hagsmuna að gæta, líkt og viðurkennt hefur verið í dómaframkvæmd dómstólsins að henni sé heimilt að gera jafnvel þótt annað samkeppnisyfirvald hygdist ekki fjalla um málið.
- 19) Ráðgjafarnefndin um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu, sem komið var á fót með reglugerð nr. 17, hefur sinnt hlutverki sínu afar vel. Hún mun falla vel inn í hið nýja kerfi dreifstýrðrar beitingar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að byggja á þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 17 en bæta jafnframt skipulagið. Með þetta að markmiði mætti heimila að álit sé lagt fram með skriflegum hætti. Ráðgjafarnefndin skal enn fremur vera vettvangur umræðna um mál, sem samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum hafa til umfjöllunar, og stuðla þannig enn frekar að samræmdri beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.
- 20) Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum. Aðildarríkjunum skal heimilt að tilnefna einn viðbótarfulltrúa þegar fjallað er um almenn málefni á fundum. Þetta hefur ekki áhrif á að nefndarmenn geti notið aðstoðar annarra sérfræðinga frá aðildarríkjunum.

- 21) Til þess að unnt sé að beita samkeppnisreglunum með samræmdum hætti er nauðsynlegt að koma á samstarfi milli dómstóla í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnarinnar. Þetta tekur til allra dómstóla í aðildarríkjunum sem beita 81. og 82. gr. sáttmálans, hvort sem þeir beita þessum reglum í málaferlum milli einkaaðila, við störf sín sem opinberir fullnustuaðilar eða endurskoðunar-dómstólar. Einkum skulu innlendir dómstólar hafa tækifæri til að inna framkvæmdastjórna eftir upplýsingum eða álitum á atríðum sem varða beitingu á samkeppnislögum Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirdöld í aðildarríkjunum skulu enn fremur hafa tækifæri til að leggja fram skriflegar eða munnlegar athugasemdir fyrir þá dómstóla sem farið er fram á að beiti 81. eða 82. gr. sáttmálans. Þær athugasemdir skulu lagðar fram innan ramma innlendra málsmeðferðarreglna og -venja, þ.m.t. þær sem eru til verndar réttindum aðila. Af þessum sökum skal gera ráðstafanir til að tryggja að framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirdöld í aðildarríkjunum hafi nægar upplýsingar um málsmeðferð fyrir innlendum dómstólum.
- 22) Til þess að tryggja að farið sé að meginreglunum um réttaröryggi og samræmda beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins í kerfi samhliða lögsögu (system of parallel powers) er nauðsynlegt að forðast að samþykkja þversagnarkenndar ákvarðanir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skýra, í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins, hvaða áhrif ákvarðanir og málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar hafa á dómstóla og samkeppnisyfirdöld í aðildarríkjunum. Ákvarðanir um skuldbindingar, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt, hafa ekki áhrif á vald dómstólanna og samkeppnisyfirdalda í aðildarríkjunum til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans.
- 23) Framkvæmdastjórnin skal hvarvetna í Bandalaginu hafa vald til að fara fram á upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að grafast fyrir um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir, sem eru bannaðar skv. 81. gr. sáttmálans, eða misnotkun á yfirburðastöðu sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans. Þegar fyrirtæki hlíta ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er ekki hægt að skylda þau til að viðurkenna að brot hafi verið framið en þó er þeim skylt að svara spurningum um staðreyndir og leggja fram skjöl jafnvel þótt þær upplýsingar megi nota til sönnunar á broti þeirra sjálfra eða annarra fyrirtækja.
- 24) Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að láta gera athugasemdir sem nauðsynlegar teljast til að grafast fyrir um samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem eru bannaðar skv. 81. gr. sáttmálans eða misnotkun á yfirburðastöðu sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans. Samkeppnisyfirdöld í aðildarríkjunum skulu hafa náð samstarf við framkvæmdastjórna um beitingu þessa valds.
- 25) Sífellt erfiðara verður að greina brot á samkeppnisreglum og er nauðsynlegt að veita framkvæmdastjórninni aukið vald til rannsókna í því skyni að veita samkeppni raunverulega vernd. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi vald til að ræða við hvern þann sem gæti búið yfir gagnlegum upplýsingum og skrá framburð hans. Við athugun skulu embættismenn með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til innsigunar svo lengi sem þurfa þykir vegna athugunarinnar. Alla jafna skal ekki innsiglað lengur en í 72 klukkustundir. Enn fremur skulu embættismenn með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til að óska eftir upplýsingum um efni og tilgang athugunarinnar.
- 26) Reynslan sýnir að í sumum tilvikum eru viðskiptagögn geymd á heimilum stjórnenda eða annarra starfsmanna fyrirtækis. Af þessum sökum og til þess að athugasemdir skili árangri skulu embættismenn og aðrir með umboð framkvæmdastjórnarinnar hafa vald til að fara inn á hvert það athafnasvæði þar sem viðskiptagögn gætu fundist, þ.m.t. inn á einkaheimili. Þó er beiting síðastnefnda valdsins háð því að fyrir liggja heimild dómsmálayfirvalda.
- 27) Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstólsins er rétt að tiltaka hversu langt eftirlit innlendra dómsmálayfirvalda megi ganga þegar þau heimila, eins og mælt er fyrir um í landslögum, einnig sem varuðarráðstöfun, aðstoð löggæsluyfirvalda við að brjóta á bak aftur hugsanlega andstöðu fyrirtækis eða við að framfylgja ákvörðun um athugun sem fram fer í húsnæði, öðru en atvinnuhúsnæði. Samkvæmt dómaframkvæmd er innlendum dómsmálayfirvöldum heimilt að bjóða framkvæmdastjórna um nánari upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirliti sínu en án þeirra gætu þau sýnað um heimildina. Í dómaframkvæmd er enn fremur staðfest vald innlendra dómstóla til að stjórna beitingu innlendra reglna um framkvæmd þvingunarráðstafana.

- 28) Gera skal samkeppnisfyrvöldum í aðildarríkjunum kleift að leita aðstoðar annarra samkeppnisfyrivalda við framkvæmd athugana og aðra gagnöflun í því skyni að auka möguleika þeirra á að beita 81. og 82. gr. sáttmálans með skilvirkum hætti.
- 29) Fara skal að 81. og 82. gr. sáttmálans og uppfylla skuldbindingar, sem fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja ber að efna samkvæmt þessari reglugerð, að viðlögðum sektum og févitum. Enn fremur skal mæla fyrir um hæfilegar sektir við broti á málsmeðferðarreglum.
- 30) Til að tryggja fullnaðargreiðslu sekta, sem eru lagðar á samtök fyrirtækja fyrir brot þeirra, er nauðsynlegt að mæla fyrir um með hvaða skilyrðum framkvæmdastjórninni er heimilt að krefjast greiðslu frá aðilum samtakanna ef þau eru ekki gjaldhæf. Framkvæmdastjórnin skal, ef til þessa kemur, taka tillit til hlutfallslegrar stærðar þeirra fyrirtækja sem eru í samtökunum og þá einkum til aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sektargreiðsla eins eða fleiri aðila að samtökum hefur engin áhrif á reglur í landslögum sem kveða á um endurheimt fjárhæðarinnar frá öðrum aðilum að samtökunum.
- 31) Mælt er fyrir um reglur um fyrningarfresti að því er varðar sektir og féviti í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74⁽¹⁾ sem fjallar einnig um viðurlög á sviði flutningastarfsemi. Í kerfi samhliða lögsögu skulu í réttarreglum, sem leitt geta til rofs á fyrningarfresti, vera ráðstafanir tengdar málsmeðferð sem samkeppnisfyrvöld í aðildarríki gera sjálfstætt. Til að skýra lagarammann er því rétt að reglugerð (EBE) nr. 2988/74 verði breytt þannig að ekki verði unnt að beita henni í málum sem falla undir þessa reglugerð og í þessari reglugerð skulu vera ákvæði um fyrningarfresti.
- 32) Hlutaðeigandi fyrirtæki skulu því öðlast rétt til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni. Þriðju aðilar, sem hafa hagsmuna að gæta sem ákvörðunin gæti haft áhrif á, skulu fá tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar fyrir fram og skulu ákvarðanirnar birtar sem víðast. Jafnframt því að tryggja rétt hlutaðeigandi fyrirtækja til málsvarnar, og þá einkum rétt til aðgangs að málsskjölum, er grundvallaratriði að virða viðskiptaleynd. Með sama hætti skal gæta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem skipst er á um netið.
- 33) Þar sem dómstólum er heimilt, í samræmi við sáttmálann, að endurskoða allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þessari reglugerð er rétt að hann fái, í samræmi við 229. gr., ótakmarkaða lögsögu að því er varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um álagningu sekta eða févita.
- 34) Í meginreglum, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans, eins og þeim er beitt samkvæmt reglugerð nr. 17, er stofnunum framkvæmdastjórnarinnar fengið forystuhlutverk. Rétt er að það haldist óbreytt en aðildarríkjunum þó á sama tíma fengið veigameira hlutverk við beitingu á samkeppnisreglum Bandalagsins. Í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði sem er skilvirkari beiting samkeppnisreglna Bandalagsins.
- 35) Til þess að samkeppnislög Bandalagsins komi til framkvæmda með fullnægjandi hætti skulu aðildarríkin tilnefna yfirvöld og fá þeim vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans sem opinberir fullnustuaðilar. Þeim skal gert kleift að tilnefna jafnt stjórnsluyfirvöld sem dómsmálayfirvöld til þess að gegna margvíslegum störfum sem samkeppnisfyrvöldum er ætlað að hafa með höndum með þessari reglugerð. Í þessari reglugerð er tekið tillit til þess hve mismunandi opinber fullnustukerfi aðildarríkjanna eru. Ákvæði 6. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar skulu ná til allra samkeppnisfyrivalda. Undantekningin frá þessari almennu reglu er að 6. mgr. 11. gr. gildir um saksóknara sem sækir mál fyrir sérstöku og aðskildu dómsmálayfirvaldi með fyrirvara um skilyrði 4. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt gildir almenna reglan. Ákvæði 6. mgr. 11. gr. gilda aldrei um dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrningarfrest við meðferð mála og hvornig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni (Stjtið. EB L 319, 29.11.1974, bls. 1).

- 36) Af dómafrankvæmd er ljóst að samkeppnisreglur gilda um flutninga og því fellur sá geiri undir málsmeðferðarákvæði þessarar reglugerðar. Af þessum sökum er rétt að fella úr gildi reglugerð ráðsins nr. 141 frá 26. nóvember 1962 um að undanþiggja flutninga frá beitingu reglugerðar ráðsins nr. 17 ⁽¹⁾ og breyta reglugerðum (EBE) nr. 1017/68 ⁽²⁾, (EBE) nr. 4056/86 ⁽³⁾ og (EBE) nr. 3975/87 ⁽⁴⁾ í því skyni að fella niður sérstök málsmeðferðarákvæði sem í þeim eru.
- 37) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru m.a. viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.
- 38) Réttaröryggi fyrirtækja, sem starfa samkvæmt samkeppnisreglum Bandalagsins, stuðlar að nýjungum og fjárfestingum. Komi upp verulega óvissa vegna þess að beiting þessara reglna vekur nýjar spurningar sem engin svör fást við er einstökum fyrirtækjum heimilt að óska eftir óformlegri leiðsögn framkvæmdastjórnarinnar. Reglugerð þessi er með fyrirvara um getu framkvæmdastjórnarinnar til að gefa út óformlegar leiðbeiningar af þessu tagi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

MEGINREGLUR

*1. gr.***Beiting 81. og 82. gr. sáttmálans**

1. Lagt er bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans og uppfylla ekki skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.
2. Ekki er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans og uppfylla skilyrði 3. mgr. þeirrar greinar, án sérstakrar ákvörðunar um það.
3. Lagt er bann við misnotkun á yfirburðastöðu, sem um getur í 82. gr. sáttmálans, án sérstakrar ákvörðunar um það.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 124, 28.11.1962, bls. 2751/62. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð nr. 1002/67/EBE (Stjtið. EB 306, 16.12.1967, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. EB L 175, 23.7.1968, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 um beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Fyrirsögnun reglugerðanna hefur verið breytt með tilliti til endurtölusetningar greina stofnsáttmála EB í samræmi við 12. gr. Amsterdam-sáttmálans; upprunalega tilvísunin var í 85. og 86. gr. sáttmálans.) (Stjtið. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4). Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtið. EB L 374, 31.12.1987, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2410/92 (Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 18).

2. gr.

Sönnunarbyrði

Við málsmeðferð á innlendum vettvangi eða á vettvangi Bandalagsins til beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans skal sönnunarbyrði vegna brots á 1. mgr. 81. gr. eða 82. gr. sáttmálans hvíla á þeim aðila eða því yfirvaldi sem telur að brot hafi átt sér stað. Sönnunarbyrði um að skilyrðum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans hafi verið fullnægt hvílir á því fyrirtæki eða þeim samtökum fyrirtækja sem hafa ávinning af þeirri málsgrein.

3. gr.

Tengsl milli 81. og 82. gr. sáttmálans og innlendra samkeppnislaga

1. Ef samkeppnisyrðing er á aðildarríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna samninga, ákvarðana samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna í skilningi þess ákvæðis, skulu þau einnig beita 81. gr. sáttmálans að því er varðar slíka samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir. Ef samkeppnisyrðing er á aðildarríkjunum eða innlendir dómstólar beita innlendum samkeppnislögum vegna misnotkunar, sem er bönnuð skv. 82. gr. sáttmálans, skulu þau einnig beita 82. gr. sáttmálans.

2. Beiting innlendra samkeppnislaga má ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna, en hamlar ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, eða uppfylla skilyrði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans eða falla undir reglugerð um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir aðildarríkin geti samþykkt og beitt á yfirráðasvæði sínu strangari landslögum sem banna eða beita viðurlögum við einhliða athæfi fyrirtækja.

3. Með fyrirvara um almennar meginreglur og önnur ákvæði laga Bandalagsins gilda 1. og 2. mgr. hvorki þegar samkeppnisyrðing og dómstólar í aðildarríkjunum beita innlendum lögum um samrunaefirlit né heldur koma þær í veg fyrir beitingu ákvæða landslaga þar sem í meginatriðum eru ríkjandi önnur markmið en þau sem er að finna í 81. og 82. gr. sáttmálans.

II. KAFLI

VALDSVIÐ

4. gr.

Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar

Að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans skal valdsvið framkvæmdastjórnarinnar vera eins og kegleið er á um í þessari reglugerð.

5. gr.

Valdsvið samkeppnisyrvalda í aðildarríkjunum

Samkeppnisyrvaldomur í aðildarríkjunum hafa vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans í einstökum tilvikum. Þau geta tekið eftirfarandi ákvarðanir í þessu skyni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða á grundvelli kæru:

— krafist þess að látið verði af broti,

— gefið fyriræli um tímabundnar ráðstafanir,

— samþykkt skuldbindingar,

— lagt á sektir og féviti eða beitt hverjum þeim viðurlögum öðrum sem kveðið er á um í landslögum þeirra.

Þeim er enn fremur heimilt að ákveða að ekki sé ástæða til aðgerða af þeirra hálfu ef skilyrðum fyrir banni er ekki fullnægt á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

6. gr.

Valdsvið innlendra dómstóla

Innlendir dómstólar hafa vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans.

III. KAFLI

ÁKVARDANIR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

7. gr.

Að uppgötva og stöðva brot

1. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli kæru eða að eigin frumkvæði, að brotið hafi verið gegn 81. eða 82. gr. sáttmálans er henni heimilt að taka ákvörðun um að krefjast þess að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti af brotinu. Í þessu skyni er henni heimilt að beita úrræðum til breytingar á atferli eða skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Heimilt er að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi árangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi fyrirtæki en úrræði til breytingar á skipulagi. Ef framkvæmdastjórnin hefur af því lögmeata hagsmunum er henni enn fremur heimilt að sýna fram á að brot hafi átt sér stað áður.

2. Einstaklingum eða lögaðilum, sem geta sýnt fram á lögmeata hagsmunum, og aðildarríkjunum er heimilt að leggja fram kæru varðandi 1. mgr.

8. gr.

Tímabundnar ráðstafanir

1. Þegar skjótra aðgerða er þörf vegna hættu á að samkeppni verði fyrir umtalsverðum og óbætanlegum skaða er framkvæmdastjórninni heimilt að taka ákvörðun, að eigin frumkvæði og á grundvelli þess sem virðist við fyrstu sýn vera uppgötvun brots, um að grípa til tímabundinna ráðstafana.

2. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir um tiltekinn tíma og hana má endurnýja ef slíkt er talið nauðsynlegt og viðeigandi.

9. gr.

Skuldbindingar

1. Ef framkvæmdastjórnin hyggst samþykkja ákvörðun um að brot skuli stöðvað og að hlutaðeigandi fyrirtæki taki á sig skuldbindingar til þess að draga úr þeim áhyggjum sem hún hefur látið í ljós í bráðabirgðamati sínu er henni heimilt að taka ákvörðun um að skylda fyrirtækin til að standa við þær skuldbindingar. Heimilt er að samþykkja slíka ákvörðun til tiltekins tíma og í henni skal koma fram að ekki sé lengur ástæða til aðgerða af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að fenginni beiðni eða að eigin frumkvæði, að hefja málsmeðferð að nýju:

- a) ef verulegar breytingar hafa orðið á þeim málsatvikum sem liggja til grundvallar ákvörðuninni,
- b) ef hlutaðeigandi fyrirtæki efna ekki skuldbindingar sínar, eða
- c) ef ákvörðunin er byggð á ófullnægjandi, röngum eða villandi upplýsingum sem aðilarnir hafa látið í té.

10. gr.

Beiting á ekki við

Ef þess er krafist vegna almannahagsmuna í Bandalaginu, að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans, er framkvæmdastjórninni heimilt að komast að þeirri niðurstöðu, með ákvörðun að eigin frumkvæði, að 81. gr. sáttmálans gildi ekki um samning, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir annaðhvort vegna þess að skilyrði 1. mgr. 81. gr. sáttmálans hafa ekki verið uppfyllt eða vegna þess að skilyrði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans hafa verið uppfyllt.

Framkvæmdastjórnin getur á sama hátt komist að þessari niðurstöðu með vísun til 82. gr. sáttmálans.

IV. KAFLI

SAMSTARF

11. gr.

Samstarf framkvæmdarstjórnarinnar og samkeppnisyrvalda í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyrvald í aðildarríkjunum skulu hafa með sér náð samstarf um beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal senda samkeppnisyrvaldum í aðildarríkjunum afrit af mikilvægustu skjölunum sem hún hefur safnað saman vegna beitingar 7., 8., 9., 10. og 29. gr. (1. mgr.). Framkvæmdastjórnin skal, að fenginni beiðni frá samkeppnisyrvaldum í aðildarríki, leggja fram afrit af fyrirbyggjandi skjölum sem nauðsynleg teljast til að unnt sé að leggja mat á málið.
3. Samkeppnisyrvald í aðildarríkjunum skulu, á grundvelli 81. eða 82. gr. sáttmálans, senda framkvæmdastjórninni skriflega tilkynningu fyrir fram eða strax og gerðar eru ráðstafanir til að hefja formlega rannsókn. Einnig má veita samkeppnisyrvaldum í hinum aðildarríkjunum þessar upplýsingar.
4. Samkeppnisyrvald í aðildarríkjunum skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um samþykkt ákvörðunar um að brot skuli stöðvað, skuldbindingar samþykktar eða fallið frá reglugerð um hópundanþágu með minnst 30 daga fyrirvara. Í þessu skyni skulu þau láta framkvæmdastjórninni í té samantekt yfir málið, fyrirhugaða ákvörðun eða, liggja hún ekki fyrir, sérhvert annað skjal sem felur í sér tillögur um aðgerðir. Einnig má veita samkeppnisyrvaldum í hinum aðildarríkjunum þessar upplýsingar. Hlutaðeigandi samkeppnisyrvald skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, láta henni í té önnur skjöl sem þau hafa undir höndum og telja má nauðsynleg til að meta málið. Heimilt er að veita samkeppnisyrvaldum í hinum aðildarríkjunum þær upplýsingar sem framkvæmdastjórninni eru látnar í té. Innendum samkeppnisyrvaldum er einnig heimilt að skiptast á upplýsingum sem telja má nauðsynlegar til að meta mál sem þau fjalla um skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans.
5. Samkeppnisyrvaldum í aðildarríkjunum er heimilt að hafa samráð við framkvæmdastjórnina vegna sérhvers máls sem felur í sér beitingu laga Bandalagsins.

6. Ef framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð til samþykktar á ákvörðun skv. III. þætti hafa samkeppnisyrðvöld í aðildarríkjnum ekki lengur vald til að beita 81. og 82. gr. sáttmálans. Ef samkeppnisyrðvöld í aðildarríki vinna þegar að máli skal framkvæmdastjórnin því aðeins hefja málsmeðferð að haft sé samráð við innlend samkeppnisyrðvöld.

12. gr.

Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin og samkeppnisyrðvöld í aðildarríkjnum skulu hafa það vald, til beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans, að veita hvert öðru og nota til sönnunar hvers konar upplýsingar um staðreyndir og lagaatriði, þ.m.t. trúnaðarupplýsingar.

2. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar til sönnunar við beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans og í tengslum við það viðfangsefni sem var tilefni þess að þær voru teknar saman hjá yfirvaldinu sem sendir upplýsingarnar. Ef innlendum samkeppnislögum er hins vegar beitt í sama máli og samhliða samkeppnislögum Bandalagsins og það leiðir ekki til annarrar niðurstöðu er einnig heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á samkvæmt þessari grein, við beitingu innlendra samkeppnislaga.

3. Einungis er heimilt að nota upplýsingar, sem skipst er á skv. 1. mgr., til sönnunar þegar beita á einstaklinga viðurlögum ef:

- mælt er fyrir um svipuð viðurlög í lögum yfirvaldsins, sem sendir upplýsingarnar, í tengslum við brot á 81. eða 82. gr. sáttmálans eða, ef slíkt er ekki fyrir hendi,
- upplýsingunum hefur verið safnað á þann hátt að gert sé ráð fyrir að varnarréttur einstaklinga sé varinn að sama marki og kveðið er á um í lögum landsins sem tekur við upplýsingunum. Í þessu tilviki er yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum, þó ekki heimilt að nota þær upplýsingar, sem skipst er á, til að beita viðurlögum til frjálsræðissviptingar.

13. gr.

Málsmeðferð frestað eða hætt

1. Ef samkeppnisyrðvöld í tveimur aðildarríkjum eða fleiri taka við kæru eða fara fram að eigin framkvæði skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans gegn sama samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð skal sú staðreynd að eitt yfirvald fjalli um málið nægja öðrum til þess að fresta málsmeðferð eða vísa kæru frá. Framkvæmdastjórnin getur með sama hætti vísað kæru frá á þeirri forsendu að samkeppnisyrðvöld í aðildarríki fjalli um málið.

2. Ef samkeppnisyrvald í aðildarríki eða framkvæmdastjórnin fær senda kæru gegn samningi, ákvörðun samtaka eða aðgerð, sem annað samkeppnisyrvald hefur þegar fjallað um, er því heimilt að vísa henni frá.

14. gr.

Ráðgjafarnefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu áður en hún tekur ákvörðun skv. 7., 8., 9., 10. og 23. gr., 24. gr. (2. mgr.) og 29. gr. (1. mgr.).

2. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum samkeppnisyrvalda í aðildarríkjnum við umfjöllun einstakra mála. Heimilt er að tilnefna viðbótarfulltrúa aðildarríkis, sem er til þess bært að fjalla um samkeppnismál, þegar fjallað er um annað á fundum en einstök mál. Í stað fulltrúa, sem geta ekki sótt fundi, geta komið aðrir fulltrúar.

3. Samráð getur farið fram á boðuðum fundi undir formennsku framkvæmdastjórnarinnar og skal hann haldinn í fyrsta lagi 14 dögum eftir að fundarboð er sent ásamt samantekt um málið, upplýsingum um mikilvægustu skjölin og drögum að ákvörðun. Að því er tekur til ákvarðana skv. 8. gr. er heimilt að halda fundinn sjö dögum eftir að framkvæmdarhluti draga að ákvörðun hefur verið sendur. Ef framkvæmdastjórnin sendir fundarboð, sem tilgreinir skemmri fyrirvara en að framan greinir, má halda fundinn á þeim degi sem lagður er til ef ekkert aðildarríki hreyfir mótmælum við því. Ráðgjafarnefndin skal leggja fram skriflegt álit á drögum framkvæmdastjórnarinnar að ákvörðun. Henni er heimilt að skila álitu jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Rökstyðja skal þá afstöðu sem fram kemur í álitinu fari einn eða fleiri nefndarmanna fram á það.

4. Samráð getur einnig farið fram skriflega. Framkvæmdastjórnin skal þó boða til fundar ef aðildarríki óskar eftir því. Við skriflega málsmeðferð skal framkvæmdastjórnin ákvarða eigi skemmri frest en 14 daga til handa aðildarríkjunum til að leggja fram athugasemdir til dreifingar til hinna aðildarríkjana. Ef um er að ræða ákvarðanir sem taka skal skv. 8. gr. styttest fresturinn úr 14 dögum í sjö daga. Ef framkvæmdastjórnin ákvarðar skemmri frest vegna skriflegrar málsmeðferðar en að framan greinir skal sá frestur, sem lagður er til, gilda ef ekkert aðildarríkjana hreyfir andmælum.

5. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits ráðgjafarnefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hlíðsjónar.

6. Ef ráðgjafarnefndin skilar skriflegu álitu skal það látið fylgja drögum að ákvörðun. Ef ráðgjafarnefndin mælir með því að álituð verði birt skal framkvæmdastjórnin annast birtinguna og taka tillit til lögmetra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

7. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni samkeppnisyrvalda í aðildarríki, setja á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar mál sem samkeppnisyrvöld í aðildarríki hafa til umfjöllunar skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að gera slíkt að eigin frumkvæði. Í báðum tilvikum skal framkvæmdastjórnin tilkynna hlutadeigandi samkeppnisyrvöldum um það.

Einkum geta samkeppnisyrvöld í aðildarríki lagt fram beiðni varðandi mál sem framkvæmdastjórnin telur gefa tilefni til málsmeðferðar á grundvelli 6. mgr. 11. gr.

Ráðgjafarnefndin skal ekki segja álit sitt á málum sem eru til umfjöllunar hjá samkeppnisyrvöldum í aðildarríkjunum. Ráðgjafarnefndinni er einnig heimilt að fjalla um almenn atriði samkeppnislaga Bandalagsins.

15. gr.

Samstarf við innlenda dómstóla

1. Í málsmeðferð til beitingar á 81. eða 82. gr. sáttmálans er dómstólum í aðildarríkjunum heimilt að óska eftir því að framkvæmdastjórnin sendi þeim þær upplýsingar, sem hún hefur undir höndum, eða álit sitt á þeim álitafnum sem varða beitingu samkeppnisreglna Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni afrit af sérhverjum skriflegum úrskurði innlendra dómstóla um beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans. Senda skal slíkt afrit án tafar eftir að aðilar hafa fengið tilkynningu um skriflegan úrskurð í heild sinni.

3. Samkeppnisyrvöldum í aðildarríkjunum er heimilt leggja fram skriflegar athugasemdir, að eigin frumkvæði, fyrir innlenda dómstóla í eigin ríki um málefni sem varða beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans. Þeim er enn fremur heimilt, með leyfi hlutadeigandi dómstóls, að gera athugasemdir munnlega fyrir innlendum dómstólum í eigin aðildarríki. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja, að eigin frumkvæði, skriflegar athugasemdir fyrir dómstóla í aðildarríkjunum, ef nauðsyn krefur, varðandi samræmda beitingu 81. eða 82. gr. sáttmálans. Henni er enn fremur heimilt að gera athugasemdir munnlega með leyfi hlutadeigandi dómstóls.

Samkeppnisyrvöldum í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni er heimilt, þó aðeins til undirbúnings athugasemda sinna, að fara fram á það við viðeigandi dómstól í aðildarríki að hann sendi þeim eða tryggi sendingu þeirra skjala sem teljast nauðsynleg til að meta málið.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á viðtækari valdheimildir til handa samkeppnisfyrvöldum í aðildarríkjnum samkvæmt lögum viðkomandi aðildarríkis til að skila athugasemdom til dómstóla.

16. gr.

Samræmd beiting samkeppnislaga Bandalagsins

1. Þegar innlendir dómstólar fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt. Þeir skulu enn fremur forðast að taka ákvarðanir sem stangast á við ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hyggst taka við málsmeðferð sem hafin er. Innendum dómstóli er, í þessu skyni, heimilt að meta hvort ástæða sé til að fresta málsmeðferð dómstólsins. Þessi skylda hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur skv. 234. gr. sáttmálans.

2. Þegar samkeppnisfyrvöld í aðildarríkjnum fella úrskurð um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 81. eða 82. gr. sáttmálans, sem þegar hefur verið fjallað um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, er þeim ekki heimilt að taka ákvörðun sem gengur gegn þeirri ákvörðun sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

V. KAFLI

VALD TIL RANNSÓKNA

17. gr.

Rannsóknir á einstökum atvinnugreinum og á tegundum samninga

1. Gefi þróun viðskipta milli aðildarríkja, ósveigjanleiki í verðmyndun eða aðrar aðstæður ástæðu til að ætla að samkeppni á sameiginlega markaðnum, hafi verið takmörkuð eða henni raskað getur framkvæmdastjórnin ákveðið að gera athugun á tiltekinni atvinnugrein eða tilteknum tegundum samninga í ýmsum atvinnugreinum. Meðan á þeirri athugun stendur er framkvæmdastjórn heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að framfylgja 81. og 82. gr. sáttmálans og getur hún látið gera nauðsynlegar athuganir í því skyni.

Framkvæmdastjórninni er m.a. heimilt að fara fram á að hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veiti henni upplýsingar um alla samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta skýrslu um niðurstöður athugana sinna á tilteknum atvinnugreinum og bjóða þeim sem hagsmuna eiga að gæta að skila inn athugasemdom.

2. Ákvæði 14., 18., 19., 20., 22., 23. og 24. gr. gilda að breyttu breytanda.

18. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Til þess að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt, með einfaldri beiðni eða ákvörðun, að fara fram á það við fyrirtæki og samtök fyrirtækja að þau veiti allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir einfalda beiðni um upplýsingar til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafresti þeirra og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.

3. Ef framkvæmdastjórnin fer fram á það, með ákvörðun, að fyrirtæki og samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá þeim lagagrundvelli og tilgangi sem að liggur baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og skilafrest þeirra. Hún skal einnig skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 23. gr. og benda á eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 24. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins.

4. Eigendum fyrirtækjanna eða fulltrúum þeirra og, þegar um lögaðila er að ræða, félögum eða fyrirtækjum eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, einstaklingum, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða reglum þeirra, er skylt að veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutadeigandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Lögfræðingum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Hinar síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Framkvæmdastjórnin skal senda afrit af hinni einföldu beiðni eða ákvörðun til samkeppnisyfivalda í aðildarríkinu, þar sem fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur, og til samkeppnisyfivalda í því aðildarríki sem þetta hefur áhrif á.

6. Ríkisstjórnir og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að henni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

19. gr.

Vald til skýrslutöku

1. Til þess að framkvæmdastjórninni sé unnt að gegna þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögaðila sem samþykkja slík viðtöl vegna söfnunar upplýsinga er varða viðfangsefni rannsókna.

2. Fari viðtal skv. 1. mgr. fram á athafnasvæði fyrirtækis skal framkvæmdastjórnin upplýsa samkeppnisyfirvöld í aðildarríkinu, þar sem viðtalið fer fram, um það. Fari samkeppnisyfirvöld í því aðildarríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að sjá um slíkt viðtal, til aðstoðar.

20. gr.

Vald framkvæmdastjórnarinnar til að gera athuganir

1. Til þess að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa vald til:

- a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land eða inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,
- b) að rannsaka bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,
- c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,
- d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,
- e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita valdi sínu þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 23. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna samkeppnisfyrirvöldum í aðildarríkinu, þar sem athuginin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athugininni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 23. og 24. gr., og réttinum til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisfyrirvöld í aðildarríkinu þar sem athuginin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir með umboð frá eða tilnefndir af samkeppnisfyrirvöldum í aðildarríkinu, þar sem athuginin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar, aðstoða embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, með virkum hætti. Í þessu skyni skulu þeir hafa það valdsvið sem tilgreindar eru í 2. mgr.

6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun sem farið er fram á samkvæmt þessari grein skal hlutadeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt framkvæmdarvald til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.

7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.

8. Ef sótt er um þá heimild sem um getur í 7. mgr. skulu innlend dómsmálayfirvöld hafa eftirlit með því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt, þegar þau sinna eftirlitsskyldum sínum og kanna hvort þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brotið, að biðja framkvæmdastjórnina, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisfyrirvalda í aðildarríkinu, um nákvæmar skýringar, t.d. á því á hverju framkvæmdastjórnin byggi grunsemdir sínar um brot á 81. og 82. gr. sáttmálans, svo og hversu alvarlegt meint brot er og á hvern hátt hlutadeigandi fyrirtæki tengist málinu. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali framkvæmdastjórnarinnar. Einingis dómstólinn er til þess bær að fjalla um lögmatí ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar.

21. gr.

Athugun á öðrum athafnasvæðum

1. Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að bókhald eða önnur viðskiptaskjöl, er varða starfsemina og viðfangsefni athugunarinnar, sem skipta máli til að sanna alvarlegt brot á 81. eða 82. gr. sáttmálans, séu geymd á öðru athafnasvæði, landsvæði eða í öðru flutningatæki, þ.m.t. á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutadeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja, getur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun um að fyrirskipa athugun á því athafnasvæði, landsvæði eða flutningatæki.

2. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið og tilganginn með athugininni og hvenær hún á að hefjast og réttinn til að áfrýja ákvörðuninni til dómstólsins. Í henni skal það einkum tilgreint sem staðfesti grunsemdir framkvæmdastjórnarinnar í skilningi 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisfyrirvöld í aðildarríkinu þar sem athuginin verður gerð.

3. Ákvörðun, sem er samþykkt skv. 1. mgr., verður ekki komið til framkvæmda nema fyrir liggja heimild innlendra dómsmálayfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki. Innlend dómsmálayfirvöld skulu hafa eftirlit með því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar, einkum með hliðsjón af því hversu alvarlegt meint brot er, mikilvægi þeirra sannanna sem leitað er, þátttöku hlutaðeigandi fyrirtækis og því hversu líklegt má telja að bókhald og viðskiptaskjöl, er varða viðfangsefni athugunarinnar, séu geymd á því athafnasvæði sem heimildin varðar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er heimilt að biðja framkvæmdastjórnina, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisfirvalda í aðildarríkinu, um nákvæmar skýringar á þeim atriðum sem nauðsynleg teljast vegna eftirlits þeirra með því að þær þvingunar-ráðstafanir, sem stefnt er að, séu í réttu hlutfalli við brot.

Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali framkvæmdastjórnarinnar. Einungis dómstólinn er til þess bær að fjalla um lögmati ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar.

4. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að gera athugun, sem er fyrirskipuð í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skulu hafa það valdsvið sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 2. mgr. 20. gr.

Ákvæði 5. og 6. mgr. 20. gr. gilda að breyttu breytanda.

22. gr.

Rannsóknir samkeppnisfirvalda í aðildarríkjunum

1. Samkeppnisfirvöldum í aðildarríki er heimilt að láta fara fram hvers konar athugun eða gagnaöflun á yfirráðasvæði sínu samkvæmt landslögum fyrir hönd og á kostnað samkeppnisfirvalda í öðru aðildarríki í því skyni að sannreyna að brot á 81. eða 82. gr. sáttmálans hafi átt sér stað. Skipti á og notkun upplýsinga, sem safnað er, skulu fara fram í samræmi við 12. gr.

2. Samkeppnisfirvöld í aðildarríkjunum geta, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, tekið að sér að gera þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 20. gr. eða á grundvelli ákvörðunar skv. 4. mgr. 20. gr. Embættismenn samkeppnisfirvalda í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á þessum athugunum, og aðrir, sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt, skulu hafa það valdsvið sem þeim er veitt í samræmi við landslög.

Embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, er heimilt að veita embættismönnum samkeppnisfirvalda í því aðildarríki, þar sem athugunin fer fram, aðstoð ef framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi yfirvald fer fram á það.

VI. KAFLI

VIÐURLÖG

23. gr.

Sektir

1. Framkvæmdastjórnin er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja um fjárhæð sem fer ekki yfir 1% af heildarveltu næstliðins rekstrarárs ef þau, vísitandi eða af gáleysi:

- a) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 17. gr. eða 2. mgr. 18. gr.,
- b) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,
- c) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 20. gr. eða neita að fallast á athugun sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,

- d) að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við e-lið 2. mgr. 20. gr.,
- gefa rangt eða villandi svar,
 - leiðréttu ekki, innan tilskilins frests sem framkvæmdastjórnin setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið, eða
 - svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem er fyrirskipuð með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.,
- e) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 20. gr.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja þegar þau, visvítandi eða af gáleysi:
- a) brjóta gegn 81. eða 82. gr. sáttmálans, eða
 - b) brjóta í bága við ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr., eða
 - c) standa ekki við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.

Fjárhæð sektar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu næstliðs rekstrarárs fyrir hvert fyrirtæki og hver samtök fyrirtækja sem eiga þátt í brotinu.

Ef brot samtaka tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærri en 10% af heildarveltu hvers aðila sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna hefur áhrif á.

3. Við ákvörðun um fjárhæð sektarinnar skal bæði taka tillit til þess hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist.
4. Ef samtök fyrirtækja eru sektuð með hliðsjón af veltu aðila að samtökunum og þau eru ekki gjaldhæf eru samtökin skuldbundin til að leita eftir framlagi frá aðilum að samtökunum til greiðslu sektarinnar.

Ef slík framlög berast samtökunum ekki innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur er henni heimilt að krefjast greiðslu sektarinnar beint frá einhverju þeirra fyrirtækja sem áttu fulltrúa í þeim stjórnum samtakanna sem hlut eiga að máli.

Þegar framkvæmdastjórnin hefur krafist greiðslu samkvæmt annari undirgrein er henni heimilt, til að tryggja fullnaðargreiðslu sektarinnar, að krefja einhvern þann aðila að samtökunum, sem er virkur á þeim markaði þar sem brotið á sér stað, um greiðslu á mismuninum.

Framkvæmdastjórninni er hins vegar óheimilt að krefja þau fyrirtæki um greiðslu samkvæmt annari eða þriðju undirgrein sem sýna fram á að þau hafi ekki unnið eftir ákvörðun samtakanna, þar sem hvatt er til brotsins, eða var ókunnugt um þá ákvörðun eða lagst gegn henni áður en framkvæmdastjórnin hóf rannsókn málsins.

Fjárskuldbinding hvers fyrirtækis vegna greiðslu sektarinnar skal ekki vera hærri en 10% af heildarveltu þess á næstliðnu rekstrarári.

5. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr., varða ekki hegningarlög.

24. gr.

Févíti

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um févíti á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem nemur fjárhæð sem fer ekki yfir 5% af meðaldagsveltu næstliðs rekstrarárs, reiknað frá þeim degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni, í því skyni að þvinga þau til:

- a) að láta af broti á 81. eða 82. gr. sáttmálans í samræmi við ákvörðun skv. 7. gr.,

- b) að fara að ákvörðun um tímabundnar ráðstafanir skv. 8. gr.,
 - c) að standa við skuldbindingar sem eru bindandi á grundvelli ákvörðunar skv. 9. gr.,
 - d) að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur farið fram á með ákvörðun skv. 17. gr. eða 3. mgr. 18. gr.,
 - e) að fallast á athugun sem hún hefur fyrirskipað með ákvörðun skv. 4. mgr. 20. gr.
2. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa fullnægt þeirri skuldbindingu sem févítinu var ætlað að knýja fram er framkvæmdastjórninni heimilt að ákvarða lægri heildarfjárhæð févítis en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni. Ákvæði 4. mgr. 23. gr. gilda á hliðstæðan hátt.

VII. KAFLI

FYRNINGARFRESTUR

25. gr.

Fyrningarfrestur að því er varðar viðurlög

1. Valdsvið, sem framkvæmdastjórninni er falið skv. 23. og 24. gr., er með fyrirvara um eftirfarandi fyrningarfresti:
 - a) þrjú ár þegar um er að ræða brot á ákvæðum um upplýsingar sem krafist er eða framgang athugana,
 - b) fimm ár fyrir öll önnur brot.
2. Fresturinn hefst daginn sem brotið er framið. Sé hins vegar um áframhaldandi eða endurtekin brot að ræða skal fresturinn talinn frá þeim degi er brotinu lýkur.
3. Hefjist framkvæmdastjórnin eða samkeppnisyrivöld í aðildarríki handa við rannsókn eða málsmeðferð er varðar brot skal gera hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févítis. Hlé er gert á fyrningarfresti frá og með þeim degi sem a.m.k. einu fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja, sem aðild eiga að brotinu, er tilkynnt um aðgerðina. Aðgerðir, sem valda því að gert er hlé á fyrningarfresti, eru einkum:
 - a) skriflegar beiðnir um upplýsingar frá framkvæmdastjórninni eða samkeppnisyrivöldum í aðildarríki,
 - b) skriflegt umboð til athugana sem framkvæmdastjórnin eða samkeppnisyrivöld í aðildarríki veita embættismönnum sínum,
 - c) upphaf málsmeðferðar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða samkeppnisyrivalda í aðildarríki,
 - d) tilkynning um andmæli af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða samkeppnisyrivalda í aðildarríki.
4. Hlé á fyrningarfresti gildir gagnvart öllum fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem eiga aðild að brotinu.
5. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfrestur rennur þó út eigi síðar en að tvöföldum fyrningarfresti liðnum án þess að framkvæmdastjórnin hafi ákvarðað sekt eða féviti. Framlengja skal frestinn sem þeim tíma nemur er hlé var gert á fyrningu skv. 6. mgr.
6. Gera skal hlé á fyrningarfresti vegna sekta eða févita á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá dómstólum.

26. gr.

Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga

1. Vald framkvæmdastjórnarinnar til fullnustu ákvarðana skv. 23. og 24. gr. er með fyrirvara um fyrningarfrest til fimm ára.
2. Fresturinn hefst á þeim degi sem lokaákvörðun er tekin í málinu.
3. Gera skal hlé á fyrningarfresti til fullnustu viðurlaga þegar:
 - a) tilkynnt er um ákvörðun um breytingu á upphaflegri fjárhæð sektar eða févítis eða þegar umsókn um breytingu er hafnað,
 - b) framkvæmdastjórnin eða aðildarríki að beiðni framkvæmdastjórnarinnar hefst handa í þeim tilgangi að krefjast greiðslu á sekt eða féviti.
4. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.
5. Fyrningarfrestur til fullnustu viðurlaga skal felldur niður tímabundið þegar:
 - a) greiðslufrestur er veittur,
 - b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun dómstólsins.

VIII. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF OG ÞAGNARSKYLDA

27. gr.

Skýrslugjöf málsaðila, kæranda og annarra

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun, eins og kveðið er á um í 7., 8. og 23. gr. og 24. gr. (2. mgr.), skal hún veita hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja, sem málsmeðferð hennar varðar, tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í málum sem hún hefur andmælt. Framkvæmdastjórnin skal einungis byggja ákvarðanir sínar á andmælum sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Kærandur skulu hafa náin tengsl við málsmeðferðina.
2. Réttur hlutaðeigandi til varnar skal virtur að fullu í málinu. Þeir skulu hafa rétt til aðgangs að málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga og innanhússskjala framkvæmdastjórnarinnar eða samkeppnisyrivalda í aðildarríkjunum. Réttur til aðgangs nær t.a.m. ekki til bréfaskipta framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyrivalda í aðildarríkjunum eða innbyrðis milli samkeppnisyrivalda, þ.m.t. skjöl samin skv. 11. og 14. gr. Ekkert í þessari málsgrein kemur í veg fyrir að framkvæmdastjórnin veiti og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot.
3. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að hlýða á málf lutning annarra einstaklinga eða lögaðila telji hún ástæðu til þess. Verða skal við umsóknum þessara einstaklinga og lögaðila um skýrslugjöf geti þeir sýnt fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta. Samkeppnisyrivöld í aðildarríkjunum geta einnig farið fram á það við framkvæmdastjórnina að aðrir einstaklingar eða lögaðilar fái að gefa skýrslu.
4. Ef framkvæmdastjórnin hyggst samþykkja ákvörðun skv. 9. eða 10. gr. skal hún birta gagnorða samantekt um málið og megininntak skuldbindinga eða fyrirhugaðra aðgerða. Þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, er heimilt að leggja fram athugasemdir sínar innan frests sem framkvæmdastjórnin setur og skal hann við birtingu vera minnst einn mánuður. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

28. gr.

Þagnarskylda

1. Með fyrirvara um 12. og 15. gr. skulu upplýsingar, sem aflað er skv. 17. til 22. gr., einungis notaðar í þeim tilgangi sem lá að baki öflun þeirra.
2. Með fyrirvara um upplýsingaskipti og notkun upplýsinga, sem gert er ráð fyrir í 11., 12., 14., 15. og 27. gr., skulu framkvæmdastjórnin og samkeppnisyfirvöld í aðildarríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir þeir sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum, ekki veita þær upplýsingar, sem farið er fram á, eða skiptast á þeim upplýsingum skv. þessari reglugerð né heldur þær upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Þessi skylda tekur einnig til allra fulltrúa og sérfræðinga aðildarríkjanna sem sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar skv. 14. gr.

IX. KAFLI

UNDANÞÁGUREGLUGERÐIR

29. gr.

Niðurfelling í einstökum tilvikum

1. Ef framkvæmdastjórnin fær það vald með reglugerð ráðsins, t.d. reglugerð 19/65/EBE, reglugerð (EBE) nr. 2821/71, reglugerð (EBE) nr. 3976/87, reglugerð (EBE) nr. 1534/91 eða reglugerð (EBE) nr. 479/92, að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans að því er varðar tiltekna flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða er henni heimilt, að eigin frumkvæði eða á grundvelli kæru, að fella niður ávinning af slíkri undanþágureglugerð ef hún kemst að því að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð, sem undanþágureglugerðin á við um, hafi í einhverju tilviki leitt til tiltekinna áhrifa sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans.
2. Ef samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir, sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. mgr. á við um, hafa þau áhrif í einhverju tilviki að samrýmist ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess, sem ber öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar, er samkeppnisyfirvöldum í því aðildarríki heimilt að afturkalla ávinning af viðkomandi reglu að því er þetta yfirráðasvæði varðar.

X. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

30. gr.

Birting ákvarðana

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 7. til 10. gr. og 23. og 24. gr.
2. Við birtingu skulu koma fram nöfn málsaðila og megininntak ákvörðunarinnar, þ.m.t. hvaða viðurlögum er beitt. Við birtingu skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

31. gr.

Endurskoðun dómstólsins

Dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu til að fjalla um lögmæti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða févíti. Honum er heimilt að fella niður sekt eða févíti og hækka eða lækka fjárhæðir þeirra.

32. gr.

Undantekningar

Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) alþjóðlega þjónustu með leiguskip eins og skilgreint er í a-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86,
- b) sjóflutningaþjónustu milli hafna í einu og sama aðildarríkinu eingöngu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86,
- c) flutninga í lofti milli flugvalla í Bandalaginu og þriðju landa.

33. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að beita þessari reglugerð. Þær ráðstafanir geta m.a. tekið til:

- a) framsetningar, efnis og annarra atriða kæra sem eru lagðar fram skv. 7. gr. og þeirrar málsmeðferðar sem lýtur að frávisun kæra,
- b) hagnýtrar tilhögunar á upplýsingaskiptum og samráði sem kveðið er á um í 11. gr.,
- c) hagnýtrar tilhögunar við skýrslugjöf sem kveðið er á um í 27. gr.

2. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanir skv. 1. mgr. skal hún birta drög að þeim og bjóða öllum hagsmunaaðilum að skila inn athugasemdum sínum innan þess frests sem settur er og skal hann ekki vera skemmri en einn mánuður. Áður en framkvæmdastjórnin birtir drög að ráðstöfunum og samþykkir þær skal hún hafa samráð við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.

XI. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA-, BREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Umsóknir til framkvæmdastjórnarinnar skv. 2. gr. reglugerðar nr. 17, tilkynningar skv. 4. og 5. gr. þeirrar reglugerðar og samsvarandi umsóknir og tilkynningar skv. reglugerð (EBE) nr. 1017/68, reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og reglugerð (EBE) nr. 3975/87 falla úr gildi frá þeim degi sem beiting þessarar reglugerðar hefst.

2. Ráðstafanir tengdar málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt reglugerð nr. 17 og reglugerð (EBE) nr. 1017/68, reglugerð (EBE) nr. 4056/86 og reglugerð (EBE) nr. 3975/87, gilda áfram að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.

35. gr.

Tilnefning samkeppnisfirvalda í aðildarríkjum

1. Aðildarríkin skulu tilnefna samkeppnisfirvöld eða önnur yfirvöld sem annast skulu beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans með þeim hætti að farið sé með skilvirkum hætti að ákvæðum þessarar reglugerðar. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að veita þessum yfirvöldum vald til að beita þessum greinum fyrir 1. maí 2004. Tilnefnd yfirvöld geta einnig verið dómstólar.

2. Ef innlend stjórnvöld og dómsmálayfirvöld hafa umboð til að annast framkvæmd samkeppnislaga Bandalagsins er aðildarríkjunum heimilt að fá mismunandi landsyfirvöldum, hvort sem um er að ræða stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld, ólíkt valdsvið og hlutverk.

3. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná til yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna, þ.m.t. dómstólar sem hafa hlutverki að gegna við undirbúning og samþykkt þeirra tegunda ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr. Áhrif 6. mgr. 11. gr. ná ekki til dómstóla sem starfa sem endurskoðunardómstólar að því er varðar þær tegundir ákvarðana sem mælt er fyrir um í 5. gr.

4. Ef yfirvald fer með mál, vegna samþykktar á tilteknum tegundum ákvarðana sem greint er frá í 5. gr., fyrir dómsmálayfirvöld í aðildarríki, önnur en til saksóknara, og að því tilskildu að farið sé að skilmálum þessarar málsgreinar, skulu áhrif 6. mgr. 11. gr., þrátt fyrir 3. mgr., einungis ná til þess yfirvalds sem sækir málið og skal það yfirvald draga kröfu sína fyrir dómsmálayfirvaldinu til baka ef framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð og afturköllun málsins verður til þess að unnt er að ljúka innlendri málsmeðferð með árangursríkum hætti.

36. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 1017/68

Reglugerð (EBE) nr. 1017/68 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 2. gr. séu felld úr gildi.
2. Í stað orðanna „Það bann sem mælt er fyrir um í 2. gr.“ í 1. mgr. 3. gr. komi „Bannið í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans“.
3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. gr.:
 - a) í stað orðanna „Samningar þeir, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem um getur í 2. gr.“ í 1. mgr. komi „Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir skv. 1. mgr. 81. gr. sáttmálans“,
 - b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef framkvæmd sammings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar, sem fellur undir 1. mgr., hefur í tilteknu tilviki áhrif sem samrýmast ekki kröfum 3. mgr. 81. gr. sáttmálans er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sjái til þess að þau áhrif verði að engu.“
4. Ákvæði 5. til 29. gr. séu felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 13. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68 fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.
5. Ákvæði 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. falli brott.

37. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 2988/74

Eftirfarandi grein bætist við í reglugerð (EBE) nr. 2988/74:

„7. gr. a

Undantekning

Þessi reglugerð tekur ekki til ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans ().

(*) Stjótið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

38. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 4056/86

Reglugerð (EBE) nr. 4056/86 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 7. gr.:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

1. Brot á skuldbindingu

Þegar hlutaðeigandi aðilar uppfylla ekki skuldbindingu sem, skv. 5. gr., er skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í 3. gr. getur framkvæmdastjórnin, í því skyni að binda enda á brotið og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (⁽¹⁾), samþykkt ákvörðun, þar sem þeim eru annaðhvort bannaðar tilteknar athafnir eða þeir skyldaðir til þeirra, eða afturkallað hópundanþágu sem þeir nutu.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. mgr.:

i) Í stað orðanna „í samræmi við skilmálanna sem mælt er fyrir um í II. þætti“ í a-lið komi „í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1/2003“.

ii) Í stað annars málsliðar annarrar undirgreinar í i-lið c-liðar komi eftirfarandi:

„Jafnframt skal hún úrskurða, í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, hvort samþykkja eigi skuldbindingar sem hlutaðeigandi fyrirtæki bjóða með hliðsjón m.a. af því að hleypa að markaðnum skipafélögum sem standa utan samsiglingakerfisins.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 8. gr.:

a) 1. mgr. falli brott.

b) Í stað orðanna „samkvæmt 10. gr.“ í 2. mgr. komi „samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003“.

c) 3. mgr. falli brott.

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 9. gr.:

a) Í stað orðanna „ráðgjafarnefndinni sem um getur í 15. gr.“ í 1. mgr. komi „ráðgjafarnefndinni sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.

b) Í stað orðanna „ráðgjafarnefndina sem um getur í 15. gr.“ í 2. mgr. komi „ráðgjafarnefndina sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003“.

4. Ákvæði 10. til 25. gr. séu felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 13. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 81. gr. sáttmálans fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

5. Orðin „framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur samkvæmt 10. gr., umsóknir samkvæmt 12. gr. og skýrslugjöf samkvæmt 1. og 2. mgr. 23. gr.“ í 26. gr. falli brott.

39. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 3975/87

Ákvæði 3. til 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87 eru felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 6. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 81. gr. sáttmálans fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

40. gr.

Breyting á reglugerðum nr. 19/65/EBE, EBE nr. 2821/71 og EBE nr. 1534/91

Ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE, 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71 og 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1534/91 eru felld úr gildi.

41. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 3976/87

Reglugerð (EBE) nr. 3976/87 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 6. gr.:

„6. gr.

Frankvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (*) áður en hún birtir drög að reglugerð og áður en hún samþykkir reglugerð.

(*) Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

2. Ákvæði 7. gr. séu felld úr gildi.

42. gr.

Breyting á reglugerð (EBE) nr. 479/92

Reglugerð (EBE) nr. 479/92 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 5. gr.:

„5. gr.

Frankvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (*) áður en hún birtir drög að reglugerð og áður en hún samþykkir reglugerð.

(*) Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

2. Ákvæði 6. gr. séu felld úr gildi.

43. gr.

Niðurfelling reglugerða nr. 17 og nr. 141

1. Reglugerð nr. 17 er felld úr gildi með þeirri undantekningu að 3. mgr. 8. gr. gildir áfram að því er varðar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 81. gr. sáttmálans fyrir þann dag sem þessari reglugerð er beitt og þar til þessar ákvarðanir falla úr gildi.

2. Reglugerð nr. 141 er felld úr gildi.

3. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar reglugerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð.

44. gr.

Skýrsla um beitingu þessarar reglugerðar

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem beiting þessarar reglugerðar hefst skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum um beitingu 6. mgr. 11. gr. og 17. gr.

Frankvæmdastjórnin skal meta, á grundvelli þessarar skýrslu, hvort rétt sé að leggja það til við ráðið að þessi reglugerð verði endurskoðuð.

45. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún öðlast gildi frá 1. maí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHER BOEL

forseti.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. h bætist við ný grein, 1. gr. i, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Ákvæði framangreindrar EB-gerðar framkvæmdastjórnarinnar, sem fela í sér breytingu á bókunum 21 og 23 með EES-samningnum, eru til fyllingar reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans.

Um leið og EB-gerðinni verður beitt hér á landi, eftir birtingu reglugerðar þessarar í B-deild Stjórnartíðinda, falla úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98 og 2843/98, svo og reglugerð viðskiptaráðherra nr. 584/2000, sbr. þó 19. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 um takmarkað gildi þeirra. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94, svo og reglugerð viðskiptaráðherra nr. 585/2000, sbr. og hluta af reglugerð viðskiptaráðherra nr. 230/1997.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 773/2004**

frá 7. apríl 2004

um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá
16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem
mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans⁽¹⁾, einkum
33. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-
hömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1/2003 er framkvæmdastjórninni fengið vald til að setja reglur um tiltekna þætti málsmeðferðar vegna beitingar 81. og 82. gr. sáttmálans. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglur um að hefja málsmeðferð sem framkvæmdastjórnin beitir og einnig um meðferð kvartana og skýrslna sem teknar eru af viðkomandi málsaðilum.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003 ber innlendum dómstólum skylda til að forðast að taka ákvarðanir sem gætu farið í bága við fyrirhugaðar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í sama máli. Samkvæmt 6. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar er valdi samkeppnisyfirvalda í aðildarríkjunum aflétt þegar framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð til samþykktar ákvörðun skv. III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að dómstólar og samkeppnisyfirvöld aðildarríkjanna fái vitneskju um það þegar framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð. Þess vegna skal framkvæmdastjórnin geta birt opinberlega ákvarðanir sínar um að hefja málsmeðferð.
- 3) Áður en munnlegur málflytningur er fenginn frá einstaklingum eða lögaðilum, sem samþykkja að veita viðtal, skal framkvæmdastjórnin skýra þessum aðilum frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki viðtalinu og að þeim sé í sjálfsvald sett hvort þeir veita það. Einnig skal upplýsa þá sem viðtal er tekið við um tilganginn með viðtalinu og hvort það sé skráð á einhvern hátt. Til að tryggja að málflytningurinn sé eins nákvæmur og hægt er má einnig gefa þeim sem viðtal er tekið við kost á að leiðrétta skráðan málflytning. Ef skipst er á upplýsingum, sem eru fengnar með munnlegum málflytningi, skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skal einungis nota þær upplýsingar sem sönnunargögn þegar beita skal einstaklinga viðurlögum og skilyrðum þeirrar greinar er fullnægt.
- 4) Samkvæmt d-lið 1. mgr. 23. gr. í reglugerð (EB) nr. 1/2003 er heimilt að sekta fyrirtæki og samtök fyrirtækja fyrir að leiðrétta ekki, áður en frestur sem framkvæmdastjórnin setur rennur út, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður þeirra hefur gefið við spurningum meðan á athugininni stóð. Því er nauðsynlegt að viðkomandi fyrirtæki fái skýrslu um allar skýringar sem eru gefnar og að hafin sé málsmeðferð sem gerir fyrirtækinu kleift að bæta hvers konar leiðréttingum, breytingum eða viðbótum við skýringar starfsmannsins, sem honum er ekki eða var ekki heimilt að veita upplýsingar um fyrir hönd fyrirtækisins. Skýringar starfsmanns skulu áfram vera til í málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar eins og þær voru skráðar meðan á athugininni stóð.
- 5) Kvartanir eru mikilvæg uppspretta upplýsinga þegar komast þarf að því hvort samkeppnisreglur hafi verið brotnar. Mikilvægt er að skilgreina skýra og skilvirka málsmeðferð fyrir meðferð kvartana sem berast framkvæmdastjórninni.
- 6) Til þess að kvörtun sé tekin til meðferðar, skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, verða að vera í henni upplýsingar um sérstaklega tilgreind atriði.
- 7) Til að aðstoða þá sem leggja fram kvörtun við að koma nauðsynlegum staðreyndum til framkvæmdastjórnarinnar skal útbúa sérstakt eyðublað. Skilyrði fyrir því að farið sé með kvörtun sem slíka, eins og um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, er að upplýsingarnar, sem eru tilgreindar á því eyðublaði, hafi verið lagðar fram.
- 8) Gefa skal einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa ákveðið að bera fram kvörtun, kost á því að vera í nánnum tengslum við málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar með það fyrir augum að sannreyna hvort um brot á reglum sé að ræða. Þeir skulu þó ekki hafa aðgang að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tilheyra öðrum aðilum sem eiga hlut að málsmeðferðinni.
- 9) Gefa verður þeim sem bera fram kvörtun færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum ef framkvæmdastjórnin telur að ekki sé nægileg ástæða til að taka kvörtunina til meðferðar. Ef framkvæmdastjórnin vísar kvörtun frá á þeim forsendum að samkeppnisyfirvald aðildarríkis sé með eða hafi þegar haft málið til meðferðar skal hún tilkynna þeim sem leggur fram kvörtun hvaða yfirvald um sé að ræða.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 411/2004 (Stjótið. EB L 68, 6.3.2004, bls. 1).

- 10) Til að virða rétt fyrirtækja til málsvarnar skal framkvæmdastjórnin veita hlutaðeigandi málsaðilum rétt til að flytja mál sitt áður en hún tekur ákvörðun.
- 11) Einnig skal setja ákvæði um skýrslugjöf annarra aðila en þeirra sem leggja fram kvörtun, eins og um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, og sem eru ekki málsaðilar sem andmælum hefur verið beint til, en sem geta engu að síður sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Að jafnaði skal líta svo á að neytendasamtök, sem óska eftir því að flytja mál sitt, hafi nægilegra hagsmuna að gæta ef málsmeðferðin varðar vörur eða þjónustu fyrir neytendur eða vörur eða þjónustu sem er beinlínis hluti af slíkri vöru eða þjónustu. Ef framkvæmdastjórnin telur að það komi að gagni í málsmeðferðinni getur hún einnig boðið öðrum aðilum að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum og að vera viðstaddir munnlega skýrslugjöf málsaðilanna sem andmælum hefur verið beint gegn. Hún getur einnig boðið slíkum aðilum að skýra frá sjónarmiðum sínum við þessa munnlegu skýrslugjöf ef við á.
- 12) Til að auka árangur munnlegrar skýrslugjafar skal skýrslugjafarfulltrúi hafa heimild til að leyfa viðkomandi málsaðilum, þeim sem leggja fram kvörtun, öðrum aðilum sem eru boðaðir til skýrslugjafar, þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar og yfirvöldum aðildarríkjanna að spyrja spurninga meðan á skýrslugjöfinni stendur.
- 13) Þegar framkvæmdastjórnin veitir aðgang að málskjöllum skal hún tryggja vernd viðskiptaleyndarmála og annarra trúnaðarupplýsinga. Undir „aðrar trúnaðarupplýsingar“ flokkast aðrar upplýsingar en viðskiptaleyndarmál sem geta talist trúnaðarmál að svo miklu leyti sem það myndi skaða fyrirtæki eða einstakling verulega ef þær væru gefnar upp. Framkvæmdastjórnin skal geta farið fram á það við fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, sem leggja eða hafa lagt fram skjöl eða greinargerðir, að þau tilgreini hvað af upplýsingunum séu trúnaðarupplýsingar.
- 14) Þegar viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar eru nauðsynlegar til að færa sönnur á að brot hafi verið framið skal framkvæmdastjórnin meta, fyrir hvert og eitt skjal, hvort þörfin á að gefa upp trúnaðarupplýsingar sé meiri en skaðinn sem það gæti valdið.
- 15) Vegna réttaröryggis skal mæla fyrir um lágmarksfrest fyrir framlagningu hvers konar gagna sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 16) Þessi reglugerð kemur í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98 frá 22. desember 1998 um skýrslugjöf málsaðila við tiltekna málsmeðferð skv. 85. og 86. gr. EB-sáttmálans⁽²⁾, sem skal því felld úr gildi.

- 17) Með þessari reglugerð eru málsmeðferðarreglur í flutningageiranum aðlagðar almennu reglunum um málsmeðferð í öllum geirum. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga⁽³⁾ skal því felld úr gildi.
- 18) Með reglugerð (EB) nr. 1/2003 er tilkynninga- og heimildakerfið afnumið. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3385/94 frá 21. desember 1994 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins nr. 17⁽⁴⁾ skal því felld úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ.

1. gr.

Efni og gildissvið

Reglugerð þessi gildir um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar beitingu 81. og 82. gr. sáttmálans.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ HAFIN

2. gr.

Málsmeðferð hafin

1. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er ákveðið að hefja málsmeðferð með það fyrir augum að samþykka ákvörðun samkvæmt III. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003 en þó eigi síðar en þann dag sem hún gefur út bráðabirgðamat skv. 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, eða yfirlýsingu um andmæli, eða þann dag sem tilkynning skv. 4. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar er birt, eftir því hvað af þessu gerist fyrst.

2. Framkvæmdastjórnin getur tilkynnt opinberlega um upphaf málsmeðferðar á hvern þann hátt sem hentar. Áður en hún gerir það skal hún láta viðkomandi málsaðila vita af því.

(²) Stjóð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 18.

(³) Stjóð. EB L 354, 30.12.1998, bls. 22.

(⁴) Stjóð. EB L 377, 31.12.1994, bls. 28.

3. Framkvæmdastjórnin getur beitt valdi sínu til rannsóknna skv. V. kafla reglugerðar (EB) nr. 1/2003 áður en hún hefur málsmeðferð.

4. Framkvæmdastjórnin getur vísað kvörtun frá skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 án þess að hefja málsmeðferð.

III. KAFLI

RANNSÓKNIR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

3. gr.

Vald til skýrslutöku

1. Þegar framkvæmdastjórnin tekur viðtal við aðila með samþykki hans, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, skal hún, í upphafi viðtals, skýra frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki og frá tilganginum með viðtalinu og minna á að honum sé í sjálfsvald sett hvort hann veitir það. Hún skal einnig upplýsa aðilann, sem viðtal er tekið við, um það ef hún hyggst skrá viðtalið.

2. Taka má viðtalið á hvaða hátt sem er, þ.m.t. gegnum síma eða með rafrænum aðferðum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að skrá málflytning einstaklinga, sem viðtal er tekið við, á hvaða hátt sem er. Aðili, sem hefur samþykkt að tekið sé viðtal við hann, skal fá aðgang að afriti af hvers konar skráningu viðtalsins. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin gefa þeim sem viðtal er tekið við frest til að koma á framfæri leiðréttingum á málflytningu sínum.

4. gr.

Munnlegar spurningar við athugun máls

1. Þegar embættismenn, eða aðrir fylgdarmenn þeirra með umboð framkvæmdastjórnarinnar, biðja fulltrúa eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar skv. e-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 er heimilt að skrá skýringarnar, sem eru gefnar, með hvaða hætti sem er.

2. Að lokinni athuguninni skal veita viðkomandi fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja aðgang að afriti af hvers konar skráningu, sem er gerð skv. 1. mgr.

3. Í tilvikum þegar starfsmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem hefur ekki eða hafði ekki heimild fyrirtækisins eða samtakanna til að gefa skýringar fyrir þeirra hönd, hefur verið bedinn um skýringar skal framkvæmdastjórnin gefa fyrirtækinu eða samtökum fyrirtækja frest til að koma til framkvæmdastjórnarinnar hvers konar leiðréttingum, breytingum eða viðbótum við skýringar sem slíkur starfsmaður lætur í té. Bæta skal leiðréttingunum, breytingunum eða viðbótunum við skýringarnar eins og þær eru skráðar skv. 1. mgr.

IV. KAFLI

MEÐFERÐ KVARTANA

5. gr.

Skilyrði fyrir því að kvartanir séu tækar

1. Einstaklingar og lögaðilar skulu sýna fram á að þeir hafi lögmætra hagsmuna að gæta til að eiga rétt á að leggja fram kvörtun að því er varðar 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.

Í slíkum kvörtunum skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er á eyðublaði C eins og fram kemur í viðaukanum. Framkvæmdastjórnin getur veitt undanþágu frá þessari skyldu að því er varðar hluta upplýsinganna, þ.m.t. skjöl sem krafist er á eyðublaði C.

2. Senda skal framkvæmdastjórninni kvörtunina í þríriti á pappír auk afrits á rafrænu formi ef unnt er. Sé einhver hluti kvörtunarinnar háður trúnaðarkvöðum skal sá sem leggur fram kvörtun einnig leggja fram sérútgáfu af kvörtuninni, sem inniheldur engin trúnaðarmál.

3. Kvartanir skulu lagðar fram á opinberu tungumáli Bandalagsins.

6. gr.

Þátttaka kvartenda í málsmeðferð

1. Ef framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um andmæli varðandi mál sem hún hefur fengið kvörtun um skal hún afhenda þeim sem leggur fram kvörtunina afrit af þeirri útgáfu andmælanna sem ekki inniheldur trúnaðarupplýsingar og gefa þeim sem leggur fram kvörtun frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem við á, veitt þeim sem leggja fram kvörtun tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum í munnlegri skýrslugjöf málsaðilanna sem yfirlýsing um andmæli hefur verið borin fram gegn ef þeir óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

7. gr.

Kvörtunum vísað frá

1. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur, að ekki séu nægilegar ástæður fyrir því að bregðast við kvörtun skal hún upplýsa þann sem leggur fram kvörtun um ástæður þess og gefa honum frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

2. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin gefur, rennur út og skriflegar athugasemdir hans leiða ekki til þess að kvörtunin sé metin á annan hátt skal framkvæmdastjórnin vísa kvörtuninni frá með ákvörðun.

3. Ef sá sem leggur fram kvörtun skýrir ekki frá sjónarmiðum sínum áður en fresturinn, sem framkvæmdastjórnin veitir, rennur út telst kvörtunin hafa verið dregin til baka.

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Ef framkvæmdastjórnin hefur upplýst þann sem leggur fram kvörtun um að hún hyggist vísa henni frá skv. 1. mgr. 7. gr. getur sá sem leggur fram kvörtunina farið fram á að fá aðgang að skjölunum sem liggja til grundvallar bráðabirgðamati framkvæmdastjórnarinnar. Sá sem leggur fram kvörtunina skal þó ekki fá aðgang að viðskiptaleyndarmálum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tilheyra öðrum málsaðilum sem eiga hlut að málsmeðferðinni.

2. Sá sem leggur fram kvörtun má einungis nota þau skjöl, sem hann hefur haft aðgang að í tengslum við málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. sáttmálans, þegar um er að ræða dóms- eða stjórnarsýslumál vegna beitingar þessara ákvæða sáttmálans.

9. gr.

Frávísun kvartana skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003

Vísi framkvæmdastjórnin kvörtun frá skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skal hún þegar í stað upplýsa þann sem leggur fram kvörtunina um það hvaða innlenda samkeppnisyrivald fjalli um málið eða hafi þegar fjallað um það.

V. KAFLI

RÉTTUR TIL AÐ FLYTJA MÁL SITT

10. gr.

Yfirlýsing um andmæli og svar

1. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi málsaðilum skriflega um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Tilkynna skal hverjum og einum málsaðila um slíka yfirlýsingu um andmæli.

2. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir málsaðilum um andmæli sín skal hún gefa þeim frest til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

3. Málsaðilar geta, í skriflegum athugasemdum sínum, sett fram allar staðreyndir, sem þeir vita um, sem skipta máli fyrir vöm þeirra gagnvart andmælum framkvæmdastjórnarinnar. Þeir skulu láta fylgja öll skjöl sem málið varðar til sönnunar staðreyndum sem þar eru settar fram. Þeir skulu leggja fram frumrit á pappír auk afrits á rafrænu formi eða, ef ekki er lagt fram rafrænt eintak, 28 pappírsafrit af gögnunum sem þeir leggja fram og skjölum sem fylgja þeim. Þeim er heimilt að leggja það til að framkvæmdastjórnin taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest þær staðreyndir sem koma fram í gögnunum sem þeir leggja fram.

11. gr.

Réttur til að flytja mál sitt

1. Framkvæmdastjórnin skal veita málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, möguleika á að flytja mál sitt áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.

2. Í ákvörðunum sínum skal framkvæmdastjórnin einungis fjalla um andmæli sem málsaðilar, sem um getur í 1. mgr., hafa fengið að tjá sig um.

12. gr.

Réttur til munnlegrar skýrslugjafar

Framkvæmdastjórnin skal gefa málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, færi á að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf ef þeir óska eftir því í skriflegum gögnum sem þeir leggja fram.

13. gr.

Skýrslugjöf annarra aðila

1. Ef einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en þeir sem um getur í 5. og 11 gr., óska eftir því að flytja mál sitt, og geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, skal framkvæmdastjórnin tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að bjóða aðilum, sem um getur í 1. mgr., að rökstyðja mál sitt frekar við munnlega skýrslugjöf málsaðilans sem andmælum var beint til, ef aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., óska eftir því í skriflegum athugasemdum sínum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að bjóða hvaða öðrum aðila sem er að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum og vera viðstaddur munnlega skýrslugjöf málsaðilanna sem andmælum hefur verið beint til. Framkvæmdastjórnin getur einnig boðið slíkum aðila að skýra frá sjónarmiðum sínum við þessa munnlegu skýrslugjöf.

14. gr.

Framkvæmd munnlegrar skýrslugjafar

1. Skýrslugjafarfulltrúi skal stjórna skýrslugjöf og skal hann vera fullkomlega hlutlaus.

2. Framkvæmdastjórnin skal boða þá einstaklinga, sem eiga að gefa skýrslu, til munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.

3. Framkvæmdastjórnin skal boða samkeppnis-yfirvöld aðildarríkjanna til þátttöku í munnlegu skýrslutökunni. Hún getur einnig boðað embættismenn og opinbera starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum.

4. Aðilar, sem eru boðaðir, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglega fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem reglur þeirra heimila, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er einnig heimilt að veita fóstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

5. Þeim sem gefa framkvæmdastjórninni skýrslu er heimilt að leita aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.

6. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmatra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

7. Skýrslugjafarfulltrúi getur leyft málsaðilum, sem andmælum hefur verið beint til, þeim sem leggja fram kvörtun, öðrum aðilum, sem eru boðaðir til skýrslugjafarinnar, þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar og yfirvöldum aðildarríkjanna að spyrja spurninga meðan á skýrslugjöfnum stendur.

8. Skrá skal málflytning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem gefa skýrslu skulu fá aðgang að skráðum málflytningi ef þeir óska eftir því. Taka skal tillit til lögmatra hagsmuna málsaðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

VI. KAFLI

ADGANGUR AÐ MÁLSSKJÓLUM OG MEDFERÐ TRÚNAÐARUPPLÝSINGA

15. gr.

Aðgangur að málsskjólum og notkun skjala

1. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim málsaðilum, sem hún hefur beint andmælum til, aðgang að málsskjólum, ef um það er bedið. Veita skal aðgang eftir að tilkynnt hefur verið um andmæli.

2. Réttur til aðgangs að málsskjólum nær ekki til viðskiptaleyndarmála, annarra trúnaðarupplýsinga og innanhússkjala framkvæmdastjórnarinnar eða til samkeppnisfyrivalda í aðildarríkjunum. Réttur til aðgangs að málsskjólum nær heldur ekki til bréfaskipta á milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisfyrivalda í aðildarríkjunum eða milli samkeppnisfyrivalda innbyrðis ef slík bréfaskipti er að finna í málsskjólum framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ekkert í þessari reglugerð kemur í veg fyrir að framkvæmdastjórnin afhendi og noti nauðsynlegar upplýsingar til að sanna brot á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálsans.

4. Skjöl, sem hafa fengist með aðgangi að málsskjólum samkvæmt þessari grein, skal einungis nota í dóms- eða stjórnsýslumálum vegna beitingar 81. og 82. gr. sáttmálsans.

16. gr.

Greining og varðveisla trúnaðarupplýsinga

1. Framkvæmdastjórnin skal ekki afhenda eða veita aðgang að upplýsingum, þ.m.t. skjöl, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar um aðila.

2. Aðili, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum skv. 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 13. gr. (1. og 3. mgr.), eða afhendir framkvæmdastjórninni frekari upplýsingar á meðan á þessari sömu málsmeðferð stendur, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur vera trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt innan frests sem framkvæmdastjórnin veitir honum til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin krafist þess að fyrirtæki og samtök fyrirtækja, sem leggja fram skjöl eða greinargerðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2003, tilgreini hvaða skjöl eða hlutar skjala þau telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem tilheyra þeim og gagnvart hvaða fyrirtækjum slík skjöl skuli vera trúnaðarmál. Framkvæmdastjórnin getur einnig krafist þess að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja tilgreini hvern þann hluta andmæla, samantektar um mál, sem er gerð skv. 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem inniheldur viðskiptaleyndarmál að þeirra dómi.

Framkvæmdastjórnin getur gefið fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja frest til að:

- rökstyðja kröfu sína um upplýsingaleynd að því er varðar hvert einstakt skjal eða hluta af skjali, skýrslu eða hluta úr skýrslu,
- láta framkvæmdastjórninni í té sérútgáfu af skjólum eða skýrslum þar sem trúnaðarmálum er sleppt,
- leggja fram nákvæma lýsingu á hverju einstöku atriði í upplýsingum sem er sleppt.

4. Ef fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láta undir höfuð leggjast að fara að ákvæðum 2. og 3. mgr. getur framkvæmdastjórnin gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjólum eða skýrslum.

VII. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Frestur

1. Þegar framkvæmdastjórnin veitir frest, eins og kveðið er á um í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.), 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.), 10. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir framlagningu gagna og til þess hversu brýnt málið er.

2. Frestur, sem um getur í 6. gr. (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 10. gr. (2. mgr.), skal vera a.m.k. fjórar vikur. Sé um að ræða málsmeðferð, sem er hafin í því skyni að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, má þó stytta frestinn í eina viku.

3. Frestur, sem um getur í 3. gr. (3. mgr.), 4. gr. (3. mgr.) og 16. gr. (3. mgr.), skal vera a.m.k. tvær vikur.

4. Lengja má frest eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

18. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 2842/98, (EB) nr. 2843/98 og (EB) nr. 3385/94 eru felldar úr gildi.

Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar reglugerðir sem tilvísanir í þessa reglugerð.

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Ráðstafanir tengdar málsmeðferð, sem eru gerðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2842/98 og (EB) nr. 2843/98, gilda áfram að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EYDUBLAD C

KVÖRTUN SKV. 7. GR. REGLUGERÐAR (EB) NR. 1/2003

I. Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun og fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem kvörtunin varðar

1. Veita skal allar upplýsingar um þann einstakling eða lögaðila sem ber fram kvörtunina. Ef fyrirtæki leggur fram kvörtun skal tilgreina fyrirtækjasamstæðuna sem það tilheyrir og gefa nákvæmt yfirlit yfir eðli og umfang starfseminnar. Gefið upp tengilið (ásamt símanúmeri, póstfangi og netfangi) þar sem hægt er að fá viðbótarupplýsingar.
2. Tilgreinið fyrirtæki eða samtök fyrirtækja þar sem kvartað er yfir starfseminni, þ.m.t. ef við á, allar tiltækar upplýsingar um fyrirtækjasamstæðuna sem fyrirtækið eða fyrirtækin, sem kvörtunin beinist að, tilheyrir og eðli og umfang starfsemi þeirra. Tilgreinið stöðu kvartanda gagnvart fyrirtækinu/fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja sem kvartað er yfir (t.d. viðskiptavinur eða samkeppnisaðili).

II. Ítarlegar upplýsingar um meint brot og sönnunargögn

3. Greinið nákvæmlega frá staðreyndum sem talið er að bendi til þess að um brot sé að ræða á ákvæðum 81. eða 82. gr. sáttmálans og/eða 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Tilgreinið einkum hvers eðlis varan er (vara eða þjónusta) sem hið meinta brot hefur áhrif á og útskýrið, ef þörf krefur, viðskiptatengsl varðandi þessar vörur. Gefið upp í einstökum atriðum allar fyrirliggiandi upplýsingar um samninga eða starfsvenjur fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem þessi kvörtun varðar. Tilgreina skal, að svo miklu leyti sem unnt er, hlutfallslega markaðsstöðu fyrirtækjanna sem kvörtunin varðar.
4. Leggið fram öll skjöl í yðar vörslu sem varða eða tengjast beint þeim staðreyndum sem settar eru fram í kvörtuninni (t.d. texta samninga, fundargerðir samningaviðræðna eða funda, viðskiptaskilmála, viðskiptaskjöl, umburðarbréf, bréfastipti, minnisatriði frá samtölum...). Tilgreinið nöfn og heimilisföng aðila sem geta vottað þær staðreyndir sem eru settar fram í kvörtuninni, einkum þeirra sem hið meinta brot hefur áhrif á. Leggið fram tölulegar upplýsingar eða önnur gögn í yðar vörslu sem tengjast staðreyndunum sem eru settar fram, einkum þar sem þau sýna þróun á markaði (t.d. upplýsingar varðandi verð og verðþróun, aðgangshindranir á markaði fyrir nýja birgja o.s.frv.).
5. Setjið fram sjónarmið yðar varðandi landfræðilegt umfang meints brots og útskýrið, þar sem það er ekki augljóst, að hve miklu leyti sú háttsemi, sem kvartað er yfir, kann að hafa áhrif á viðskipti á milli aðildarríkja eða á milli Bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja sem eru aðilar að EES-samningum.

III. Niðurstöður fengnar frá framkvæmdastjórninni og lögmætir hagsmunir

6. Útskýrið hvaða niðurstöðu eða aðgerðum óskað er eftir að málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skili.
7. Rökstyðjið lögmæta hagsmuni yðar sem kvartanda, skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003. Gerið einkum grein fyrir því hvernig háttsemin, sem kvartað er yfir, hefur áhrif á yður og útskýrið hvernig íhlutun framkvæmdastjórnarinnar gæti, að yðar mati, bætt úr meintum kvörtunarmálum.

IV. Málsmeðferð fyrir innlendum samkeppnisfyrirvöldum eða innlendum dómstólum

8. Veitið allar upplýsingar um það hvort þér hafið leitað til einhvers annars samkeppnisfyrivalds varðandi sama eða nátengt málefni og/eða hvort mál hafi verið höfðað fyrir innlendum dómstóli. Ef sú er raunin skal veita allar upplýsingar um stjórnisýslu- eða dómsmálafyrivaldið sem leitað var til og um það hvaða gögn hafi verið lögð fyrir slíkt yfirvald.

Yfirlýsing þess efnis að upplýsingarnar, sem koma fram á þessu eyðublaði og í viðaukum við það, séu veittar í góðri trú.

Dagsetning og undirskrift

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um
Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. i bætist við ný grein, 1. gr. j, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 8. júní 2004 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Ákvæði framangreindrar EB-reglugerðar nr. 139/2004 fela í sér að felldar eru niður: 1) reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, sbr. reglugerð viðskiptaráðherra nr. 594/1993, og 2) reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89, sbr. reglugerðir viðskiptaráðherra nr. 349/1998 og 358/1998, en þessar tvær EB-reglugerðir og reglugerðir viðskiptaráðherra gilda þó áfram í vissum tilvikum skv. 25. og 26. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Ákvæði 13. gr. EB-reglugerðar nr. 139/2004, um rannsóknarheimildir, og 22. gr. sömu reglugerðar, um flutning samrunamáls, eru tekin upp í samkeppnislög nr. 44/2005.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 139/2004**

frá 20. janúar 2004

um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja

(samrunareglugerð EB)

Texti sem varðar EES)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ⁽⁴⁾. Þar eð gera á frekari breytingar er rétt að hún verði endursamin til glöggvunar.
- 2) Til að ná þeim markmiðum, sem stefnt er að með sáttmálanum, er Bandalaginu falið það verkefni, með g-lið 1. mgr. 3. gr., að koma á fót kerfi sem tryggir að samkeppni á innri markaðnum sé ekki raskað. Í 1. mgr. 4. gr. sáttmálsins er kveðið á um að starfsemi aðildarríkjanna og Bandalagsins skuli fara fram í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni. Þessar meginreglur eru algerlega nauðsynlegar fyrir frekari þróun innri markaðarins.
- 3) Tilkoma innri markaðarins og Efnahags- og myntbandalagsins, stækkun Evrópusambandsins og það að dregið hefur úr alþjóðlegum hindrunum í viðskiptum og fjárfestingu mun leiða til enn frekari endurskipulagningar fyrirtækja, einkum í formi samfylkinga.

4) Fagna ber slíkri endurskipulagningu að því marki sem hún er í samræmi við kröfur um öflugna samkeppni og getur aukið samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar og bætt skilyrði til aukins hagvaxtar og bættra lífskjara innan Bandalagsins.

5) Þó ber að tryggja að endurskipulagningin hamli samkeppni ekki varanlega. Í lögum Bandalagsins verða því að vera ákvæði um þær samfylkingar sem gætu hindrað frjálsa samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans.

6) Þess vegna er nauðsynlegt að hafa sérstakan lagagerning sem gerir það kleift að hafa skilvirkt eftirlit með öllum samfylkingum, að því er varðar áhrif þeirra á skipulag samkeppni í Bandalaginu, og skal það vera eini gemingurinn sem gildir um slíkar samfylkingar. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 hefur gert það kleift að þróa stefnu Bandalagsins á þessu sviði. Í ljósi reynslunnar er þó rétt að endursejja þá reglugerð svo að úr verði löggjöf sem er löguð að þeim viðfangsefnum sem fylgja aukinni samþættingu á markaði og stækkun Evrópusambandsins í framtíðinni. Í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálsins, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði að tryggja að samkeppni á sameiginlega markaðnum sé ekki raskað í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni.

7) Þótt ákvæði 81. og 82. gr. sáttmálsins taki til tiltekinna samfylkinga, samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins ná þau ekki til allrar starfsemi sem gæti reynst ósamrýmanleg því kerfi óraskaðrar samkeppni sem gert er ráð fyrir í sáttmálanum. Reglugerð þessi skal því ekki eingöngu byggjast á 83. gr. heldur fyrst og fremst á 308. gr. sáttmálsins en samkvæmt henni getur Bandalagið áskilið sér nauðsynlegt viðbótarvald til að ná markmiðum sínum og einnig vald til aðgerða þegar um er að ræða samfylkingar á mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir sem eru skráðar í I. viðauka sáttmálsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 20, 28.1.2003, bls. 4.

⁽²⁾ Álitur var skilað 9.10.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Álitur var skilað 24.10.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 (Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1). Leiðrétting í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

- 8) Ákvæði, sem samþykkt verða með þessari reglugerð, skulu gilda um verulegar skipulagsbreytingar sem hafa áhrif á markaðinn og ná út fyrir landamæri einstakra aðildarríkja. Að jafnaði skulu slíkar samfylkingar eingöngu endurskoðaðar á vettvangi Bandalagsins, í einu kerfi og í samræmi við dreifræðisregluna. Samfylkingar, sem falla ekki undir þessa reglugerð, heyra að meginreglu til undir lögsögu aðildarríkjanna.
- 9) Skilgreina ber gildissvið þessarar reglugerðar með hliðsjón af því hver landfræðileg mörk starfsemi viðkomandi fyrirtækja eru og beita stærðartakmörkunum svo að það taki til þeirra samfylkinga sem varða hagsmuni Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin skal skila ráðinu skýrslu um framkvæmd gildandi takmarkana og viðmiðana svo að ráðið geti, í samræmi við 202. gr. sáttmálans, endurskoðað þær reglulega, svo og reglur um vísun máls fyrir tilkynningu, í ljósi fenginnar reynslu. Þetta krefst þess að aðildarríkin láti framkvæmdastjórninni í té tölfraðileg gögn til að hún geti samið slíkar skýrslur og jafnvel gert breytingatillögur. Skýrslur og tillögur framkvæmdastjórnarinnar skulu byggjast á viðeigandi upplýsingum sem aðildarríkin láta henni reglulega í té.
- 10) Líta ber svo á að samfylking varði hagsmuni Bandalagsins ef heildarvelta viðkomandi fyrirtækja fer yfir sett viðmiðunarmörk. Það er óháð því hvort fyrirtækin, sem mynda samfylkinguna, hafa aðsetur innan Bandalagsins eða hafa aðalstarfsvettvang sinn þar, að því tilskildu að þau reki þar umtalsverða starfsemi.
- 11) Reglurnar um að framkvæmdastjórnin vísí málum samfylkinga til aðildarríkja og aðildarríkin til framkvæmdastjórnarinnar eiga að verka sem skilvirk leiðréttingaraðferð í ljósi dreifræðisreglunnar. Með slíkum reglum eru samkeppnishagsmunir aðildarríkjanna verndaðir með viðhlitandi hætti og tilhlýðilegt tillit tekið til réttaröryggis og meginreglunnar um skoðun í einu kerfi.
- 12) Samfylkingar geta uppfyllt skilyrði um skoðun samkvæmt kerfi ýmissa ríkja um eftirlit með samruna ef þær eru undir þeim viðmiðunarmörkum um veltu sem um getur í þessari reglugerð. Margar tilkynningar um sömu viðskipti auka á réttaróvissu, vinnu og kostnað fyrirtækja og slíkt getur leitt til margs konar mats. Því er rétt að þróa áfram kerfi sem felur í sér að viðkomandi aðildarríki geta vísað málum samfylkinga til framkvæmdastjórnarinnar.
- 13) Framkvæmdastjórninni ber að hafa náð og stöðugt samband við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem hún fær athugasemdir og upplýsingar frá.
- 14) Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu saman mynda net opinberra yfirvalda sem hafa náð samstarf um beitingu valdheimilda sinna og hafa skilvirka tilhögun um upplýsingamiðlun og samráð með það fyrir augum að tryggja að hvert mál sé í höndum þess yfirvalds sem best er til þess fallið í ljósi dreifræðisreglunnar og til að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að tilkynnt sé mörgum sinnum um sömu samfylkinguna. Þegar samfylkingum er vísað frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna eða frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar skal gera það á skilvirkan hátt og forðast eftir megni að upp komi sú staða að samfylkingu sé vísað áfram, bæði fyrir og eftir að tilkynnt er um hana.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal geta vísað til aðildarríkis tilkynntum samfylkingum, sem varða hagsmuni Bandalagsins og veruleg hættu er á að hafi áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar. Þegar samfylking hefur áhrif á samkeppni á slíkum markaði, sem er ekki verulegur hluti af sameiginlega markaðnum, ber framkvæmdastjórninni skylda til, að fenginni beiðni, að vísa öllu málinu eða hluta þess til viðkomandi aðildarríkis. Aðildarríki skal geta vísað til framkvæmdastjórnarinnar máli samfylkingar, sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins en hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og hættu er á að hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði þess. Önnur aðildarríki, sem eru einnig þar til bær að endurskoða samfylkinguna, skulu eiga þess kost að verða aðilar að beiðninni. Við slíkar aðstæður skal innlendur frestur lengdur, til að tryggja skilvirkni og áreiðanleika kerfisins, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hvort málinu verði vísað áfram. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að taka samfylkingu til skoðunar og fjalla um hana fyrir hönd aðildarríkis eða aðildarríkja sem óska eftir því.
- 16) Til að auka enn frekar skilvirkni kerfis eftirlits með samfylkingum í Bandalaginu skulu viðkomandi fyrirtæki eiga þess kost að óska eftir því að samfylkingunni sé vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða frá henni áður en tilkynnt er um hana. Í slíkum tilvikum skulu framkvæmdastjórnin og innlend samkeppnisýfirvöld ákveða, innan stutts, skýrt skilgreinds frests, hvort málinu skuli vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða frá henni og tryggja þannig skilvirkni kerfisins. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni viðkomandi fyrirtækja, geta vísað til aðildarríkis samfylkingu, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og getur haft umtalsverð áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar. Viðkomandi fyrirtækingar er þó ekki skylt að sýna fram á að samfylkingin myndi hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Framkvæmdastjórnin skal ekki vísa máli samfylkingar til aðildarríkis sem hefur lýst yfir andmælum gegn slíkri vísun. Áður en innlendum yfirvöldum er tilkynnt um samfylkingu skulu viðkomandi fyrirtæki einnig eiga þess kost að óska eftir því að samfylkingu verði vísað til framkvæmdastjórnarinnar, ef hún varðar ekki hagsmuni

- Bandalagsins og hana má endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum a.m.k. þriggja aðildarríkja. Slíkar beiðnir um vísun máls til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um samfylkingu eiga einkum við í tilvikum þar sem samfylkingin gæti haft áhrif á samkeppni út fyrir yfirráðasvæði eins aðildarríkis. Ef samfylkingu, sem má endurskoða samkvæmt samkeppnislögum þriggja eða fleiri aðildarríkja, er vísað til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um hana innanlands og ekkert aðildarríki, sem er þar til bært að endurskoða málið, lýsir yfir andmælum skal framkvæmdastjórnin ein vera þar til bær að endurskoða samfylkinguna og sú samfylking skal teljast varða hagsmuni Bandalagsins. Ekki skal þó vísa samfylkingu frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um hana ef a.m.k. eitt aðildarríki, sem hefur heimild til að endurskoða málið, hefur lýst yfir andmælum gegn slíkri vísun.
- 17) Framkvæmdastjórnin skal ein hafa vald til að beita þessari reglugerð með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins.
- 18) Aðildarríkjunum er óheimilt að beita landslögum um samkeppni gagnvart samfylkingum sem varða hagsmuni Bandalagsins, nema kveðið sé á um það í þessari reglugerð. Takmarka skal viðeigandi heimildir innlendra yfirvalda við tilvik þar sem líklegt er að virk samkeppni yrði hindruð verulega á yfirráðasvæði aðildarríkis án ihlutunar framkvæmdastjórnarinnar og þar sem ógerlegt er að vernda hagsmuni aðildarríkisins í samkeppnismálum nægilega á annan hátt samkvæmt reglugerð þessari. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu bregðast skjótt við í slíkum tilvikum. Vegna ósamræmis í landslögum er ekki unnt að ákveða einn sameiginlegan frest með þessari reglugerð fyrir samþykkt lokaávarðana samkvæmt landslögum.
- 19) Einhliða beiting ákvæða þessarar reglugerðar gagnvart samfylkingum sem varða hagsmuni Bandalagsins er enn fremur með fyrirvara um 296. gr. sáttmálans og kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni, aðra en þá sem fjallað er um í þessari reglugerð, að því tilskildu að þær ráðstafanir samrýmist almennum meginreglum og öðrum lagaákvæðum Bandalagsins.
- 20) Brýnt er að skilgreina hugtakið samfylking þannig að það taki til starfsemi sem hefur í för með sér varanlega breytingu á eftirliti með hlutaðeigandi fyrirtækjum og þar með skipulagi markaðarins. Þess vegna er rétt að öll fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem gegna til frambúðar og að öllu leyti hlutverki sjálfstæðrar efnahagseiningar, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar. Enn fremur er rétt að viðskipti, sem eru nátengd vegna sömu skilmála, eða eru hluti af röð viðskipta með verðbréf sem standa yfir í tiltölulega stuttan tíma, fái sömu meðferð og um væri að ræða eina samfylkingu.
- 21) Þessi reglugerð skal einnig gilda þar sem viðkomandi fyrirtæki samþykkja takmarkanir sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að samfylkingar samrýmist sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð skulu sjálfkrafa ná yfir slíkar takmarkanir án þess að framkvæmdastjórnin þurfi að meta þær í hverju einstöku tilviki. Framkvæmdastjórnin skal þó, að beiðni viðkomandi fyrirtækja, í málum þar sem upp kemur nýr eða óleystur vandi sem veldur verulegri óvissu, meta sérstaklega hvort tiltekin takmörkun tengist framkvæmd samfylkingarinnar beint og sé nauðsynleg vegna hennar. Mál telst vera nýr eða óleystur vandi ef það veldur verulegri óvissu sem ekki er fjallað um í viðeigandi, gildandi auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar eða áður birtri ákvörðun.
- 22) Í fyrirkomulagi því sem innleiða á til að hafa eftirlit með samfylkingum skal, með fyrirvara um 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, virða meginregluna um bann við því að opinbera geiranum og einkageiranum sé mismunað. Í opinbera geiranum skal því reikna veltu viðkomandi fyrirtækis, sem á aðild að samfylkingu, með hliðsjón af fyrirtækjum sem mynda efnahags-einingu með sjálfstætt ákvörðunarvald, án tillits til skiptingar eignarhluta eða reglna um stjórnsýslueftirlit sem gilda um þau.
- 23) Nauðsynlegt er, með tilliti til þess að viðhalda virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum og þróa hana, að skera úr um hvort samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins, samrýmist sameiginlega markaðnum. Við þetta mat skal framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir sínar út frá almennum viðmiðunum um að ná grundvallarmarkmiðum sem um getur í 2. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.
- 24) Til að tryggja kerfi óheftrar samkeppni á sameiginlega markaðnum skal heimilað með þessari reglugerð, með það fyrir augum að hrinda í framkvæmd stefnu sem er mörkuð í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálstri samkeppni, að hafa skilvirkt eftirlit með öllum samfylkingum að því er varðar áhrif þeirra á samkeppni í Bandalaginu. Þess vegna var sett sú meginregla með reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og skapar eða eflir yfirburðastöðu sem leiðir til umtalsverðrar hindrunar á virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

- 25) Í ljósi þess hvaða afleiðingar samfylkingar í fákeppnismarkaðskerfi geta haft er það þeim mun nauðsynlegra að viðhalda skilvirki samkeppni á slíkum mörkuðum. Á mörgum fákeppnismörkuðum ríkir heilbrigð samkeppni. Við vissar aðstæður geta þó samfylkingar, sem fela í sér afnám mikilvægra samkeppnishafna, sem samrunaaðilarnir hafa sett hver öðrum, og minnkandi samkeppnisþrýsting á samkeppnisaðilana sem eftir eru, leitt af sér verulegar hindranir á virkri samkeppni, jafnvel þó að ekki séu líkur á samræmingu á milli aðila í fákeppni. Dómstólar Bandalagsins hafa þó ekki fram til þessa túlkað það skýlaust svo að þess sé krafist samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylkingar, sem hafa slík ósamræmd áhrif, verði lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Vegna réttaröryggis skal því tekinn af allur vafi um það að í þessari reglugerð er heimilað skilvirkt eftirlit með öllum slíkum samfylkingum með því að kveða á um að allar samfylkingar, sem myndu hindra verulega virka samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Tülka ber hugtakið „umtalsverð hindrun virkrar samkeppni“ í 2. og 3. mgr. 2. gr. þannig að það taki, auk hugtaksins „yfirburðastaða“, eingöngu til samkeppnishamlandi áhrifa samfylkingar sem eru afleiðing ósamræmds atferlis fyrirtækja sem hafa ekki yfirburðstöðu á viðkomandi markaði.
- 26) Ef umtalsverðar hindranir eru í vegi fyrir virkri samkeppni er það venjulega afleiðing þess þegar yfirburðastaða myndast eða eflist. Til að varðveita þá leiðsögn, sem felst í fyrri dómum Evrópu dómstólanna og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89, og halda um leið samræmi við viðmiðanir um samkeppnisskaða sem framkvæmdastjórnin og dómstólar Bandalagsins hafa beitt varðandi það hvort samfylkingar samrýmst sameiginlega markaðnum, skal því koma á þeirri meginreglu með þessari reglugerð að lýsa skuli samfylkingu, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og myndi raska verulega virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum í kjölfar þess þegar yfirburðastaða myndast eða eflist, ósamrýmanlega sameiginlega markaðnum.
- 27) Auk þess skal beita viðmiðunum 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart fyrirtækjum um sameiginleg verkefni sem gegna til frambúðar og að öllu leyti hlutverki sjálfstæðra efnahagsseininga að svo miklu leyti sem stofnun þeirra leiðir til sýnilegrar takmörkunar á samkeppni á milli fyrirtækja sem verða áfram sjálfstæð.
- 28) Til að skýra og útskýra hvernig framkvæmdastjórnin metur samfylkingar samkvæmt þessari reglugerð er rétt að framkvæmdastjórnin birti leiðbeiningar þar sem gefinn er traustur efnahagsrammi fyrir mat á samfylkingum til að ákvarða hvort þær skuli lýstar samrýmanlegar sameiginlega markaðnum.
- 29) Við ákvörðun á áhrifum samfylkingar á samkeppni á sameiginlega markaðnum er rétt að tekið sé tillit til allra raka um líklega hagkvæmni sem viðkomandi fyrirtæki hafa fram að færa. Vera kann að sú hagkvæmni, sem næst með samfylkingu, vinni gegn áhrifum hennar á samkeppni og einkum hugsanlegum skaða sem neytendur hefðu annars getað orðið fyrir og samfylkingin myndi því ekki raska virkri samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningar um það við hvaða aðstæður hún getur tekið tillit til hagkvæmni við mat á samfylkingu.
- 30) Ef viðkomandi fyrirtæki breyta tilkynntri samfylkingu, einkum með því að taka á sig skuldbindingar í þeim tilgangi að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum, skal framkvæmdastjórninni heimilt að lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum með áorðnum breytingum. Slíkar skuldbindingar skulu vera í réttu hlutfalli við samkeppnisvandann og leysa hann algerlega. Einnig er rétt að samþykkja slíkar skuldbindingar áður en málsmeðferð er hafin þyki samkeppnisvandinn augljós og auðleysanlegur. Kveða þarf skýrt á um að framkvæmdastjórnin geti bundið ákvörðun sína skilyrðum og skyldum til að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki standi við skuldbindingar sínar, tímanlega og á skilvirkan hátt svo að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum. Tryggja skal gagnsæi og skilvirkt samráð við aðildarríkin og þriðju málssaðila, sem eru hagsmunaaðilar, þann tíma sem málsmeðferð stendur yfir.
- 31) Framkvæmdastjórnin skal hafa yfir að ráða viðeigandi gerningum til að tryggja að staðið sé við skuldbindingar og bregðast við aðstæðum þar sem það er ekki gert. Ef skilyrði, sem er bundið ákvörðun um að lýsa samfylkingu samrýmanlega sameiginlega markaðnum, er ekki uppfyllt skapast ekki þær aðstæður sem gera samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum og samfylkingin, eins og hún er framkvæmd, hlýtur því ekki heimild framkvæmdastjórnarinnar. Af því leiðir að ef samfylkingin kemur til framkvæmda skal hún fá sömu meðferð og samfylking sem ekki hefur verið tilkynnt og hefur verið framkvæmd án heimildar. Ef framkvæmdastjórnin hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að samfylkingin myndi ekki samrýmst sameiginlega markaðnum að óuppfylltu skilyrði skal hún enn fremur hafa heimild til þess að gefa bein fyrirmæli um að samfylkingin verði leyst upp og færa til fyrra horfs aðstæðurnar sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda. Ef skylda, sem tengist ákvörðun um að lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum, er vanrækt skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að afturkalla ákvörðun sína. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin geta lagt á hæfilegar fjársektir ef skilyrðum er ekki fullnægt eða skyldur eru ekki uppfylltar.

- 32) Ganga má út frá því að samfylkingar, sem eru ekki líklegar til að hindra virka samkeppni vegna takmarkaðrar markaðshlutdeildar viðkomandi fyrirtækja, séu samrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Fari markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja ekki yfir 25%, hvorki á sameiginlega markaðnum né á vireulegum hluta hans, bendir það einkum til þess að sú sé raunin, með fyrirvara um 81. og 82. gr. sáttmálans.
- 33) Framkvæmdastjórnin skal hafa það hlutverk að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir til að ákveða hvort samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins, séu samrýmanlegar sameiginlega markaðnum eða ekki, svo og ákvarðanir sem miða að því að endurvefja aðstæður sem voru fyrir hendi áður en samfylking, sem hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, kemur til framkvæmda.
- 34) Til að tryggja skilvirkt eftirlit skal skylda fyrirtæki til að tilkynna fyrir fram um samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins, eftir að gerður hefur verið samningur, yfirtökubod auglúst eða ráðandi hlutar aflað. Einnig skal vera mögulegt að tilkynna um þær þegar viðkomandi fyrirtæki veita framkvæmdastjórninni fulla vissu fyrir því að þau hafi í hyggju að ganga til samninga um fyrirhugaða samfylkingu og sýna framkvæmdastjórninni fram á að áætlun þeirra um þá fyrirhuguðu samfylkingu sé nægilega fastmótud, t.d. á grundvelli samnings í grundvallaratriðum, viljayfirlýsingar eða samningsdraga sem öll hlutaðeigandi fyrirtæki undirrita, eða, þegar um er að ræða yfirtökubod, þegar þau hafa tilkynnt opinberlega að þau hyggist gera slíkt tilboð, að því tilskildu að fyrirhugaður samningur eða yfirtökubod leiði til samfylkingar sem varðar hagsmuni Bandalagsins. Fresta ætti framkvæmd samfylkingar þar til lokaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar liggur fyrir. Það skal þó vera mögulegt að veita undanþágu frá þessari frestun að beiðni hlutaðeigandi fyrirtækja, ef við á. Við ákvörðun um hvort veita skuli undanþáguna ber framkvæmdastjórninni að taka tillit til allra þátta sem máli skipta, s.s. hvers eðlis og hve alvarlegur skaðinn er sem samfylkingin veldur hlutaðeigandi fyrirtækjum eða þriðju mál aðilum, svo og til þess að samkeppni kann að stafa ógn af samfylkingunni. Til að réttaröryggis sé gætt verður eigi að síður að vernda lögmæti viðskiptanna eins og þörf krefur.
- 35) Ákveða skal þann frest sem framkvæmdastjórnin hefur til að hefja málsmeðferð varðandi tilkynnta samfylkingu og þann frest sem hún hefur til að taka lokaákvörðun um það hvort hún sé samrýmanleg eða ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum. Framlengja skal þessa fresti þegar viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar í því skyni að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum svo að nægur tími gefist fyrir greiningu og markaðspröfun slíkra skuldbindinga og fyrir samráð við aðildarríkin og þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta. Einnig skal vera mögulegt að framlengja tímabundið frestinn sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka lokaákvörðun sína svo að nægur tími gefist til að rannsaka málið og sannprófa þær staðreyndir og þau rök sem hafa verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina.
- 36) Bandalagið virðir þau grundvallarréttindi og fylgir þeim meginreglum sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi⁽⁶⁾. Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hlíðsjón af þeim réttindum og meginreglum.
- 37) Veita skal hlutaðeigandi fyrirtækjum rétt til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni þegar málsmeðferð er hafin. Auk þess skal veita framkvæmdastjórn, öðrum stjórnendum, viðurkenndum fulltrúum starfsmanna viðkomandi fyrirtækja og þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri til að flytja mál sitt.
- 38) Til að geta lagt rétt mat á samfylkingar skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að krefjast allra nauðsynlegra upplýsinga og gera allar nauðsynlegar athuganir hvarvetna í Bandalaginu. Í því skyni, og með það fyrir augum að vernda samkeppni á skilvirkan hátt, er nauðsynlegt að auka vald framkvæmdastjórnarinnar til rannsókna. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi heimild til að ræða við hvern þann sem gæti búið yfir gagnlegum upplýsingum og skrá framburð hans.
- 39) Við athugun skulu embættismenn, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, hafa heimild til að falast eftir upplýsingum sem varða efni og tilgang athugunarinnar. Þeir skulu einnig hafa rétt til að setja innsigli á meðan á athugun stendur, einkum við aðstæður þar sem gild ástæða er til að ætla að samfylking hafi komið til framkvæmda án þess að tilkynnt væri um hana, að framkvæmdastjórninni hafi verið veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða að viðkomandi fyrirtæki eða aðilar hafi ekki uppfyllt skilyrði eða skyldur sem hefur verið lögð á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Innsigli skulu þó einungis notuð í undantekningar-tilvikum og í þann tíma sem er algerlega nauðsynlegur vegna athugunarinnar, að jafnaði ekki lengur en 48 klukkustundir.
- 40) Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstólsins er einnig rétt að tiltaka hversu langt eftirlit innlendra dómsmálafyrivalds má ganga þegar það heimilar, eins og mælt er fyrir um í landslögum og einnig sem varúðarráðstöfun, aðstoð löggæsluyfirvalda við að vinna bug á andstöðu sem fyrirtæki kann að sýna gegn athugun, þ.m.t. við innsigliun sem gefin eru fyrirmæli um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Samkvæmt dómaframkvæmd er innlendra dómsmálafyrirvöldum heimilt að óska eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjórninni sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirliti sínu, en án slíkra upplýsinga gætu þau sýnað um heimildina. Í dómaframkvæmd kemur einnig fram staðfesting á því að innlendir dómstólar séu þar til bærir að hafa eftirlit með beitingu innlendra reglna um framkvæmd þvingunarráðstafana. Lögþær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa virkt samstarf að því er varðar beitingu valds framkvæmdastjórnarinnar til rannsókna.

(6) Stjóð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

- 41) Þegar fyrirtæki og viðkomandi aðilar hlíta ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar er ekki hægt að þvinga þau til að viðurkenna að þau hafi framið brot en þó er þeim ætíð skylt að svara spurningum um staðreyndir og leggja fram skjöl jafnvel þótt þær upplýsingar megi nota til sönnunar á broti þeirra sjálfra eða annarra.
- 42) Vegna gagnsæis skal birta sem víðast allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem varða ekki málsmeðferð eingöngu. Jafnframt því að standa vörð um rétt hlutaðeigandi fyrirtækja til málsvarnar, og þá einkum rétt til aðgangs að málskjöllum, er mjög mikilvægt að virða viðskiptaleynd. Með sama hætti skal gæta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem skipst er á um netið og við lögbær yfirvöld í þriðju löndum.
- 43) Sé ekki farið að ákvæðum þessarar reglugerðar má beita sektum og féviti eins og við á. Veita ber dómstólum ótakmarkaða lögsögu að þessu leyti skv. 229. gr. sáttmálans.
- 44) Fylgjast ber með því hvaða skilyrðum samfylkingar, sem taka til fyrirtækja með aðsetur sitt eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins, eru háðar í þriðju löndum og kveða skal á um að ráðið hafi þann möguleika að veita framkvæmdastjórninni víðeigandi umboð til samningaviðræðna með það fyrir augum að slík fyrirtæki fái meðferð án mismununar.
- 45) Þessi reglugerð hefur á engan hátt áhrif á almenn réttindi starfsmanna, eins og þau eru viðurkennd í viðkomandi fyrirtækjum, einkum að því er varðar þá skyldu að upplýsa eða hafa samráð við viðurkennda fulltrúa sína samkvæmt lögum Bandalagsins og landslögum.
- 46) Framkvæmdastjórnin skal geta mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið. Við samþykkt slíkra framkvæmdarákvæða skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna eins og tilgreint er í 23. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. og 22. gr. gildir þessi reglugerð um allar samfylkingar er varða hagsmuni Bandalagsins eins og skilgreint er í þessari grein.

2. Samfylking varðar hagsmuni Bandalagsins þegar:

- heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 5 000 milljónir evra og

- heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvers um sig, fer yfir 250 milljónir evra,

nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

3. Samfylking, sem nær ekki viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., telst varða hagsmuni Bandalagsins ef:

- heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 2 500 milljónir evra og

- heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, fer yfir 100 milljónir evra,

- heildarvelta a.m.k. tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvers um sig, í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, sbr. b-lið, fer yfir 25 milljónir evra,

- heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvers um sig, fer yfir 100 milljónir evra,

nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

4. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli tölfræðilegra gagna sem aðildarríkin afhenda reglulega, skila ráðinu skýrslu, eigi síðar en 1. júlí 2009, um beitingu viðmiðunarmarka og viðmiðana sem eru sett fram í 2. og 3. mgr. og getur lagt fram tillögur skv. 5. mgr.

5. Í framhaldi af skýrslunni, sem um getur í 4. mgr., og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið, með auknum meirihluta, endurskoðað viðmiðunarmörkin og viðmiðanirnar sem um getur í 3. mgr.

2. gr.

Mat á samfylkingum

1. Leggja skal mat á samfylkingar, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, í samræmi við markmiðin með þessari reglugerð og eftirfarandi ákvæði með það fyrir augum að skera úr um hvort þær samrýmist sameiginlega markaðnum eða ekki.

Við slíkt mat skal framkvæmdastjórnin taka tillit til:

- þess að þörf er á að viðhalda og efla virka samkeppni á sameiginlega markaðnum, m.a. með hliðsjón af samsetningu allra viðkomandi markaða og raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni af hálfu fyrirtækja sem eru staðsett innan Bandalagsins eða utan þess,

b) markaðsstöðu viðkomandi fyrirtækja og efnahagslegs og fjárhagslegs styrks þeirra, kosta sem birgjar og notendur geta valið um, aðgangs þeirra að aðföngum eða mörkuðum, lagalegra hindrana eða annars sem hindrar aðgang, þróunar framboðs og eftirspurnar eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, hagsmuna milliða og neytenda og tækni- og efnahagsframfara, að því tilskildu að þetta sé neytendum til hagsbóta og hindri ekki samkeppni.

2. Samfylking, sem hindrar ekki virka samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða á verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst, skal lýst samrýmanleg sameiginlega markaðnum.

3. Samfylking, sem hindrar virka samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða á verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst, skal lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

4. Að því marki sem stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem telst samfylking skv. 3. gr., hefur það markmið eða þau áhrif að samræma samkeppnishæðun fyrirtækja sem halda áfram sjálfstæði sínu, skal meta slíka samræmingu á grundvelli viðmiðananna í 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans með það í huga að ákvarða hvort starfsemi samrýmist sameiginlega markaðnum eða ekki.

5. Við slíkt mat skal framkvæmdastjórnin einkum taka mið af eftirfarandi:

— hvort tvö eða fleiri móðurfyrirtæki haldi uppi umtalsverðri starfsemi á sama markaði og fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi, miðað við fyrirtækið um sameiginlegt verkefni, eða á nærliggjandi markaði sem er nátengdur honum,

— hvort samræmingin, sem er bein afleiðing þess að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni er stofnað, leiðir til þess að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi möguleika á að koma í veg fyrir samkeppni með tilliti til verulegs hluta framleiðslunnar eða þjónustunnar sem um er að ræða.

3. gr.

Skilgreining á samfylkingu

1. Samfylking telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar:

a) vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, eða

b) vegna þess að einn eða fleiri aðilar eða eitt eða fleiri fyrirtæki, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yfirráðum yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar, í heild eða að hluta, með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða með öðrum hætti.

2. Yfirráð yfir fyrirtæki skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem, annaðhvort sérstaklega eða samanlagt og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum sjónarmiðum, gerir það kleift að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:

a) eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,

b) rétti eða samningum sem hafa afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis.

3. Yfirráð öðlast aðilar eða fyrirtæki sem:

a) eru réttthafar eða eiga tilkall til réttar samkvæmt samningum þar að lútandi, eða

b) hafa heimild til að beita afleiddum rétti þótt þeir séu hvorki handhafar slíks réttar né eigi tilkall til réttar samkvæmt slíkum samningum.

4. Stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem gegnir til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar, skal teljast samfylking í skilningi b-liðar 1. mgr.

5. Samfylking telst ekki hafa átt sér stað þegar:

a) lánastofnanir eða aðrar fjármálastofnanir eða váttryggingafélög sem, þar sem viðskipti með verðbréf, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra fellur undir venjulega starfsemi, eiga tímabundið verðbréf sem þau hafa eignast í fyrirtæki með það fyrir augum að selja þau aftur, að því tilskildu að þau nýti sér ekki atkvæðisrétt sem fylgir þessum verðbréfum til að ákvarða samkeppnishæðun þess fyrirtækis eða að því tilskildu að þau nýti sér þennan atkvæðisrétt einungis til að undirbúa sölu viðkomandi fyrirtækis, í heild eða að hluta, eða eigna þess eða sölu þessara verðbréfa og að salan eigi sér stað innan árs frá því að bréfanna var aflað. Framkvæmdastjórnin getur framlengt þennan frest ef eftir því er leitað og slíkar stofnanir eða félög geta sýnt fram á að salan gat ekki með góðu móti farið fram innan tiltekins frests,

b) fulltrúi hins opinbera öðlast yfirráð yfir fyrirtæki samkvæmt lögum aðildarríkis um skiptameðferð, félagsslit, gjaldþrot, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða hliðstæða meðferð,

c) aðgerðir þær sem um getur í b-lið 1. mgr. eru gerðar af eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, á grundvelli g-liðar 3. mgr. 54. gr. sáttmáls um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð⁽⁶⁾, að því tilskildu þó að atkvæðisréttur, sem umræddur eignarhlutur veitir, sé nýttur, einkum að því er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórn fyrirtækjanna sem þau eiga hlut í, einungis til að halda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða, beint eða óbeint, samkeppnishæðun þessara fyrirtækja.

4. gr.

Fyrirframtilkynning um samfylkingar og vísun að beiðni tilkynningaraðila áður en tilkynnt er um þær

1. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins og eru skilgreindar í þessari reglugerð, áður en þær koma til framkvæmda en eftir að samningur er gerður, yfirtökubóð tilkynnt eða ráðandi hlutar aflað.

Einnig má senda tilkynningu þegar viðkomandi fyrirtæki sýna framkvæmdastjórninni fram á einlægan vilja sinn til að gera samning eða, ef um er að ræða yfirtökutilboð, þegar þau hafa tilkynnt opinberlega að þau hyggist gera slíkt tilboð, að því tilskildu að áformaður samningur eða tilboð leiði til myndunar samfylkingar sem varðar hagsmuni Bandalagsins.

Í þessari reglugerð skal hugtakið „tilkynnt samfylking“ einnig taka til áformaðra samfylkinga sem eru tilkynntar samkvæmt annarri undirgrein. Að því er varðar 4. og 5. mgr. þessarar greinar nær hugtakið „samfylking“ til samfylkinga sem eru áformaðar í skilningi annarrar undirgreinar.

2. Samfylking, sem verður til við samruna í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. eða með öflun sameiginlegra yfiráða í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr., skal tilkynnt sameiginlega af samrunaaðilum eða þeim sem fá sameiginleg yfiráð, eftir því sem við á. Í öllum tilvikum skal sá aðili eða fyrirtæki sem fær yfiráð yfir einu eða fleiri fyrirtækjum, að öllu leyti eða að hluta til, sjá um tilkynninguna.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar skal hún birta upplýsingar um að tilkynnt hafi verið um hana ásamt nöfnum viðkomandi fyrirtækja, upprunalandi þeirra, hvers eðlis samfylkingin er og til hvaða atvinnugreina hún nær. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja um varðveislu viðskiptaleyndarmála þeirra.

4. Áður en tilkynnt er um samfylkingu í skilningi 1. mgr. er aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr., heimilt að upplýsa framkvæmdastjórnina um það, í rökstuddri greinargerð, að samfylkingin geti haft veruleg áhrif á samkeppni á markaði í aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar og því sé nauðsynlegt að aðildarríkið taki hana til skoðunar í heild eða að hluta.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda þessa greinargerð til allra aðildarríkja. Aðildarríkið, sem um getur í rökstuddu greinargerðinni, skal, innan 15 virkra daga frá viðtöku hennar, láta í ljós hvort það samþykkir eða andmælir beiðninni um að málinu sé vísað áfram. Taki aðildarríkið ekki slíka ákvörðun á þessum tíma telst það hafa veitt samþykki sitt.

Ef aðildarríkið lýsir ekki yfir andmælum getur framkvæmdastjórnin, ef hún telur að slíkur aðgreindur markaður sé til og að samfylkingin geti hafi veruleg áhrif á samkeppni á þeim markaði, ákveðið að vísa málinu, að öllu leyti eða að hluta, til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki með það fyrir augum að beita samkeppnislögum þess aðildarríkis.

Taka skal ákvörðun um hvort málinu skuli vísað áfram eða ekki, í samræmi við þriðju undirgrein, innan 25 virkra daga frá því að framkvæmdastjórnin tekur við rökstuddu greinargerðinni. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum, ásamt hlutaðeigandi aðilum eða fyrirtækjum, um ákvörðun sína. Taki framkvæmdastjórnin ekki ákvörðun innan þessa tíma er lítið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu áfram í samræmi við greinargerð viðkomandi aðila eða fyrirtækja.

Ef framkvæmdastjórnin ákveður, eða telst hafa ákveðið, samkvæmt þriðju og fjórðu undirgrein, að vísa málinu áfram að öllu leyti skal ekki senda neina tilkynningu skv. 1. mgr. og innlend samkeppnislög skulu gilda. Ákvæði 6.–9. mgr. 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

5. Að því er varðar samfylkingu eins og hún er skilgreind í 3. gr., sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins í skilningi 1. gr. og sem hægt er að endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum í minnst þremur aðildarríkjum, er þeim aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr., heimilt, áður en tilkynning er send til samkeppnis-yfirvalda, að senda framkvæmdastjórninni rökstudda greinargerð um að rétt sé að framkvæmdastjórnin taki samfylkinguna til skoðunar.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda þessa greinargerð til allra aðildarríkja.

Hvert aðildarríki, sem er þar til bært að taka samfylkinguna til skoðunar samkvæmt innlendum samkeppnislögum, getur, innan 15 virkra daga frá viðtöku rökstuddu greinargerðarinnar, lýst yfir andmælum gegn beiðninni um vísun málsins.

Ef a.m.k. eitt slíkt aðildarríki hefur, í samræmi við þriðju undirgrein, lýst yfir andmælum í samræmi við þriðju undirgrein innan 15 virkra daga skal ekki vísa málinu áfram. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna öllum aðildarríkjum og aðilum eða fyrirtækjum, sem málið varðar, um slík andmæli.

⁽⁶⁾ Stjótið. EB L 222, 14. 8. 1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjótið. EB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

Ef ekkert aðildarríki hefur lýst yfir andmælum, í samræmi við þriðju undirgrein innan 15 virkra daga, skal samfylkingin teljast varða hagsmunum Bandalagsins og skal tilkynna um hana til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. Við þær aðstæður skal ekkert aðildarríki beita sínum eigin samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

6. Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu um hvernig til hefur tekist með framkvæmd 4. og 5. mgr. eigi síðar en 1. júlí 2009. Í framhaldi af þessari skýrslu og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið, með auknum meirihluta, endurskoðað 4. og 5. mgr.

5. gr.

Útreikningur á veltu

1. Heildarvelta, í skilningi þessarar reglugerðar, skal fela í sér þær fjárhæðir sem viðkomandi fyrirtæki hafa fengið á undangengnu fjárhagsári fyrir sölu á vöru og veitta þjónustu sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækjanna, að frádrögnum söluafslætti, virðisaukaskatti og öðrum beinum veltusköttum. Til heildarveltu viðkomandi fyrirtækja skal ekki telja tekjur af sölu á vöru eða þjónustu á milli þeirra fyrirtækja sem um getur í 4. mgr.

Velta, innan Bandalagsins eða aðildarríkis, skal fela í sér tekjur af sölu á vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan Bandalagsins eða aðildarríkisins eftir því sem við á.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir það að ef samfylking er mynduð með öflun hluta úr einu eða fleiri fyrirtækjum, hvort sem stofnaðir eru lögaðilar eða ekki, skal einungis taka tillit til veltu þeirra hluta sem teljast til samfylkingarinnar, að því er söluaðila áhrærir.

Þó ber að líta á viðskipti í skilningi fyrstu undirgreinar, sem eiga sér stað tvisvar eða oftar á milli sömu aðila eða fyrirtækja á tveggja ára tímabili, sem eina og sömu samfylkinguna sem myndast þann dag sem síðustu viðskiptin áttu sér stað.

3. Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

a) þegar um er að ræða lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir, summu eftirtalinnu tekjuliða eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 86/635/EBE⁽⁷⁾, að frádrögnum virðisaukaskatti og öðrum sköttum sem tengjast þessum tekjuliðum beint, eftir því sem við á:

i) vaxtatekjur og áþekkar tekjur,

ii) tekjur af verðbréfum:

— tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun,

— tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum,

— tekjur af hlutum í eignartengdum fyrirtækjum,

iii) þóknunartekjur,

iv) hreinar tekjur af fjármálastarfsemi,

v) aðrar rekstrartekjur.

Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan Bandalagsins eða í aðildarríki skal telja tekjuliði, eins og skilgreint er hér að framan, sem koma frá útibúi eða deild stofnunarinnar í Bandalaginu eða viðkomandi aðildarríki, eftir því sem við á,

b) þegar um er að ræða váttryggingafélög, bókfærð brúttóiðgjöld sem eru allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga, sem váttryggingafélög hafa gert eða sem gerðir hafa verið fyrir þeirra hönd, þ.m.t. kostnaður vegna endurtryggingaiðgjalda, að frádrögnum sköttum og skattatengdum framlögum eða gjöldum sem eru álögd á grundvelli fjárhæðar einstakra iðgjalda eða heildarfjárhæðar iðgjalda; að því er varðar b-lið 2. mgr., b-, c- og d-lið 3. mgr. 1. gr. og niðurlag 2. og 3. mgr. 1. gr. skal taka tillit til brúttóiðgjalda frá íbúum innan Bandalagsins annars vegar og frá íbúum í einu aðildarríki hins vegar.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. skal heildarvelta viðkomandi fyrirtækis, í skilningi þessarar reglugerðar, reiknuð með því að leggja saman veltu:

a) viðkomandi fyrirtækis,

b) fyrirtækja þar sem viðkomandi fyrirtæki, beint eða óbeint:

i) á meira en helming af hlutafé eða rekstrarfé eða

ii) hefur heimild til að ráða yfir meirihluta atkvæðisréttar, eða

iii) hefur heimild til að skipa meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd félagsins, lagalega eða

iv) hefur rétt til að stjórna fyrirtækinu,

c) fyrirtækja sem hafa yfir að ráða þeim rétti eða heimildum sem tilgreint er í b-lið,

d) fyrirtækja þar sem fyrirtæki, sem um getur í c-lið, hefur þann rétt eða heimildir sem talin eru upp í b-lið,

e) fyrirtækja þar sem tvö eða fleiri fyrirtæki, sem um getur í a- til d-lið, hafa sameiginlega þann rétt eða heimildir sem eru tilgreind í b-lið.

⁽⁷⁾ Stjótið. EB L 372, 31. 12. 1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB.

5. Þegar reiknuð er út heildarvelta viðkomandi fyrirtækja samkvæmt þessari reglugerð þar sem fyrirtæki, sem falla undir samfylkinguna, hafa sameiginlega þann rétt eða heimildir sem um getur í b-lið 4. mgr. skal:

- a) ekki taka tillit til veltu sem er til komin vegna sölu á vöru eða þjónustu milli sameiginlega fyrirtækisins og einstakra fyrirtækja sem í hlut eiga eða neins annars fyrirtækis sem tengist einhverju þeirra eins og tilgreint er í b- til e-lið 4. mgr.,
- b) taka tillit til veltu sem er til komin vegna sölu á vöru og þjónustu milli sameiginlega fyrirtækisins og utanaðkomandi fyrirtækja. Veltufé þetta deilist jafnt á milli viðkomandi fyrirtækja.

6. gr.

Skoðun tilkynningar og upphaf málsmeðferðar

1. Framkvæmdastjórnin skal taka tilkynninguna til skoðunar strax eftir að hún berst.

- a) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal hún staðfesta það með ákvörðun.
- b) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar og gefi ekki tilefni til alvarlegra efasemda um það hvort hún samrýmist sameiginlega markaðnum, skal hún taka ákvörðun um að leggjast ekki gegn samfylkingunni og lýsa hana samrýmanlega sameiginlega markaðnum.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

- c) Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar og gefi tilefni til alvarlegra efasemda um að hún geti samrýmst sameiginlega markaðnum skal hún ákveða að hefja málsmeðferð, sbr. þó 2. mgr. Ljúka skal slíkri málsmeðferð með ákvörðun, eins og kveðið er á um í 1.-4. mgr. 8. gr., nema viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti, að mati framkvæmdastjórnarinnar, að þau hafi leyst upp samfylkinguna, sbr. þó 9. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, eftir að breytingar hafa verið gerðar hjá hlutaðeigandi fyrirtækjum, að samfylking, sem tilkynnt hafði verið um, gefi ekki tilefni til alvarlegra efasemda í skilningi c-liðar 1. mgr., skal hún lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum skv. b-lið 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt skv. b-lið 1. mgr. að binda ákvörðun sína skilyrðum og skyldum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki þær skyldur sem þau hafa tekist á hendur gagnvart framkvæmdastjórninni og miða að því að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. ef:

- a) ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á eða er fengin fram með blekkingum,

eða

- b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki skyldu sem tengist ákvörðuninni.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. getur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun skv. 1. mgr. án þess að vera bundin þeim fresti sem um getur í 1. mgr. 10. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína og einnig lögberum yfirvöldum aðildarríkjanna.

7. gr.

Tímabundin stöðvun samfylkingar

1. Samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins, eins og hún er skilgreind í 1. gr., eða sem framkvæmdastjórnin á að taka til skoðunar skv. 5. mgr. 4. gr., skal ekki koma til framkvæmda fyrr en tilkynnt hefur verið um hana og ekki fyrr en hún hefur verið lýst samrýmanleg sameiginlega markaðnum með ákvörðun skv. 6. gr. (b-liður 1. mgr.), 8. gr. (1. mgr.) eða 8. gr. (2. mgr.), eða á grundvelli ályktunar skv. 6. mgr. 10. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að yfirtökubod komi til framkvæmda eða að fram fari röð viðskipta með verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem breyta má í önnur verðbréf sem eru tekin til skráningar á markaði, t.d. kauphöll, og þannig aflað yfirráða í skilningi 3. gr. frá ýmsum söluaðilum, að því tilskildu að:

- a) þegar í stað sé tilkynnt um samfylkinguna til framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. gr. og
- b) kaupandinn nýti sér ekki þann atkvæðisrétt sem fylgir viðkomandi verðbréfum eða geri það einungis í þeim tilgangi að viðhalda fullu verðgildi þeirra fjárfestinga á grundvelli undanþágu sem framkvæmdastjórnin veitir skv. 3. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin getur, samkvæmt beiðni, veitt undanþágu frá skyldum þeim sem eru lagðar á með 1. og 2. mgr. Rökstyðja ber beiðni um undanþágu. Við afgreiðslu beiðinnar skal framkvæmdastjórnin m.a. taka tillit til áhrifa stöðvunarinnar á eitt eða fleiri fyrirtæki, sem hlut eiga að samfylkingu, eða á þriðja málsaðila og þeirrar hættu sem samkeppni stafar af samfylkingunni. Slíka undanþágu er heimilt að binda skilyrðum og skyldum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni. Heimilt er að sækja um og veita undanþágu hvenær sem er, jafnvel áður en tilkynnt er um samfylkingu eða eftir að viðskiptunum er lokið.

4. Gildi viðskipta, sem brjóta í bága við ákvæði 1. mgr., skal háð ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1., 2. eða 3. mgr. 8. gr. eða ályktun á grundvelli 6. mgr. 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa þó engin áhrif á gildi viðskipta með verðbréf, þ.m.t. breytanleg verðbréf, sem eru skráð á markaði á borð við kauphöll, nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi haft eða hefðu átt að hafa vitneskju um að viðskiptin brytu í bága við 1. mgr.

8. gr.

Ákvörðunarvald framkvæmdastjórnarinnar

1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. og, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli, að afstöðnum tilteknum breytingum sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa gert, viðmiðunina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. og, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum.

Framkvæmdastjórnin getur bundið ákvörðun sína skilyrðum og skyldum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki standi við skuldbindingar sem þau hafa tekist á hendur gagnvart framkvæmdastjórninni með það fyrir augum að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

3. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking uppfylli viðmiðanirnar, sem eru skilgreindar í 3. mgr. 2. gr., eða, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., að hún standist ekki viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist ekki sameiginlega markaðnum.

4. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking:

- a) sé þegar komin til framkvæmda og hafi verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum eða
- b) sé komin til framkvæmda þótt það brjótí í bága við skilyrði bundið ákvörðun, sem er tekin skv. 2. mgr., þar sem niðurstaðan er sú að samfylkingin standist viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr., að úppfylltu skilyrði, eða, í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., hún standist ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans,

er framkvæmdastjórninni heimilt að:

— krefjast þess að viðkomandi fyrirtæki leysi samfylkinguna upp, einkum með því að leysa upp samrunann eða ráðstafa öllum hlutabréfum eða eignum, sem aflað hefur verið, með það fyrir augum að færa aftur til fyrra horfs þær aðstæður sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda. Við kringumstæður þar sem ekki er mögulegt að endurheimta aðstæður, sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda, með því að leysa upp samfylkinguna, er framkvæmdastjórninni heimilt, að gera allar aðrar viðeigandi ráðstafanir til að færa aðstæður til fyrra horfs að svo miklu leyti sem unnt er,

— gefa fyriræmi um hvers konar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að viðkomandi fyrirtæki leysi upp samfylkinguna eða geri aðrar ráðstafanir til að færa aðstæður til fyrra horfs eins og krafist er í ákvörðun hennar.

Í tilvikum, sem falla undir a-lið fyrstu undirgreinar, er hægt að ákveða ráðstafanirnar, sem um getur í þeirri undirgrein, annaðhvort með ákvörðun skv. 3. mgr. eða með sérstakri ákvörðun.

5. Framkvæmdastjórnin getur gert bráðabirgða-ráðstafanir til að færa aftur til fyrra horfs eða viðhalda aðstæðum skilyrðum virkrar samkeppni þar sem samfylking:

- a) er komin til framkvæmda þótt hún brjótí í bága við 7. gr. og ákvörðun hafi enn ekki verið tekin varðandi það hvort samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum,
- b) er komin til framkvæmda þótt hún brjótí í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar,
- c) er þegar komin til framkvæmda og hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

6. Framkvæmdastjórnin getur afturkallað ákvörðun, sem hún hefur tekið í samræmi við 1. eða 2. mgr., ef:

- a) yfirlýsingin um samrýmanleika er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á eða þegar hún er fengin fram með blekkingum eða
- b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki skyldu sem tengist ákvörðuninni.

7. Framkvæmdastjórnin getur tekið ákvörðun skv. 1.–3. mgr. án þess að vera bundin þeim fresti sem um getur í 3. mgr. 10. gr. í tilvikum þar sem:

- a) hún kemst að raun um að samfylking sé komin til framkvæmda
 - i) þótt það brjótí í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða
 - ii) þótt það brjótí í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun, sem er tekin skv. 2. mgr. og í samræmi við 2. mgr. 10. gr., þar sem ákveðið er að verulegur vafi leiki á því, að úppfylltu skilyrði, hvort samfylkingin sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum eða
- b) ákvörðun hefur verið afturkölluð skv. 6. gr.

8. Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína og einnig lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna.

9. gr.

Vísun til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun sem hlutaðeigandi fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna er tilkynnt um án tafar, vísað samfylkingu, sem tilkynnt hefur verið um, til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki við eftirfarandi aðstæður.

2. Aðildarríki getur, innan 15 virkra daga frá því að það fær afrit af tilkynningunni, að eigin frumkvæði eða að boði framkvæmdastjórnarinnar, upplýst framkvæmdastjórnina, sem aftur skal upplýsa hlutaðeigandi fyrirtæki, um að:

- a) hætta sé á að samfylking hafi veruleg áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar eða
- b) samfylking hafi áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar og sem telst ekki verulegur hluti hins sameiginlega markaðar.

3. Telji framkvæmdastjórnin, með tilliti til markaðarins fyrir þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða og landfræðilega viðmiðunarmarkaðarins í skilningi 7. mgr., að um sé að ræða slíkan aðgreindan markað og slíka hættu skal hún annaðhvort:

- a) taka málið sjálf til meðferðar í samræmi við þessa reglugerð eða
- b) vísa málinu, í heild eða að hluta, til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki með það fyrir augum að ákvæðum samkeppnislaga þess verði beitt.

Líti framkvæmdastjórnin hins vegar svo á að ekki sé um að ræða slíkan aðgreindan markað eða hættu skal hún samþykka ákvörðun þess efnis sem hún skal beina til viðkomandi aðildarríkis og taka sjálf málið til meðferðar í samræmi við þessa reglugerð.

Þegar svo ber undir að aðildarríki upplýsir framkvæmdastjórnina, skv. b-lið 2. mgr., um að samfylking hafi áhrif á samkeppni á aðgreindum markaði á yfirráðasvæði þess, sem telst ekki vera verulegur hluti af sameiginlega markaðnum, skal framkvæmdastjórnin vísa málinu í heild, eða þeim hluta þess sem varðar aðgreinda markaðinn, til hlutaðeigandi aðildarríkis ef hún telur að áhrifanna gæti á aðgreinda markaðnum.

4. Ákvörðun um hvort vísa beri máli áfram eða ekki á grundvelli 3. mgr. skal tekin:

- a) að öðru jöfnu innan þess frests sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. hafi framkvæmdastjórnin ekki hafið málsmeðferð skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða

- b) innan 65 virkra daga hið mesta frá því að tilkynnt var um viðkomandi samfylkingu ef framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. án þess að gera undirbúningsráðstafanir fyrir samþykkt nauðsynlegra ráðstafana skv. 2., 3. eða 4. mgr. 8. gr. til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á viðkomandi markaði.

5. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun innan 65 virkra daga, eins og um getur í b-lið 4. mgr., þrátt fyrir áminningu af hálfu viðkomandi aðildarríkis, um vísun í samræmi við 3. mgr. eða gert undirbúningsráðstafanir, sem um getur í b-lið 4. mgr., skal lítið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu til hlutaðeigandi aðildarríkis í samræmi við b-lið 3. mgr.

6. Lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki skal taka ákvörðun um málið án óþarfra tafa.

Innan 45 virkra daga frá því að framkvæmdastjórnin visar málinu áfram skal lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki upplýsa viðkomandi fyrirtæki um niðurstöður bráðabirgðamats á samkeppni og hvaða frekari aðgerða hún hyggt grípa til ef einhverra. Viðkomandi aðildarríki getur, í undantekningartilvikum, lengt frestinn þegar viðkomandi fyrirtæki hafa ekki veitt þeim nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við innlend samkeppnislög aðildarríkisins.

Ef tilkynningar er krafist í landslögum skal 45 daga tímabilið hefjast á næsta virka degi eftir að lögbært yfirvald í því aðildarríki veitir endanlegri tilkynningu viðtöku.

7. Landfræðilegur viðmiðunarmarkaður er svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga hlut að framboði og eftirspurn á vöru eða þjónustu og samkeppnisskilyrði eru nægilega einsleit og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega ólík á þessum svæðum. Við mat á þessu skal einkum taka tillit til eðlis og einkenna viðkomandi vöru eða þjónustu til hugsanlegra aðgangshindrana eða neytenda-venja, greinilegs munar á markaðshlutdeild fyrirtækjanna á þessu svæði og nærliggjandi svæðum eða til verulegs verðmunar.

8. Þegar hlutaðeigandi aðildarríki beita ákvæðum þessarar greinar mega þau einungis gera allra nauðsynlegustu ráðstafanir til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á viðkomandi markaði.

9. Aðildarríki geta skotið máli til dómstólsins í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans og farið fram á að 243. gr. hans verði beitt með það fyrir augum að þau fái að beita sínum eigin samkeppnislögum.

10. gr.

Frestur til að hefja málsmeðferð og til ákvarðanatöku

1. Ákvarðanir þær sem um getur í 1. mgr. 6. gr. skulu teknar innan 25 virkra daga hið mesta, sbr. þó 4. mgr. 6. gr. Sá frestur skal hefjast á næsta virka degi eftir að tilkynning um samfylkingu berst eða, ef upplýsingarnar sem eiga að fylgja tilkynningunni eru ófullnægjandi, næsta virka dag eftir að fullnægjandi upplýsingar berast.

Lengja skal frestinn í 35 daga berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. eða ef viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. með það fyrir augum að gera samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum.

2. Taka skal ákvarðanir skv. 1. eða 2. mgr. 8. gr., varðandi samfylkingar sem tilkynnt hefur verið um, jafnskjött og í ljós kemur að alvarlegum efasemdum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr., hefur verið eytt, einkum eftir að viðkomandi fyrirtæki gera breytingar og í síðasta lagi áður en fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., rennur út.

3. Með fyrirvara um 7. mgr. 8. gr. skal taka ákvarðanir skv. 1. til 3. mgr. 8. gr. varðandi tilkynntar samfylkingar eigi síðar en 90 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst. Framlengja skal þennan frest í 105 virka daga ef viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar skv. annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. með það fyrir augum að samfylkingin geti samrýmist sameiginlega markaðnum, nema þessar skuldbindingar hafi verið boðnar fram innan 55 virkra daga frá því að málsmeðferð hófst.

Einnig skal framlengja frest, sem ákveðinn er í fyrstu undirgrein, ef tilkynnendur leggja fram beiðni um það eigi síðar en 15 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. Tilkynnendur geta aðeins einu sinni borið fram slíka beiðni. Einnig getur framkvæmdastjórnin, með samþykki tilkynningaraðila, framlengt frest, sem er settur samkvæmt fyrstu undirgrein, hvenær sem er eftir að málsmeðferð hefst. Samanlögð framlenging frests eða fresta, sem eru settir samkvæmt þessari undirgrein, skal ekki vera lengri en 20 virkir dagar.

4. Í undantekningartilvikum er heimilt að lengja tímabundið þá fresti sem eru settir með 1. og 3. mgr. ef framkvæmdastjórnin hefur þurft að krefjast upplýsinga með ákvörðun skv. 11. gr. eða gefa fyrirmæli um athugun með ákvörðun skv. 13. gr. vegna aðstæðna sem eitt af fyrirtækjunum í samfylkingunni ber ábyrgð á

Fyrsta undirgreinin skal einnig gilda um frestinn sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr.

5. Kveði dómstóllinn upp úrskurd sem ógildir, að nokkru eða öllu leyti, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem er háð fresti sem er settur í þessari grein, skal framkvæmdastjórnin taka samfylkinguna aftur til skoðunar með það fyrir augum að samþykka ákvörðun skv. 1. mgr. 6. gr.

Samfylkingin skal skoðuð aftur í ljósi gildandi markaðsaðstæðna.

Ef upphafleg tilkynning verður ófullnægjandi vegna þess að breytingar verða á markaðsaðstæðum eða upplýsingum, sem hafa verið veittar, skulu tilkynnendur þegar í stað leggja fram nýja tilkynningu eða viðbót við upphaflegu tilkynninguna. Hafi engar slíkar breytingar orðið skulu aðilarnir votta það án tafar.

Frestirnir, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu hefjast á næsta virka degi eftir viðtöku fullnægjandi upplýsinga í nýrri tilkynningu, viðbótartilkyningu eða vottun í skilningi þriðju undirgreinar.

Önnur og þriðja undirgrein skulu einnig gilda í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 6. gr. og 7. mgr. 8. gr.

6. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 6. gr. eða l., 2. eða 3. mgr. 8. gr. innan þess frests sem er tilgreindur í 1. mgr. annars vegar og 3. mgr. hins vegar skal liðið svo á að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, sbr. þó 9. gr.

11. gr.

Beiðni um upplýsingar

1. Til að framkvæmdastjórninni sé unnt að gegna þeim störfum, sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, getur hún krafist þess, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, að aðilarnir, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., sem og fyrirtæki og samtök fyrirtækja, veiti allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir einfalda beiðni um upplýsingar til aðila, fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað, ákveða skilafrest og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.

3. Ef framkvæmdastjórnin krefst þess, með ákvörðun, að aðili, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða skilafrest þeirra. Hún skal einnig skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 14. gr. og skýra frá eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 15. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að fá endurskoðun dómstólsins á ákvörðuninni.

4. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra og, þegar um lögáðila er að ræða, félög eða fyrirtæki eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögáðila, aðilar, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða stofnsamningi þeirra, skulu veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutaðeigandi fyrirtækis. Aðilum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hinir síðarnefndu bera engu að síður fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust senda afrit af öllum ákvörðunum, sem eru teknar skv. 3. mgr., til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir því landsvæði þar sem aðilinn, fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur og til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu sem þetta hefur áhrif á. Framkvæmdastjórnin skal einnig, komi sérstök beiðni um það frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríki, senda því yfirvaldi afrit af einföldum beiðnum um upplýsingar varðandi samfylkingu sem tilkynnt hefur verið um.

6. Ríkisstjórnir og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

7. Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum, sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögáðila, sem samþykkja slík viðtöl, í þeim tilgangi að safna upplýsingum er varða viðfangsefni rannsóknar. Í upphafi viðtals, sem taka má gegnum síma eða með öðrum rafrænum búnaði, skal framkvæmdastjórnin skýra frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki viðtalinu og tilganginum með því.

Ef viðtal er ekki tekið á athafnasvæði framkvæmdastjórnarinnar eða gegnum síma eða með öðrum rafrænum búnaði skal hún láta lögbært yfirvald aðildarríkisins, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu, þar sem viðtalið fer fram, vita af því fyrir fram. Fari lögbært yfirvald í því aðildarríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og öðrum aðilum, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að taka slíkt viðtal, til aðstoðar.

12. gr.

Athugin yfirvalda aðildarríkjanna

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, láta fara fram þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 13. gr. eða sem hún hefur gefið fyrirmæli um í ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr. Embættismenn lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á framkvæmd þessara athugana, sem og aðrir sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt skulu beita heimildum sínum í samræmi við landslög.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, geta veitt embættismönnum yfirvalds í aðildarríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athuginin fer fram, aðstoð ef framkvæmdastjórnin eða lögbært yfirvald í aðildarríkinu fer fram á það.

13. gr.

Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar við athuganir

1. Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa heimild til:

- a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land og inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,
- b) að skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,
- c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,
- d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl svo lengi og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,
- e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita heimildum sínum þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 14. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athuginin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem gefin eru fyrirmæli um samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athugininni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. og 15. gr., og réttinum til að fá endurskoðun dómstólsins á ákvörðuninni. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við lögbært yfirvald í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athuginin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir, sem hafa umboð eða eru tilnefndir af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athuginin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar, veita embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, dygga aðstoð. Í þessu skyni skulu þeir hafa þær heimildir sem tilgreindar eru í 2. mgr.

6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun, þ.m.t. með því að innsigla atvinnuhúsnæði, bókhald eða viðskiptaskjöl, sem gefin eru fyrirmæli um samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða sambærilegs löggæslufyrivalds til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.

7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.

8. Ef sótt er um heimild, eins og um getur í 7. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld tryggja að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé gild og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Við eftirlit með því að þvingunarráðstafanir séu í réttum hlutföllum geta innlend dómsmálayfirvöld óskað eftir nákvæmum skýringum frá framkvæmdastjórninni, beint eða fyrir milligöngu lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu, í tengslum við viðfangsefni athugunarinnar. Innendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar. Einungis dómstóllinn getur skoríð úr um það hvort ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé lögmæt.

14. gr.

Sektir

1. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun, sektað aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, um fjárhæð sem skal ekki fara yfir 1% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja í skilningi 5. gr. þegar þau, visvitandi eða af gáleysi:

- a) veita rangar eða villandi upplýsingar í greinargerð, vottorði, tilkynningu eða viðbót við hana skv. 4. gr., 10. gr. (5. mgr.) eða 22. gr. (3. mgr.),
- b) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 2. mgr. 11. gr.,
- c) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun sem er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,
- d) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 13. gr. eða neita að gangast undir athugun sem fyrirmæli hafa verið gefin um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,

e) að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við c-lið 2. mgr. 13. gr.,

— gefa rangt eða villandi svar,

— leiðrétta ekki, innan tilskilins frests sem framkvæmdastjórnin setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið eða

— svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem fyrirmæli eru gefin um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,

f) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 13. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun, sektað aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., eða viðkomandi fyrirtæki, um fjárhæð sem skal ekki fara yfir 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis í skilningi 5. gr. þegar þau, visvitandi eða af gáleysi:

a) tilkynna ekki um samfylkingu í samræmi við 4. gr. eða 3. mgr. 22. gr. áður en hún kemur til framkvæmda, hafi þau ekki skýrt umboð til þess skv. 2. mgr. 7. gr. eða ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 7. gr.,

b) láta samfylkingu, sem brýtur í bága við 7. gr., koma til framkvæmda,

c) láta samfylkingu koma til framkvæmda sem hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, með ákvörðun skv. 3. mgr. 8. gr., eða sem gera ekki þær ráðstafanir sem fyrirmæli eru gefin um með ákvörðun skv. 4. eða 5. mgr. 8. gr.,

d) uppfylla ekki skilyrði eða skyldu sem hefur verið lögð á með ákvörðun skv. 6. gr. (b-lið 1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 8. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.).

3. Við ákvörðun á fjárhæð sektarinnar skal taka tillit til þess hvers eðlis brotið er, hve alvarlegt það er og hve lengi það hefur staðið yfir.

4. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1., 2. og 3. mgr., varða ekki við hegningarlög.

15. gr.

Févíti

1. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun, lagt á aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, févíti sem fer ekki yfir 5% af meðaltali daglegrar heildarveltu viðkomandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, í skilningi 5. gr., fyrir hvern virkan dag sem telst töl, sem reiknast frá þeim degi sem er tiltekinn í ákvörðuninni, til að þvinga þau til:

a) að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur krafist með ákvörðun skv. 3. mgr. 11. gr.,

b) að gangast undir athugun sem framkvæmdastjórnin hefur gefið fyrirmæli um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,

- c) að uppfylla skyldu sem hefur verið lögð á með ákvörðun skv. 6. gr. (b-lið 1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 8. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.) eða
- d) að taka tillit til ráðstafana sem gefin hafa verið fyrirmæli um með ákvörðun skv. 4. eða 5. mgr. 8. gr.

2. Þegar aðilar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa uppfyllt þá skyldu sem févítinu var ætlað að framfylgja getur framkvæmdastjórnin ákvarðað endanlega fjárhæð févítis lægri en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

16. gr.

Endurskoðun dómstólsins

Dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu í skilningi 229. gr. sáttmálans til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða féviti; honum er heimilt að fella niður, hækka og lækka álagða sekt eða féviti.

17. gr.

Þagnarskylda

1. Upplýsingar, sem aflað er með beitingu þessarar reglugerðar, skal einungis nota að því er varðar viðkomandi beiðni, rannsókn eða skýrslugjöf.

2. Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. (3. mgr.), 18. gr. og 20. gr. skulu framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir starfsmenn og aðrir aðilar sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum, ekki veita þær upplýsingar sem þeir hafa fengið við beitingu þessarar reglugerðar og falla undir þagnarskyldu,

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða kannana sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

18. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun, sem kveðið er á um í 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (2.–6. mgr.) og 14. og 15. gr., skal hún veita hlutaðeigandi aðilum, fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar og allt til samráðs við ráðgjafarnefndina, til að skýra frá sjónarmiðum sínum varðandi andmæli sem lögð hafa verið fram gegn þeim.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun skv. 3. mgr. 7. gr. og 5. mgr. 8. gr. án þess að gefa hlutaðeigandi aðilum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja fyrst tækifæri til að kynna sjónarmið sín, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin gefi þeim færi á því eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur tekið ákvörðun sína.

3. Í ákvörðun sinni skal framkvæmdastjórnin einungis að taka til greina þau andmæli sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Réttur til málsvarnar skal virtur að fullu í málsmeðferðinni. Aðgangur að máls skjölum skal vera heimill a.m.k. þeim aðilum sem beina hlutdeild eiga að málinu en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskipta- leyndarmál sín.

4. Framkvæmdastjórninni eða lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum er einnig heimilt að hlýða á mállutning annarra einstaklinga eða lögaðila, telji þau ástæðu til þess. Einstaklingar eða lögaðilar, sem sýna fram á að þeir eigi nægilega mikilla hagsmuna að gæta, einkum þeir sem sitja í stjórn og framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja, eða viðurkenndir fulltrúar starfsmanna þeirra, skulu eiga rétt á að gefa skýrslu, æski þeir þess.

19. gr.

Samstarf við yfirvöld í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin skal senda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum afrit af tilkynningum innan þriggja virkra daga og, eins fljótt og auðið er, afrit af mikilvægustu skjölunum sem henni hafa borist eða hún gefið út samkvæmt þessari reglugerð. Meðal slíkra skjala skulu vera skuldbindingar sem viðkomandi fyrirtæki bjóða fram gagnvart framkvæmdastjórninni með það fyrir augum að samfylking geti samrýmst sameiginlega markaðnum skv. 2. mgr. 6. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal beita þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í þessari reglugerð í nánu og stöðugu samstarfi við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem eiga rétt á að láta í ljós sjónarmið sín varðandi þessa málsmeðferð. Að því er varðar ákvæði 9. gr. skal hún afla upplýsinga frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, eins og um getur í 2. mgr. þeirrar greinar, og gefa því tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar, til að koma fram með sjónarmið sín allt þar til ákvörðun hefur verið samþykkt skv. 3. mgr. þeirrar greinar; í því skyni skal hún veita yfirvaldinu aðgang að máls skjölum.

3. Hafa skal samráð við ráðgjafarnefnd um samfylkingar áður en ákvörðun er tekin skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. eða 15. gr., að undanskildum bráðabirgða-ákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr.

4. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn eða tvo fulltrúa; ef þeir forfallast mega aðrir fulltrúar koma í þeirra stað. Að minnsta kosti einn fulltrúi aðildarríkis skal vera þar til bær að því er varðar samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.

5. Samráð skal fara fram á sameiginlegum fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til og stýrir. Fundarboðinu skal fylgja samantekt um hvert mál, sem taka á til umfjöllunar, og upplýsingar um helstu málsskjöl ásamt fyrstu drögum að ákvörðun. Fundinn skal ekki halda fyrr en 10 virkum dögum eftir að fundarboðið er sent út. Í undantekningartilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að stytta þennan frest, ef við á, til að komast hjá því að eitt eða fleiri fyrirtæki, sem eiga hlut að samfylkingu, verði fyrir alvarlegu tjóni.

6. Ráðgjafarnefndin skal skila álitni á drögum að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila álitni jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Álitnið skal vera skriflegt og skal það fylgja drögum að ákvörðuninni. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hlidsjónar.

7. Framkvæmdastjórnin skal senda þeim sem ákvörðuninni er beint til álit ráðgjafarnefndarinnar og ákvörðunina. Hún skal birta álitnið ásamt ákvörðuninni, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

20. gr.

Birting ákvarðana

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. og 15. gr., að frátöldum bráðabirgðaákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr., ásamt álitni ráðgjafarnefndarinnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; við birtinguna skal tekið tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

21. gr.

Beiting reglugerðarinnar og lögsaga

1. Einungis þessi reglugerð skal gilda um samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr., og reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1/2003⁽⁸⁾, (EBE) nr. 1017/68⁽⁹⁾, (EBE) nr. 4056/86⁽¹⁰⁾ og (EBE) nr. 3975/87⁽¹¹⁾ gilda ekki, nema í tengslum við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varða ekki hagsmuni Bandalagsins en hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samræma samkeppnishæðun fyrirtækja sem eru áfram sjálfstæð.

2. Með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins er framkvæmdastjórnin ein þar til bær að taka þær ákvarðanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

3. Aðildarríkin mega ekki beita innlendum samkeppnislögum sínum gagnvart samfylkingu sem varðar hagsmuni Bandalagsins.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um vald aðildarríkis til að gera nauðsynlegar rannsóknir þegar beita á ákvæðum 4. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. eða, eftir að máli hefur verið vísað til þess skv. b-lið, fyrstu undirgreinar 3. mgr. 9. gr. eða 5. mgr. 9. gr., til að gera þær ráðstafanir sem eru alveg nauðsynlegar vegna beitingar 8. mgr. 9. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. er aðildarríkjum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni aðra en þá sem eru tilteknir í þessari reglugerð og eru í samræmi við almennar meginreglur og önnur ákvæði í lögum Bandalagsins.

Líta skal á almannaöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur sem lögmæta hagsmuni í skilningi fyrstu undirgreinar.

Viðkomandi aðildarríki ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll önnur hagsmunamál almennings og skal hún viðurkenna þau eftir að metið hefur verið hvort þau samrýmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum í lögum Bandalagsins áður en unnt er að gera ráðstafanirnar sem um getur hér að framan. Framkvæmdastjórnin skal gera hlutaðeigandi aðildarríki grein fyrir ákvörðun sinni innan 25 virkra daga frá tilkynningunni.

⁽⁸⁾ Stjótið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjótið. EB L 175, 23. 7. 1968, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003 (Stjótið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Stjótið. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.

⁽¹¹⁾ Stjótið. EB L 374, 31. 12. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.

22. gr.

Vísun máls til framkvæmdastjórnarinnar

1. Eitt eða fleiri aðildarríki geta farið fram á að framkvæmdastjórnin taki til skoðunar samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr., sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins samkvæmt skilningi 1. gr. en hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og hætta er á að hefði veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina.

Slík beiðni skal lögð fram eigi síðar en 15 virkum dögum eftir þann dag sem tilkynnt var um samfylkinguna eða viðkomandi aðildarríki greint frá henni á annan hátt ef tilkynningar er ekki krafist.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögþærum yfirvöldum aðildarríkisins og viðkomandi fyrirtækjum tafarlaust um beiðni, sem berast skv. 1. mgr.

Önnur aðildarríki eiga rétt á að verða aðilar að í upphaflegu beiðninni innan 15 virkra daga frá því að tilkynning berst frá framkvæmdastjórninni um hana.

Alla innlenda fresti, sem varða samfylkinguna, skal fella tímabundið úr gildi uns skorið hefur verið úr um, í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í þessari grein, hvar samfylkingin skuli könnuð. Um leið og aðildarríki hefur veitt framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki eiga hlut að beiðninni skal tímabundinni niðurfellingu innlends frests ljúka.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða, í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir að fresturinn sem er settur í 2. mgr. rennur út, að taka samfylkingu til skoðunar ef hún telur að hún hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og hætta sé á að hún hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Taki framkvæmdastjórnin ekki ákvörðun innan þessa frests er litið svo á að hún hafi samþykkt ákvörðun um að taka samfylkinguna til skoðunar í samræmi við beiðnina.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öllum aðildarríkjum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Hún getur farið fram á að tilkynning verði lögð fram skv. 4. gr.

Aðildarríkið eða -ríkin, sem lögðu fram beiðnina, skulu ekki lengur beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

4. Ákvæði 2. gr., 4. gr. (2. til 3. mgr.), 5. og 6. gr. og 8. til 21. gr. skulu gilda þegar framkvæmdastjórnin tekur samfylkingu til skoðunar skv. 3. gr. Ákvæði 7. gr. skulu gilda svo fremi að samfylkingin hafi ekki komið til framkvæmda á þeim degi sem framkvæmdastjórnin upplýsir hlutaðeigandi fyrirtæki um að beiðni hafi verið lögð fram.

Sé tilkynningar skv. 4. gr. ekki krafist skal fresturinn til að hefja málsmeðferð, sem er settur í 1. mgr. 10. gr., hefjast næsta virka dag eftir að framkvæmdastjórnin tilkynnir hlutaðeigandi fyrirtækjum um að hún hafi ákveðið að taka samfylkinguna til skoðunar skv. 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að tilkynna einu eða fleiri aðildarríkjum um að hún telji samfylkingu uppfylla viðmiðanir 1. mgr. Í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin boðið því aðildarríki eða -ríkjum að leggja fram beiðni í samræmi við ákvæði 1. mgr.

23. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin hafa valdheimild til að mæla fyrir um:

- framkvæmdarákvæði varðandi form, efni og önnur atriði er varða tilkynningar og greinargerðir skv. 4. gr.,
- framkvæmdarákvæði varðandi fresti skv. 4. gr. (4. og 5. mgr.) og 7., 9., 10. og 22. gr.,
- málsmeðferð og fresti varðandi framlagningu og framkvæmd skuldbindinga skv. 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr.,
- framkvæmdarákvæði varðandi skýrslugjöf skv. 18. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna.

- Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina áður en hún birtir drög að framkvæmdarákvæðum og áður en hún samþykkir slík ákvæði.
- Samráð skal fara fram á fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til og stýrir. Fundarboðinu skulu fylgja drög að framkvæmdarákvæðunum. Fundinn skal ekki halda fyrr en 10 virkum dögum eftir að fundarboðið er sent út.
- Ráðgjafarnefndin skal skila álitum á drögum að framkvæmdarákvæðum, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar.

24. gr.

Samskipti við þriðju lönd

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfðeika almenns eðlis sem fyrirtæki þeirra eiga við að eiga í þriðju landi í tengslum við samfylkingar eins og skilgreint er í 3. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í fyrsta sinn eigi síðar en einu ári eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og eftir það með jöfnu millibili, semja skýrslu þar sem hún tekur til skoðunar, með tilliti til þeirra atriða sem um getur í 3. og 4. mgr., hvaða meðferð þau fyrirtæki fá sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins þegar um er að ræða samfylkingar í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillæmum, ef við á.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur, annaðhvort á grundvelli skýrslanna sem um getur í 2. mgr. eða á grundvelli annarra upplýsinga, að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins, fái ekki meðferð í þriðja landi sambærilega þeirri sem Bandalagið veitir fyrirtækjum frá því landi getur hún lagt tillögur fyrir ráðið um viðeigandi samningsumboð með það fyrir augum að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang í Bandalaginu, fái sambærilega meðferð.

4. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skyldur Bandalagsins eða aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðasamningum, hvort heldur er tvíhliða eða marghliða, sbr. þó 307. gr. sáttmálans.

25. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 og reglugerð (EB) nr. 1310/97 er felld úr gildi frá og með 1. maí 2004, sbr. þó 2. mgr. 26. gr.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2004.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

26. gr.

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. maí 2004.

2. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 gildir áfram um samfylkingar sem samið eða tilkynnt er um eða þegar yferráða hefur verið aflað í skilningi 1. mgr. 4. gr. Þeirrar reglugerðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sbr. þó einkum ákvæði um beitingu sem eru sett fram í 2. og 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 og 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1310/97.

3. Þegar um er að ræða samfylkingar, sem þessi reglugerð gildir um í tengslum við aðild nýrra ríkja, skal dagsetning aðildar koma í stað gildistöku dags þessarar reglugerðar.

Fyrir hönd ráðsins,

C. McCREEVY

forseti.

VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
1., 2. og 3. mgr. 1. gr.	1., 2. og 3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
—	2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	5. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	4. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
—	4. mgr. 3. gr.
5. mgr. 3. gr.	5. mgr. 3. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 4. gr.	—
—	Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 4. gr.
2. og 3. mgr. 4. gr.	2. og 3. mgr. 4. gr.
—	4.–6. mgr. 4. gr.
1.–3. mgr. 5. gr.	1.–3. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 5. gr.
a-liður 4. mgr. 5. gr.	a-liður 4. mgr. 5. gr.
Inngangsorð b-liðar 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	i-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Annar undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	ii-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Þriðji undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	iii-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Fjórti undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	iv-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
c-, d- og e-liður 4. mgr. 5. gr.	c-, d- og e-liður 4. mgr. 5. gr.
5. mgr. 5. gr.	5. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 6. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 6. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 6. gr.
c-liður 1. mgr. 6. gr.	Fyrsti málsliður c-liðar 1. mgr. 6. gr.
2.5. mgr. 6. gr.	2.5. mgr. 6. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.
3. mgr. 7. gr.	2. mgr. 7. gr.
4. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.
5. mgr. 7. gr.	4. mgr. 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	Annar málsliður c-liðar 1. mgr. 6. gr.
2. mgr. 8. gr.	1. og 2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
4. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
—	5. mgr. 8. gr.
5. mgr. 8. gr.	6. mgr. 8. gr.
6. mgr. 8. gr.	7. mgr. 8. gr.
—	8. mgr. 8. gr.
1.–9. mgr. 9. gr.	1.–9. mgr. 9. gr.
10. mgr. 9. gr.	—
1. og 2. mgr. 10. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
3. mgr. 10. gr.	Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
—	Annar málsliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
—	Önnur undirgrein 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 10. gr.
—	Önnur undirgrein 4. mgr. 10. gr.
5. mgr. 10. gr.	Fyrsta og fjórða undirgrein 5. mgr. 10. gr.
—	Önnur, þriðja og fimmta undirgrein 5. mgr. 10. gr.
6. mgr. 10. gr.	6. mgr. 10. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 11. gr.	—
3. mgr. 11. gr.	2. mgr. 11. gr.
4. mgr. 11. gr.	Fyrsti málsliður 4. mgr. 11. gr.
—	Annar og þriðji málsliður 4. mgr. 11. gr.
Fyrsti málsliður 5. mgr. 11. gr.	—
Annar málsliður 5. mgr. 11. gr.	3. mgr. 11. gr.
6. mgr. 11. gr.	5. mgr. 11. gr.
—	6. og 7. mgr. 11. gr.
12. gr.	12. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 13. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 13. gr.
a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	b-liður 2. mgr. 13. gr.
b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	c-liður 2. mgr. 13. gr.
c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	e-liður 2. mgr. 13. gr.
d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	a-liður 2. mgr. 13. gr.
—	d-liður 2. mgr. 13. gr.
2. mgr. 13. gr.	3. mgr. 13. gr.
3. mgr. 13. gr.	Fyrsti og annar málsliður 4. mgr. 13. gr.
4. mgr. 13. gr.	Þriðji málsliður 4. mgr. 13. gr.
5. mgr. 13. gr.	Fyrsti málsliður 5. mgr. 13. gr.
—	Annar málsliður 5. mgr. 13. gr.
Fyrsti málsliður 6. mgr. 13. gr.	6. mgr. 13. gr.
Annar málsliður 6. mgr. 13. gr.	—
—	7. og 8. mgr. 13. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.
a-liður 1. mgr. 14. gr.	a-liður 2. mgr. 14. gr.
b-liður 1. mgr. 14. gr.	a-liður 1. mgr. 14. gr.
c-liður 1. mgr. 14. gr.	b- og c-liður 1 mgr. 14. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
d-liður 1. mgr. 14. gr.	d-liður 1. mgr. 14. gr.
—	e- og f-liður 1. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 14. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 14. gr.
a-liður 2. mgr. 14. gr.	d-liður 2. mgr. 14. gr.
b- og c-liður 2. mgr. 14. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 14. gr.
3. mgr. 14. gr.	3. mgr. 14. gr.
4. mgr. 14. gr.	4. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 15. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 15. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.
a-liður 2. mgr. 15. gr.	c-liður 1. mgr. 15. gr.
b-liður 2. mgr. 15. gr.	d-liður 1. mgr. 15. gr.
3. mgr. 15. gr.	2. mgr. 15. gr.
16.–20. gr.	16.–20. gr.
1. mgr. 21. gr.	2. mgr. 21. gr.
2. mgr. 21. gr.	3. mgr. 21. gr.
3. mgr. 21. gr.	4. mgr. 21. gr.
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 21. gr.
3. mgr. 22. gr.	—
—	1–3. mgr. 22. gr.
4. mgr. 22. gr.	4. mgr. 22. gr.
5. mgr. 22. gr.	—
—	5. mgr. 22. gr.
23. gr.	1. mgr. 23. gr.
—	2. mgr. 23. gr.
24. gr.	24. gr.
—	25. gr.
1. mgr. 25. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 26. gr.
—	Önnur undirgrein 1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 25. gr.	2. mgr. 26. gr.
3. mgr. 25. gr.	3. mgr. 26. gr.
—	Viðauki

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Ákvæði bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningnum), um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni, gilda ásamt viðbættum 1-10 hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 1 með samningnum og öðrum ákvæðum hans. Samningurinn ásamt bókunum er birtur í C-deild Stjórnartíðinda, sbr. upphaflega auglýsingu nr. 32/1993 og breytingu með auglýsingu nr. 31/2000, svo og breytingu á samningnum frá 4. júní 2004.

Sama gildir um ákvæði bókunar 21-24 og 4.-7. gr. bókunar 25 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) sem upphaflega var birtur ásamt bókunum og viðaukum í C-deild Stjórnartíðinda, auglýsingu nr. 31/1993.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og snertir sérstaklega breytingu á bókun 4 með ESA-samningnum, öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn.

Breyting á bókun 4 er birt í C-deild Stjórnartíðinda en jafnframt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 1. júlí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR UM BREYTINGU Á BÓKUN 4 VIÐ SAMNINGINN MILLI EFTA-RÍKJANNA UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS MEÐ INNFÆRSLU NÝRRAR 13. GR. OG 22. GR. Í XIII. KAFLA III. HLUTA**

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN
KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingar á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem nefnist hér á eftir samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja¹.

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 um að bæta 13. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004 við í bókun 21 og bókun 24 við EES-samninginn,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

¹ (Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. kafla III. hluta í bókun 4 við saminginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

1. Eftirfarandi ný 13. gr. bætist við:

„13. gr.

Vald Eftirlitsstofnunar EFTA til að gera athuganir

1. Til að Eftirlitsstofnun EFTA geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin skv. 57. og 58. gr. EES-samningsins, með ákvæðum bókunar 24 og XIV. viðauka við EES-samninginn er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.
2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa heimild til:
 - a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land og inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,
 - b) að skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,
 - c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,
 - d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl svo lengi og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,
 - e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.
3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita heimildum sínum þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 14. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna samkeppnisyfirvöldum í EFTA-rikinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athuginin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara. Eftirlitsstofnun EFTA skal útvega þeim fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem munu taka þátt í athugininni í samræmi við 5. mgr. 8. gr. bókunar 24 við EES-samninginn, slíkt umboð.
4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem fyrirskipaðar eru samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athugininni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. og 15. gr., og réttinum til að skjóta ákvörðuninni til dómstólsins í samræmi við 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og viðeigandi ákvæði þessa samnings, einkum 36. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við samkeppnisyfirkvöld í EFTA-ríkinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir sem hafa umboð eða eru tilnefndir af lögbæru yfirvaldi í EFTA-ríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða Eftirlitsstofnunar EFTA, veita embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð Eftirlitsstofnunar EFTA, dygga aðstoð. Í þessu skyni skulu þeir hafa þær heimildir sem tilgreindar eru í 2. mgr.
6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun, þ.m.t. með því að innsigla atvinnuhúsnæði, bókhald eða viðskiptaskjöl, sem gefin eru fyrir máli um samkvæmt þessari grein skal hlutadeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða sambærilegs löggæsluyfirvalds til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.
7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.
8. Ef sótt er um þá heimild, eins um getur í 7. mgr., skulu innlend dómsmálayfirkvöld tryggja að ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Við eftirlit með því að þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brot geta innlend dómsmálayfirkvöld óskað eftir nákvæmum skýringum frá Eftirlitsstofnun EFTA, beint eða fyrir milligöngu lögbærs yfirvalds í EFTA-ríkinu, í tengslum við viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirkvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Eftirlitsstofnunar EFTA. Einungis EFTA-dómstólinn getur skorð úr um hvort lögmati ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sé lögmat.

2. Eftirfarandi ný 22. gr. bætist við:

„22. gr.

Vísun máls til Eftirlitsstofnunar EFTA

1. Eitt eða fleiri EFTA-ríki geta lagt fram beiðni um það að Eftirlitsstofnun EFTA kanni samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr. í gerðinni sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 139/2004), sem varðar ekki hagsmuni EFTA samkvæmt skilningi 1. gr. þeirrar gerðar en hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og hætta er á að hefði veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina Slík beiðni skal lögð fram eigi síðar en 15 virkum dögum eftir þann dag sem tilkynnt var um samfylkinguna eða viðkomandi EFTA-ríki greint frá henni á annan hátt ef tilkynningar er ekki krafist.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna lögbærum yfirkvöldum EFTA-ríkjanna og viðkomandi fyrirtækjum tafarlaust um beiðni, sem berast skv. 1. mgr. Annað EFTA-ríki skal rétt á að gerast aðilar að upphaflegu beiðninni innan 15 virkra daga frá því að tilkynning berst frá Eftirlitsstofnun

EFTA um upphaflegu beiðnina. Alla innlenda fresti, sem varða samfylkinguna, skal fella tímabundið úr gildi uns skorið hefur verið úr um, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessari grein, hvar samfylkingin skuli könnuð. Um leið og EFTA-ríki hefur veitt Eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki leggja fram beiðni ásamt öðrum lýkur tímabundinni niðurfellingu fresta.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að ákveða, í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir að fresturinn sem settur er í 2. mgr. rennur út, að kanna samfylkinguna ef hún telur að hún hafi áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna og hætta sé á að hún hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði EFTA-ríkis eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Taki Eftirlitsstofnun EFTA ekki ákvörðun innan þessa frests er litið svo á að hún hafi samþykkt ákvörðun um að kanna samfylkinguna í samræmi við beiðnina.

Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna öllum EFTA-ríkjunum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Hún getur farið fram á að tilkynning verði lögð fram skv. 1., 2. og 3. mgr. fyrirnefndrar gerðar og 4. og 5. gr. þessa kafla.

EFTA-ríki eða -ríkin, sem lögðu fram beiðnina, skulu ekki lengur beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

4. Ákvæði 2. gr., 4. gr. (2.-3. mgr.) og 5. gr. fyrirnefndrar gerðar og 6. gr. og 8.-21. gr. þessa kafla gilda í þeim tilvikum þegar Eftirlitsstofnun EFTA kannar samfylkingu í samræmi við ákvæði 3. mgr. Sé tilkynningar skv. 1., 2. og 3. mgr. 4. gr. fyrirnefndrar gerðar og 4. og 5. mgr. 4. gr. þessa kafla ekki krafist skal fresturinn til að hefja málsmeðferð, sem settur er í 1. mgr. 10. gr., hefjast næsta virka dag eftir að Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir hlutaðeigandi fyrirtækjum um að hún hafi ákveðið að kanna samfylkinguna skv. 3. mgr.

5. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að tilkynna einu eða fleiri EFTA-ríkjum um að hún telji samfylkingu fullnægja viðmiðunum 1. mgr. Í slíkum tilvikum getur Eftirlitsstofnun EFTA boðið því EFTA-ríki eða -ríkjum að leggja fram beiðni í samræmi við ákvæði 1. mgr.“

2. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig.

Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

Skjal um staðfestingu skal afhent til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.

3. Samningur þessi öðlast gildi sama dag og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 eða þegar öll skjöl um staðfestingu hafa verið afhent til vörslu hjá EFTA-ríkjunum, hvort sem síðar verður.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 4 júní 2004.

FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

Kjartan Jóhannsson

FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

Prins Nikolaus von Liechtenstein

FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS NOREGS

Bjørn Trygve Grydeland

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja.

1. gr.

19. gr. breytist þannig:

í stað „námuþreifar“ í b-lið 2. mgr. kemur: námuökutækis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 23 júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
645	15. júní	Samþykktir fyrir Veiðifélag Hornafjarðar	1412-1413
646	15. júní	Arðskrá fyrir Veiðifélag Gufuár	1414
647	22. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja	1414-1415
648	16. júní	Reglugerð um rétt lögmannna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu hér á landi	1415-1417
649	22. júní	Reglugerð um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2005/2006	1417-1418
650	22. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Naustahverfis I, Akureyri	1418
651	24. júní	Gjaldskrá Búnaðarsamtaka Vesturlands	1418-1419
652	1. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 593/1993, um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum	1419-1444
653	1. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum	1444-1451
654	1. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum	1452-1474
655	1. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið	1475-1480
656	23. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja	1480

